allt
HALLDÓRA BRAGADÓTTIR ARKITEKT:
Stórborgarbragur og bióstemning
• hús • fasteignir
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

TÓNLIST
SIGTRYGGUR BALDURSSON:
Trommar á úreld loftnet
FÓLK 30

VEITINGAR
ELÍS ÁRNASON:
Rekur eina veitingastaðinn í Hrísey
TILVERAN 12

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júní 2005 - 171. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Kaffihúsastelpan í Sjónvarpinu

Sjónvarpsmyndin The Girl in the Café, sem var tekin upp að miklum hluta hér á landi síðasta sumar, verður frumsýnd í Sjónvarpinu hinn 9. júlí. Myndin er úr smiðju Richards Curtis, sem skrifaði meðal annars handrit að myndunum Love Actually og Four Weddings and a Funeral.

SJÓNVARP 30

Íslandsmótið búið?

FH-ingar eru búnir að stinga af í Landsbankadeildinni eftir áttunda sigurleikinn í röð. Ekkert lið virðist eiga möguleika gegn meisturunum og fátt sem bendir til annars en að FH muni verja titilinn.

ÍÞRÓTTIR 20

Ófróður endurskoðandi

Eignatengsl forsætisráðherra við fyrirtæki sem kaupir banka af ríkisstjórninni eru ekki viðkvæm einkamál, segir Guðmundur Andri Thorsson. Honum finnst það ráðgáta hvers vegna Halldór Ásgrímsson hefur ekki fyrir löngu síðan losað sig við eign sína í þessum fyrirtækjum.

UMRÆÐAN 16

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Á vesturhelmingi landsins. Gæti dropað á austurhelmingnum síðdegis. Hiti 10-16 stig hlýjast austan til. VEÐUR 4

Þrjúhundruð og fimmtíu þúsund króna afsláttur
af sérvöldum bílum
TOYOTA
BETRI NOTAÐIR BÍLAR

Verðstríð ekki að baki

Hugsanlega sér fyrir endann á undirboðum á matvörumarkaði. Forsvarsmenn Bónuss og Krónunnar segja verðstríð alls ekki að baki. Hagfræðingur Landsbankans segir gylliboðin hafa haft mikil áhrif á verðbólgu.

EFNAHAGSMÁL „Það eru að ganga til baka lækkanir sem verið hafa í matvöru," segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. Hún segir kostaboð á matvöru, sem vegi þungt í vísitöluútreikningi, hafa mikið að segja. Bankinn spáir nú 0,4 prósenta verðbólgu milli mánaða, en þar er meðal annars horft til hækkana á matvöru.

„Ég get ekki tekið undir að verðstríðið sé búið. Auðvitað er enn tekist á um hverjir eru ódýrastir. Við hættum ekki í þessu stríði," segir Hróar Björnsson, rekstrarstjóri Krónunnar. „Það er samt greinilegt að Krónan og Bónus eru að slást um þetta og alveg óhætt að segja að Kaskó og Nettó hafi bakkað út úr slagnum. Við erum búnir að skilgreina okkur sem lágvöruverslun og það kostar áframhaldandi átök."

EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, tekur í svipaðan streng en telur þó einsýnt að minna verði um undirboð á borð við að fólk fái mjólkurlítrann á krónu, eða jafnvel gefins. „Ég held að svona bullverð sé úr sögunni, að minnsta kosti tímabundið. Þetta snýst náttúrlega um stöðugt lágt verðlag, enda skiptir það neytandann mestu máli," segir hann og telur augljóst að lágvöruverslanir haldi áfram að veita hverri annarri aðhald. Guðmundur segir blöðin full af auglýsingum matvöruverslana þar sem afslættir og lágt vöruverð er kynnt.

Edda Rós segir að undanfarið hafi fasteignaverð einna helst ýtt undir verðbólgu, en nú komi einnig inn hærra bensínverð og hækkun á verði matvöru. Hún segir almennt gert ráð fyrir því að Seðlabankinn hækki stýrivexti um hálft prósent til viðbótar í september til þess að bregðast við aukinni verðbólgu.

olikr@frettabladid.is



PYNTINGUM MÓTMÆLT Íslandsdeild Amnesty International stóð fyrir mótmælum á Austurvelli í gær. Þar gátu vegfarandur sett sig í spor fanga í Guantanamo-fangabúðunum. Sjá síðu 4.

Aðjúnkt við Háskóla Íslands um sölu á Búnaðarbanka:

Fjármálaeftirlitið blekkt

VIÐSKIPTI „Það var verið að blekkja Fjármálaeftirlitið og þá sem áttu bankann með Eglu," segir Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands, um kaup þýska bankans Hauck og Aufhäuser á hlut í Búnaðarbankanum en þýski bankinn var hluti af S-hópnum svokallaða í gegnum fyrirtækið Eglu hf.

Vilhjálmur segir að þegar Búnaðarbankinn var seldur til S-hópsins var ljóst að þýski bankinn fór með virkan eignarhlut. Ef aðrir hefðu átt þennan hlut, hefði átt að greina frá því. „Ef virkur eignarhlutur er stærri en gefið er upp, er hluthafaskráin röng," segir Vilhjálmur.

Umræddar upplýsingar komu fram í skýrslu ríkisendurskoðunar vegna sölu á ríkisbönkunum. Hvergi er minnst á kaupin á hlut í Búnaðarbankanum í ársreikningi þýska bankans sem þykir enn frekari vísbending um að bankinn hafi ekki verið raunverulegur eigandi bréfanna.

Ekki náðist í Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, í gær. -hb

JÓN KR. ÓLAFSSON Tróð þrisvar upp á hátíðinni Bíldudals grænar um helgina.

Bíldudals grænar:

Jón Kr. aldrei sungið betur

HÁTÍÐ Sumarhátíðinni Bíldudals grænar lauk í gær. „Hátíðin fór alveg rosalega vel fram og var heill hellingur af fólki. Veðrið hefði hins vegar mátt vera ákjósanlegra. Ég söng þarna í þrígang. Það var mikið stuð hérna á Bíldudal alla helgina og alveg frábær stemmning," segir Jón Kr. Ólafsson söngvari sem fékk hól frá fólki sem sagði að hann hefði aldrei sungið betur en á hátíðinni í ár.

Hátíðin hófst á fimmtudag og fór nú fram í annað sinn.

Að sögn lögreglunnar á Patreksfirði var nóg að gera í bænum um helgina en ekki þurfti að hafa mikil afskipti af hátíðargestum, sem voru til fyrirmyndar. ■

Óvissuástand í Búlgaríu:

Enginn hefur meirihluta

SÓFÍA, AP Að loknum kosningum í Búlgaríu ríkir ákveðið óvissuástand með framhaldið. Sósíalistaflokkurinn fór með sigur af hólmi en hann hlaut tæpan þriðjung atkvæða. Flokkur forsætisráðherrans Simeon Saxcoburggotski hlaut hins vegar tæpan fimmtung atkvæða.

Sergei Stanisev, leiðtogi sósíalista, hefur farið fram á stjórnarmyndunarumboð en það er hins vegar alveg óvíst með hverjum sósíalistar geta hugsað sér að starfa. Stanishev útilokar samstarf með þjóðernissósíalistaflokknum ATAKA og lýsir því yfir að honum þyki afar ólíklegt að samstaða náist við flokk Saxcoburggotskis. ■

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU
hausverk
Miðvikudagar
Vlissingen / Holland
591 3000

SPURNING DAGSINS

Eiríkur, ætlarðu að taka slaginn?

„Ég segi bara góðan daginn!“

Bubbi Morthens bauð Eiríki Jónssyni, Mikael Torfasyni og Gunnari Smára Egilssyni í box-hringinn í kjölfar umfjöllunar vikuritsins Hér&Nú og DV um mál Bubba og fyrrum eiginkonu hans.

Bubbi Morthens íhugar málssókn:

Sakar 365 um ofbeldi og atvinnuróg

FJÖLMIÐAR Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens íhugar að fara í skaðabótamál við fyrirtækið 365 prentmiðla sem gefur út blaðið Hér og nú sem slegið hefur upp fréttum af einkalífi hans á forsíðu síðustu tveggja tölublaða. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Í viðtali við Stöð 2 sagðist Bubbi ekki geta samþykkt að hægt væri að beita sig og fjölskyldu sína ofbeldi í skjóli ritfrelsis. Forsíðufyrirsögn síðasta tölublaðs Hér og nú var „Brynja hélt framhjá Bubba“ en Brynja er fyrrverandi eiginkona Bubba.

Í vikunni þar á undan var forsíðufyrirsögnin „Bubbi fallinn“ og var skírkotun til þess að Bubbi væri byrjaður að reykja aftur. Í viðtalinu við Stöð 2 sagðist Bubbi hins vegar hafa reykt í eitt og hálft ár. Bubbi sagði tilgang umfjöllunarinnar vera að selja fólki það að hann væri byrjaður aftur að dópa en afkoma hans og trúverðugleiki byggist öll á því að hann sé edrú og því væri umfjöllunin atvinnuróg.

Fréttablaðið náði ekki í Bubba Morthens vegna málsins. - ifv

BUBBI MORTHENS Fer hugsanlega í mál við fyrirtækið 365 vegna umfjöllunar blaðsins Hér og nú um einkalíf sitt.

GEORGE W. BUSH Danir viðhafa mikla öryggisgæslu vegna heimsóknarinnar.

Danir bíða komu Bush:

Öryggi haft í hávegum

KAUPMANNAHÖFN George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, er væntanlegur í opinbera heimsókn til Danmerkur í byrjun næsta mánaðar áður en hann heldur á leiðtogafund iðnríkjanna í Skotlandi. Danir hafa gríðarlega öryggisgæslu vegna heimsóknarinnar þar sem þeir telja hryðjuverkamenn geta látið til skarar skríða þar sem annars staðar. Búist er við því að viðbúnaður dönsku lögreglunnar hafi sjaldan verið jafn mikill og hann verður við komu forsetans. ■

Barist gegn eiturlyfjum:

Sextíu tonn brennd á báli

AFGANISTAN Stjórnvöld í Afganistan brenndu í gær sextíu tonn af eiturlyfjum í sérstöku átaki stjórnarinnar gegn eiturlyfjum. Í gær var alþjóðlegur baráttudagur gegn eiturlyfjum og tóku stjórnvöld í Afganistan virkan þátt í baráttunni. Mest var brennt í höfuðborginni Kabúl en aðallega ópíum en einnig hass og heróín. Afganistan var talið vera leiðandi aðili í framleiðslu á ópíum í heiminum undir forystu Talíbana-stjórnarinnar. ■

Sjálfstæðisflokkur bætir við sig fylgi

Sjálfstæðisflokkurinn bætir verulega við sig fylgi í könnun Gallup í suðvestur- og suðurkjördæmi. Vinstri-grænir vinna einnig á en Samfylkingin og Frjálslyndir standa í stað.

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn bætir verulega við sig fylgi í suðvesturkjördæmi samkvæmt könnun Gallup frá því byrjun mánaðarins. Hann fengi 44 prósenta fylgi í kjördæminu samkvæmt könnuninni en fékk 38,5 prósenta fylgi í kosningunum 2003. Samfylkingin fengi 31,9 prósent en fékk 32,8 þegar kosið var síðast. Vinstri-grænir fengju 10,1 prósent og bæta við sig tæpum fjórum prósentustigum, fengu 6,2 í kosningunum, Framsóknarflokkur fengi 7,9 prósent en fékk 14,9 prósent 2003 og Frjálslyndir 6,1 prósent sem er aðeins minna en flokkurinn fékk í kosningunum en þá fékk hann 6,7 prósent.

Samtals svöruðu 244 í kjördæminu en könnunin var hluti af þjóðarpúlsi Gallup og voru niðurstöður hans um fylgi stjórnmálaflokkanna birtar á landsvísu í byrjun mánaðarins. Hafa ber í huga að þjóðarpúls Gallup mælir fylgi stjórnmálaflokka á landsvísu og niðurstöðurnar aðeins birtar fyrir landið í heild sinni. Fréttablaðið hefur fengið í hendur gögn sem unnin hafa verið úr könnuninni og sundurliðuð fyrir hvert kjördæmi. Samanburður af þessu tagi getur verið ónákvæmur þar sem um er að ræða tiltölulega lágt svarhlutfall í hverju kjördæmi fyrir sig.

Í suðurkjördæmi fengi Sjálfstæðisflokkurinn 38,7 prósent fylgi en hafði 29,2 prósent í síðustu kosningum og bætir því við sig tæpum 10 prósentustigum. Samfylkingin fengi 32,9 prósent en fékk 29,7 prósent í kosningum, Vinstri-grænir fengju 9,1 prósent en 4,7 prósent þegar kosið var, Framsóknarflokkurinn 14,6 prósent en 23,7 prósent í kosningunum og Frjálslyndir 4,9 prósent en höfðu 8,7 prósent í síðustu kosningum. Í suðurkjördæmi var byggt á 154 svörum.

Niðurstöður könnunarinnar fyrir norðvestur- og norðausturkjördæmi verða birtar í Fréttablaðinu á morgun.

hjalmar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ÞINGMENN SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Samkvæmt könnun Gallups fengi Sjálfstæðisflokkurinn 38,7 prósent fylgi í suðurkjördæmi en hafði 29,2 prósent í síðustu kosningum.

Listakonan Kogga:

Færir Alþingi kvennakraft

Listakonan Kolbrún Björgólfsdóttir, Kogga afhendir í dag Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, gjöf til þingsins í minningu 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Gjöfin er verk eftir Koggu sem nefnist kvennakraftur.

Það eru Femínistafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennasögusafn Íslands, Kvennakirkjan, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót og UNIFEM á Íslandi sem standa að gjöfinni til Alþingis. ■

Reykjavíkurborg:

Fjölgar Þjónustustöðvum

BORGARMÁL Fimm nýjar þjónustustöðvar tóku til starfa í hverfum Reykjavíkur á dögunum. Um er að ræða velferðarþjónustu, frístundaráðgjöf og verkefni á sviði menntamála. Á miðstöðvunum má nálgast alhliða upplýsingar um þjónustu borgarinnar.

Þá er hægt að sækja þar um ýmis konar þjónustu á borð við leikskólapláss, húsaleigubætur og heimaþjónustu. Einnig er veitt þar félagsleg og sálfræðileg ráðgjöf. Borgaryfirvöld segjast vilja með þessu gera þjónustu sína aðgengilegri fyrir íbúa og auka samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna. -bs

Pizza Hut
Frábær fjölskyldustaður
– frí áfylling á barnaísinn –
Láttu sjá þig :)
Nordica • Sprengisandi • Smáralind
www.pizzahut.is • 533 2000

Atlantshafsbandalagið kemur að deilum Ísraela og Palestínumanna:

Átti í viðræðum við deilendur

STJÓRNMÁL Atlantshafsbandalagið hefur átt í viðræðum við bæði Ísraelsmenn og Palestínumenn um þá málaleitan Palestínumanna að bandalagið komi að sáttaumleitan fyrir botni Miðjarðarhafs. Þetta kom fram í svari framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar alþingismanns á sumarfundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg fyrir helgi.

„Mönnum þótti afar merkilegt að heyra að nýlegar viðræður hefðu átt sér stað,“ segir Össur. Hann segir að Atlantshafsbandalagið hafi áður sagt að það kæmi ekki að deilunni með beinum hætti nema fyrir lægi samþykki beggja deiluaðila og skýrt umboð frá Sameinuðu þjóðunum.

„Nærvera Atlantshafsbandalagsins getur hins vegar skipt sköpum um frið og það hefur sýnt sig og sannað, til dæmis á Balkanskaga. Einnig ef deilendur eru sammála um einhvers konar hlutverk þess á tilteknu átakasvæði,“ segir Össur. -hb

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Spurði um aðkomu NATO að deilum Ísraela og Palestínumanna.

www.toyota.is

Við eigum afmæli
en þú færð gjafirnar

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS TOY 28720 06/2005

Þér er boðið í veislu í tilefni 35 ára afmælis Toyota á Íslandi.

Afmælisboðið verður haldið á Nýbýlavegi 4-8, frá 25.- 30. júní. Þar verður nóg um að vera:

- Ný lán frá Glitni fyrir allt að 90% af kaupverði.
- Allt að helmingur lántökugjalds felldur niður.
- Allir sem kaupa nýjan bíl fá flugmiða fyrir tvo með Icelandair.
- Allir afmælisgestir geta unnið ferðir á Formúluna eða á HM í frjálsum.
- Formúlubíll á staðnum og formúlugjafir fyrir þá sem reynsluaka.

Veitingar í boði alla vikuna.

Láttu sjá þig og hafðu engar áhyggjur af afmælisgjöfum, þær eru á staðnum.

Opið í dag frá kl. 10.00 til 18.00.

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.06.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	65,92	66,24
Sterlingspund	GBP	120,15	120,73
Evra	EUR	79,58	80,02
Dönsk króna	DKK	10,68	10,75
Norsk króna	NOK	9,97	10,03
Sænsk króna	SEK	8,45	8,50
Japanskt jen	JPY	0,60	0,61
SDR	XDR	96,41	96,99

Gengisvísitala krónunnar

112,16 +0,09%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

FÍB fer yfir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur:

Aðildarleysi FÍB áréttað

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Samkeppnisráð af kröfum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) og þrotabús Alþjóðlegrar miðlunar ehf., sem bauð um tíma bifreiðatryggingar. FÍB og þrotabúið vildu fá felldan úr gildi úrskurð úrskurðarnefndar samkeppnismála frá því í fyrra. Þar var FÍB og félaginu synjað um gögn þar sem þau áttu ekki aðild að málum.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir verið að fara yfir dóminn og ákvörðunar um áfrýjun sé að vænta á næstu vikum. Hann kvaðst sem fyrr undrandi á að FÍB skyldi, sem almannasamtök, ekki vera talið eiga hagsmuni að málinu. FÍB og Alþjóðleg miðlun vildu í upphafi fá afhent gögn sem lágu til grundvallar úrskurði Samkeppnisráðs um samráð tryggingafélaga.

„Sigur hefði í för með sér að stjórnvöld þyrftu að taka upp fyrri ákvarðanir og þarf væntanlega ákveðinn kjark hjá dómara til þess að taka ákvörðun um það," segir Runólfur og telur ekki útilokað að kjarkinn sé að finna í Hæstarétti. „Að minnsta kosti eru fleiri dómarar um hituna þar."

-óká

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RUNÓLFUR ÓLAFSSON Runólfur, sem er framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í kærumáli samtakanna á hendur Samkeppnisráði nokkur vonbrigði. Verið er að skoða mögulega áfrýjun.

RÚSTIR EINAR Írakar safnast í kringum brak bíls sem var sprengdur í borginni Samarra í gær. Níu létust í árásinni.

Rice skorar á Ísraela:

Ekki frekari landtökur

JERÚSALEM, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur beint þeim tilmælum til Ísraelstjórnar að hún hætti að stækka landtökubyggðir gyðinga á vesturbakka Jórdanar.

Hún segir að Bandaríkjastjórn ekki samþykkja nýjar byggðir gyðinga á svæðum Palestínumanna. Þetta tjáði hún ísraelskum stjórnvöldum nýverið í heimsókn sinni þar en stjórnvöld greindu frá þessu í gær. Ísraelsk stjórnvöld eru því á milli steins og sleggju enda háværar kröfur landtökumanna um að fá að leggja undir sig meira landsvæði. ■

Íslendingar til Palestínu:

Fimm þegar skráðir

HJÁLPARSTARF Hjá félaginu Ísland-Palestína er enn tekið við umsóknum um vist í alþjóðlegum æskulýðsbúðum í Nablus 20. júlí til 5. ágúst. Þegar hafa fimm verið skráðir.

Í búðunum, sem palestínsku læknahjálparsamtökin (UPRMC) standa að, tekur fólk á aldrinum 20 til 35 ára þátt í sjálfboðastarfi í gömlu borginni, flóttamannabúðum og þorpum í kringum Nablus. Þátttakendur greiða sjálfir fargjaldið til Palestínu, en UPRMC sér um húsnæði og veita 100 evrur í styrk fyrir mat og öðru tilfallandi. Í tilkynningu félags Íslands-Palestínu segir einnig að í undirbúningi sé þátttaka í alþjóðlegri kvennaráðstefnu í Jerúsalem dagana 12. til 16. ágúst.

-óká

Mótmæltu pyntingum

Íslandsdeild Amnesty International mótmælti yfriheyrsluaðferðum Bandaríkjastjórnar í Guantanamo-fangelsinu á Kúbu með uppákomu á Austurvelli í gær. Gestir og gangandi gátu sett sig í spor fanganna.

MÓTMÆLI „Það er lokað fyrir öll skynfæri fanganna í Guantanamo-fangelsinu á Kúbu með eyrnahlífum, rykgrímum og augnhlífum, svo eru þeir látnir sitja þannig í hnipri í allt að 45 mínútur. Við vildum leyfa fólki að kynnast því hvernig það er að verða fórnarlamb slíkra aðferða. Svo getur fólk spurt sig sjálft að því hvort um pyntingar sé að ræða," segir Jón Þór Ólafsson, forsvarsmaður aðgerðahópsins innan Amnesty International, sem stóð fyrir uppákomunni á Austurvelli í gær en 26. júní er alþjóðlegur dagur Sameinuðu þjóðanna til stuðnings fórnarlömbum pyntinga.

Jón segir að um 25 manns hafi kynnst aðferðum Bandaríkjastjórnar af eigin raun á Austurvelli í gær.

Viðstöddum gafst kostur á að skrifa undir áskorun þar sem skorað er á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að Bandaríkjastjórn gefi leyfi sitt til að fram fari rannsókn á öllum ásökunum um illa meðferð á föngum í Guantanamo og að hinir ábyrgu verði látnir svara til saka komi í ljós að í fangelsinu sé notast við ólöglegar aðferðir. Meira en 70 manns skrifuðu undir áskorunina og heldur undirskriftasöfnun áfram á næstunni. Áskorunin verður í kjölfarið send til íslensku ríkisstjórnarinnar.

„Meginkrafa Amnesty er að þeir sem bera ábyrgð á pyntingunum verði látnir svara til saka; að Amnesty eða svipuð samtök fái að skoða aðstæður í þessum fangabúðum og að eftirlitsfulltrúi SÞ fái óheftan aðgang að búðunum, í samræmi við alþjóðlegan samning sem bannar pyntingar, en honum hefur hingað til verið neitað um aðgang. Fjórða krafan er að þeir sem eru í haldi vegna stríðsins gegn hryðjuverkum fái réttláta málsmeðferð fyrir dómsstólum, og að þeir verði leystir úr haldi ef engar ákærur liggja fyrir að því loknu. Síðasta krafan er að Guantanamo verði lokað," segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, um kröfur nýs samræmds átaks Amnesty gegn pyntingum í heiminum sem hófst formlega í gær.

ingi@frettabladid.is

SKYNLEYSI Fólki sem var á Austurvelli í gær gafst kostur á að kynnast þeim aðferðum sem Bandaríkjastjórn notar á fanga sína á Kúbu en þær ganga út á að loka fyrir öll skilningarvit fanganna.

TÆKIÐ SKOÐAÐ Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og Hannes Þór Baldursson virða tækið fyrir sér.

Sjúkrahúsið í Neskaupstað:

Sneiðmyndatæki að gjöf

SJÚKRAHÚS Hollvinasamtök Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað gáfu nýverið sjúkrahúsinu tölvusneiðmyndatæki af fullkominni gerð.

Um tvo mánuði tók að koma tækinu fyrir þar sem brjóta þurfti niður veggi og samræma rými. Ekki hefur enn verið ráðinn geislafræðingur að FSN en unnið er úr myndgreiningum á hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Mikill sparnaður felst í því að þurfa ekki að senda sjúklinga norður eða suður til sneiðmyndatöku, en árlega hafa verið sendir um 500 sjúklingar í slíka meðferð.

- eg

ERLENT

FLUGVÉL SNÚIÐ VEGNA HNÍFS

Flugvél frá American Airlines sem lagði upp frá Chicago á leiðinni til Rómar var snúið við eftir að farþegi fann lítinn hníf um borð. Hnífurinn fannst um klukkustund eftir flugtak og var hann í poka sem innihélt teppi og kodda. Viðsnúningurinn var af öryggisástæðum samkvæmt talsmanni flugfélagsins því ekki var vitað hvernig hnífurinn komst í pokann.

Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskyggnin

–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu

• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar • góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

VEÐRIÐ Í DAG

ENN OG AFTUR RIGNING

Það er nokkuð myndarlegt úrkomusvæðið sem nú gengur yfir landið og gæti úrkoman úr því orðið allmikil vestan til á landinu. Austan til gæti dropað en líklega ekki fyrr en síðdegis. Ágæt hlýindi fylgja þessu kerfi.

EKKI VÆNLEGT FYRIR TJALDBÚA

Svona vatnsgusur eru ekkert voða spennandi fyrir þá fjölmörgu sem nú lifa tjaldbúðalífi. Það versta við þetta er að útlit er fyrir nokkuð vætusama tíð framundan einkum sunnan og vestan til en með uppstyttum!!

Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

Um hádegi



Á morgun



Nokkur vindur vestan til og austan, annars hægari.

Miðvikudagur



Nokkur vindur vestan til annars hægari. Úrkomulítið á landinu.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C	hálfskýjað	París	30°C	heiðskírt	Alicante	32°C	skýjað
Ósló	22°C	skúrir	Berlín	30°C	heiðskírt	Milano	31°C	heiðskírt
Stokkhólmur	22°C	skýjað	Frankfurt	32°C	heiðskírt	New York	26°C	skúrir
Helsinki	18°C	skúrir	Madrid	32°C	skúrir	San Francisco	19°C	léttskýjað
London	20°C	hálfskýjað	Barcelona	31°C	hálfskýjað	Orlando/Florida	34°C	hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Mér var hleypt út 28. janúar.

„Eftir að hafa setið inni í 3 ár með takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða tók Hive á móti mér með öllu því frelsi sem háhraðatenging og ótakmarkað niðurhal hefur upp á að bjóða.

Ég ætla aldrei aftur að láta taka mig svona í ...“

Matthías Emanúel Pétursson
Lambhóli við Ægissíðu, 107 Reykjavík

5.990*

HiveMax

Þráðlaust internet
Ótakmarkað niðurhal
Allt að 12Mb hraði

*Hive Max færir þér 12Mb tengingu, ótakmarkað niðurhal, þráðlaust internet og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 5.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive

KJÖRKASSINN

Ganga íslenskir fjölmiðlar of langt í umfjöllun um einkalíf fólks?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	82,76%
Nei	17,24%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á R-listinn að stilla upp á lista með opnu prófkjöri?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Skæðar sjálfsmorðsárásir í Írak:

Á fjórða tug fórst í Mosul

ÍRAK, AP Ekkert lát er á óöldinni í Írak. Í gær fórst á fjórða tug manna í sprengjuárásum í Bagdad og Mosul. Fyrst var pallbíl hlöðnum sprengiefni ekið inn í lögreglustöð í miðborg Mosul og létust 10 lögreglumenn í sprengingunni. Sprengiefnið var falið í vatnsmelónum sem hlaðið var á pall bílsins.

Tvær sjálfsmorðsprengjuárásir til viðbótar fylgdu síðar um daginn í borginni. Maður sprengdi sig í loft upp á bílastæði utan við höfuðstöðvar íraska hersins og varð 16 manns að bana og særði sjö til viðbótar. Þriðji árásarmaðurinn sprengdi sig svo í loft upp á spítala í borginni skömmu síðar og grandaði fimm lögreglumönnum og særði tólf. Mosul er þriðja stærsta borg Íraks, um 360 kílómetra norðvestan við Bagdad.

Sprengja grandaði einnig bandarískum hermanni í miðborg Bagdad í gærmorgun og særði tvo aðra. Að minnsta kosti 1735 bandarískir hermenn hafa þá látist síðan innrásin í Írak hófst í mars 2003. ■

ÍBÚÐARHÚS Í BAGDAD Í RÚST Sprengjuárásir urðu tugum að bana í Írak í gær.

Háskólinn á Akureyri:

Í samstarf við Kínverja

MENNTAMÁL Háskólinn á Akureyri hefur gert samning við kínverska háskólann University of Political Science and Law í Peking. Skólinn er einn virtasti lagaháskóli Kína og hefur á undanförnum fimmtíu árum útskrifað tíu þúsund lögfræðinga. Samningur milli skólanna tekur til nemenda- og kennaraskipta á komandi misserum og fyrst og fremst til félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri. Einnig er stefnt að samstarfi á sviði mannréttindamála og lagarannsókna.

-hb

MINNISVARÐI AFHJÆUPAÐUR Oddur Benediktsson, barnabarn Einars Ben, afhjúpaði minnisvarðann.

Minnsvarði á Höfða:

Aldarafmæli loftskeyta

TÆKNI Minnisvarði var afhjúpaður á Höfða í gær í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá því að fyrsta loftskeytið barst til Íslands. Hinn 26. júní árið 1905, komst landið í daglegt fréttasamband við útlönd og olli miklum þáttaskilum því þá urðu frjáls farskipti að veruleika hér á landi.

Loftskeytið barst frá Poldhu í Cornwall á Englandi til loftskeytastöðvar Marconi's Wireless Telegraph Company á Rauðará í Reykjavík þar sem í dag er Höfði.Oddur Benediktsson, barnabarn Einars Benediktssonar, afhjúpaði minnisvarðann, en Einar Bendiktsson var umboðsmaður Marconi-félagsins, sem sá um fyrstu loftskeytasendinguna hingað til lands. ■

ORKUVINNSLA

GASORKUVER RÍS Í NOREGI

Stjórn Naturkraft AS í Noregi samþykkti fyrir helgi að reisa fyrsta gasorkuverið sem byggt er í Noregi. Naturkraft er í eigu Norsk Hydro og Statkraft sem eiga helming hvort. Orkuverið verður hið fyrsta sinnar tegundar í Evrópu og sagt byggja á allra nýjustu tækni.

HÁHÝSI SEM EKKI RÍSA VIÐ SUÐURSTRÖND Skipulagstillögurnar sem kosið var um á Seltjarnarnesi um helgina urðu til í meðförum rýnihóps bæjarbúa og segir bæjarstjórinn sátt hafa verið í bæjarstjórninni um að bæta ekki þar við og sæta þeirri niðurstöðu sem bæjarbúar kysu.

Höfum brotið blað í skipulagsumræðu

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir marka tímamót að bæjarstjórnin á Seltjarnarnesi skuli hafa verið reiðubúin að leggja tvo skuldbindandi kosti í skipulagsmálum í hendur bæjarbúa. Hann er sáttur við kjörsóknina um helgina.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Skipulagstillagan sem varð ofan á í bindandi kosningu íbúa á Seltjarnarnesi um helgina gerir ráð fyrir heldur minni fjölgun íbúa á Nesinu en sú sem varð undir. Að sögn Jónmundar Guðmarssonar bæjarstjóra munar þar um 120 íbúum.

JÓNMUNDUR GUÐMARSSON

„Í búum fylgja skatttekjur, en við miðum auðvitað bara frekari útreikninga okkar og forsendur í fjármálum bæjarins við þá aukningu sem niðurstaða varð um," segir Jónmundur og fagnar því að niðurstaða skuli fengin í málinu. Hann segir bæjaryfirvöld ekki hafa uppi ráðagerðir um fjölgun annars staðar á Nesinu að svo stöddu. „Aðalskipulag bæjarins er þó vissulega í vinnslu, en viðurkennast verður að orðið er frekar fátt um fína drætti hvað þau mál snertir."

Jónmundur segir tvenns konar tímamót falin í kosningunni um helgina. „Annars vegar er blað brotið í skipulagsumræðu að bæjarstjórn skuli reiðubúin að leggja tvo skuldbindandi kosti í hendur íbúa að velja á milli. Það finnst mér vera eftirtektarverð nýbreytni. Því til viðbótar felast heilmikil tímamót í því fyrir okkur Seltirninga að fá niðurstöðu í málinu," segir hann, en lengi hefur verið deilt um skipulag á Hrólfsskálamel og Suðurströnd. „Við erum með þessu komin með umboð frá Seltirningum á kosningaaldri til þess að vinna að tilteknu skipulagi á svæðinu og ráðast í fyllingu tímans í framkvæmdir sem allir hafa beðið með óþreyju, en erfitt hefur verið að ná utan um hvernig menn vildu hafa."

Þá kveðst Jónmundur nokkuð sáttur við þátttöku í kosningunni, þó svo ef til vill hefði mátt búast við að hún yrði meiri miðað við hve málið hefur verið sagt mikið hitamál. „Mér finnst þó 52 prósent kjörsókn gefa til kynna að fólk hafi látið sig málið varða. Kannski var ekki svo mikill munur á fylgi við hvora tillögu fyrir sig en þó nægilegur til að niðurstaðan var afgerandi og skýr. Hún treystir þann grunn sem við byggjum frekari framkvæmdir á."

Sjá einnig umfjöllun um íbúalýðræði á síðu 14 **olikr@frettabladid.is**

SVÞ gagnrýna stjórnvöld:

Landbúnaður skuli breytast

VERSLUN Samtök verslunar og þjónustu telja óeðlilegt að viðhalda óhagkvæmu kerfi í landbúnaði hér á landi og hvetja stjórnvöld til þess að hefja skipulega breytingu á þessu kerfi. Það muni lækka matvöruverð og verða hagfellt fyrir þorra landsmanna.

Í yfirlýsingu segir að stjórnvöld geti hvenær sem er ákveðið breytingu. Ekki þurfi að bíða eftir því að alþjóðastofnanir knýi stjórnvöld til aðgerða.

„Jafnframt þarf að aðstoða landbúnaðinn við að umbreytast í sjálfbærar og rekstrarlega hagkvæmar einingar á sem skemmstum tíma," segir í yfirlýsingunni. ■

Lottó helgarinnar:

Einn fær tíu milljónir

GETSPÁ Einn var með allar tölur réttar í útdrætti lottótalnanna á laugardagskvöldið. Sá hlýtur fyrir vikið tæplega 10,2 milljónir króna í verðlaun.

Fjórir voru með fjóra rétta auk bónustölu, en fyrir það fær hver hinna heppnu 165.290 krónur.

Lottótölurnar á laugardaginn voru 7, 11, 15, 18 og 36. Bónustalan var 14. 73 voru með fjórar tölur réttar og fá rúmar 8.500 krónur og um 4.600 manns voru með þrjá og tvo plús bónustölu rétta. Heildarupphæð vinninga nam rúmum 13,8 milljónum króna.

Jókertölurnar voru 4, 9, 2, 6 og 2. Þar var einn með röðina rétta og fær 2 milljónir króna.

-óká

LAGERSALA

Ullarvörur á góðu verði

Opið dagana 27. júní – 1. júlí frá kl. 14 - 20

Verðdæmi:

Peysur	1.500,- til 4.000,-
Vesti	1.000,- til 3.000,-
Teppi	500,- til 5.000,-
Slár	3.000,- til 5.000,-
Sokkar	400,- til 800,-
Húfur	500,- til 1.500,-
Vettlingar	500,- til 1.500,-
Treflar	500,- til 2.000,-
Barnapeysur	1.000,- til 3.000,-

Tinna ehf - *Janus ehf*

Auðbrekka 21 - 200 Kópavogur

Landssöfnunin Neyðarhjálp úr norðri:

Rúmlega 200 milljónir söfnuðust

SÖFNUN Liðlega hundruð tuttugu milljónir króna söfnuðust í landssöfnuninni Neyðarhjálp úr norðri sem haldin var til styrktar fórnarlömbum hamfaranna við Indlandshaf en söfnunin hefur staðið yfir síðastliðið hálft ár.

Það voru Barnaheill á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, SOS-barnaþorpin og UNICEF-Barnahjálp sameinuðu þjóðanna sem fengu það hlutverk að úthluta því sem safnaðist til hamfarasvæðanna. Áður höfðu safnast um hundrað milljónir hér á landi og því má segja að framlag Íslendinga sé rúmlega tvö hundruð milljónir.

Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi, segir að söfnunin sé umfangsmesta söfnun sem haldin hefur verið hér á landi. „Þetta fór framar okkar vonum en við vissum í raun ekkert við hverju var að búast þannig þetta er afar ánægjulegt. Hjálparstarf og framlög geta áorkað miklu og við viljum hvetja fólk til að gefa áfram til bágstaddra."

HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR Hvetur fólk til að gefa áfram til bágstaddra.

-hb

Pioneer LOEWE. SHARP OLYMPUS NEC Nintendo Nikon QONIX SAMSUNG

Hljómfagur flutningur

Verslunarsvið Ormsson er nú í tvennu lagi:

Á gamla staðnum í Lágmúla eru nú sem áður öll eldhústækin og innréttingar, ásamt þvottavélum og þurrkurum, meðan hljómtækja- og skrifstofutækjadeildin er búin að hreiðra um sig í **Síðumúla 9**, þar sem Mál og Menning var til margra ára og Bílanaust þar á undan.
Þetta þýðir að nú fer betur um menn og tæki og **Pioneer**, **Sharp**, **Samsung**, **Olympus**, **Nikon**, **Nintendo**, **Jamo**, **Loewe** og öll hin gæðamerki Ormsson njóta sín nú sem aldrei fyrr og þjónustan sömuleiðis. Sama má segja um **AEG**, **HTH** innréttingar og önnur merki í Lágmúlanum.

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur í Síðumúla 9

Pioneer

PIONEER
Plasma veggsjónvarp

- Skjá stærð 43 tommur
- Skjá hlutfall 16:9 lóðrétt
- Litir 16.8 milljón (24 bita)
- Sjónsvið 160°
- Tengimöguleikar RGB, XGA, S-XGA, U-XGA og HDMI
- Litakerfi NTSC/PAL/SECAM

Verð:
Kr. 599.900

SHARP LCD VEGGSJÓNVÖRP

SHARP
LCD SJÓNVARP
LC15SH1E 15"
Verð:
Kr. 59.900

SHARP
LCD SJÓNVARP
LC20SH1E 20"
Verð:
Kr. 89.900

SHARP LCD SJÓNVARP
LC26GA5E 26"
Verð:
Kr. 189.900

KOMIÐ OG HLUSTIÐ Á HLJÓMTÆKI TENGD OG SÝND Í HEIMABÍÓBÁSUNUM OKKAR!

Heimsmarkaðshlutdeild í LCD veggsjónvörpum:

Skv. úttekt TIME magazine



Landsins besta úrval af veggsjónvörpum. Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

LOEWE.

LOEWE Xelos SL-32
- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 32" / 80 cm
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dílar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð:
Kr. 299.900

Pioneer
HEIMABÍÓ

PIONEER DCS 222
Tilboðserð:
Kr. 39.900

NINTENDO DS

Fjöldi frábærra leikja

NINTENDO DS
LEIKJATÖLVA
Verð:
Kr. 12.900

Pioneer

Frí ísetning!

PIONEER BÍLTÆKI
10% AFSLÁTTUR
PIONEER BÍLHÁTALARAR
20-25% AFSLÁTTUR

Öruggar og þægilegar sjóðvélar

SHARP

SHARP ER-A220
- 15/30 vöruflokkar • Allt að 500 PLU número • Hitaprentun • Íslenskur strimill • Rafrænn innri strimill

Tilboðsverð kr. 34.900,- m/vsk
[Áður: Kr. 41.900,-]

SAMSUNG

SAMSUNG
MP3-SPILARAR
Verð frá:
Kr. 14.900

SHARP skrifstofutæki
– þú gengur að gæðunum vísum.

SHARP
AL-1552
Prentari/skanni/ljósritunarvél
Tilboðsverð: Kr. 59.900

SHARP
AR-M160D
Prentari/skanni/ljósritunarvél
Tilboðsverð: Kr. 119.900

3ja ára ábyrgð

SHARP
SHARP PG-A10X
- Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN • Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 129.900 m/vsk

LÍTIÐ Í HEIMSÓKN

SHARP
SHARP PG-B10S
- Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð: Kr. 89.900 m/vsk

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

www.ormsson.is

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er fráfarandi rektor Háskóla Íslands?*

2 *Hvers lenskir eru þeir sem fóru hringferð um landið á vetnishjólum?*

3 *Hversu hátt hlutfall Íslendinga notar tölvu samkvæmt könnun Hagstofunnar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Ahmadinejad nýkjörinn forseti Íran:

Óbreytt kjarnorkuáætlun

TEHERAN, AP Mahmoud Ahmadinejad, nýkjörinn forseti Írans, lýsti því yfir á blaðamannafundi í gær að hann hygðist beita sér fyrir því að kjarnorkuáætlun landsins yrði haldið áfram.

Hann staðhæfði að kjarnorkan yrði þó aðeins notuð í friðsamlegum tilgangi. Stjórnvöld í Bandaríkjunum fullyrða hins vegar að það sé tilgangur Írana að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Í ræðu sinni sagði Ahmadinejad að honum væri sama þótt Bandaríkin væru ósátt með kjör hans, að Íran þyrfti ekki á stuðningi Bandaríkjanna að halda til frekari uppbyggingar, uppbygging í Íran myndi byggja á frelsi og mannréttindum fyrir alla.

Ahmadinejad, sem er fyrrverandi borgarstjóri Teheran, þykir afskaplega íhaldssamur og er fulltrúi afla í Íran sem Vesturlöndum hugnast ekki. Stjórnmálaskýrendur segja margir að kjör hans geri það nær útilokað að Íran færist í átt til meira frjálslyndis. Hann þótti hins vegar standa sig með prýði á þessum fyrsta blaðamannafundi sínum eftir kjörið. ■

MAHMOUD AHMADINEJAD Nýkjörinn forseti Írans talaði í gær á sínum fyrsta blaðamannafundi eftir að hann var kjörinn. Hann þótti standa sig með prýði.

Árekstur í Mývatnssveit:

Tveir á sjúkrahús

SLYS Harður árekstur varð á þjóðveginum við Geiteyjarströnd í Mývatnssveit í gærmorgun. Fólksbíll keyrði aftan á nærri kyrrstæðan fólksbíl á um hundrað km hraða að því er talið. Í bílunum voru fjórir farþegar, allir erlendir, tveir Þjóðverjar og tveir Austurríkismenn.

Lögreglan á Húsavík flutti farþega bifreiðanna á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík en ökumennina sakaði ekki. Meiðsl farþeganna voru ekki alvarleg og voru þeir útskrifaðir að lokinni skoðun.

-ifv

Umsóknarfrestur fyrir skólaárið 2005-2006 rennur út þriðjudagur 5. júlí.

LJÓSMYNDASKÓLI SISSU

LJÓSMYNDASKÓLI SISSU,
Hólmaslóð 6
101 Reykjavík.
GSM: 699 0162
www.ljosmyndaskolinn.is

Fuglaflensusmit í Japan

Meira en 800 hænsn hafa drepist úr fuglaflensu í Japan síðan í apríl. Flensan kom einnig upp í landinu í fyrra en þá drápust meira en 300 þúsund fuglar. Smit fannst í manni í Japan í fyrra en enginn hefur látist þar.

FUGLAFLENSA Fuglaflensusmit hefur greinst í hænsnum á bóndabæ í norðaustur Japan. Nú hafa allir flutningar á eggjum og fuglakjöti verið bannaðir frá svæðinu um stundarsakir þar til yfirvöld telja sig hafa tryggt að flensan breiðist ekki út. Bændur í nágrenninu hafa allir verið skyldaðir til þess að sótthreinsa hjá sér gripahús. Leitað hefur verið að smiti á bæjum í nágrenninu en ekkert fundist.

Meira en 800 hænsn hafa drepist á bænum síðan í apríl og hafa prófanir nú staðfest grun manna um að um fuglaflensusmit sé að ræða. Fuglarnir voru smitaðir með H5N2-afbrigði flensunnar sem er ekki jafn hættulegt og H5N1-afbrigðið, sem hefur orðið rúmlega fimmtíu manns að bana í Suðaustur-Asíu síðan 2003.

Hirofumi Kurita, landbúnaðarráðherra Japan, sagði í gær að flensuafbrigðið sem greindist í fuglunum sé ekki líklegt til að vera hættulegt mönnum. Engu síður hafa starfsmenn á býlum í nágrenninu verið skikkaðir í læknisskoðun til þess að ganga úr skugga um að smitið hafi ekki borist í menn. Um 300 þúsund fuglar drápust úr fuglaflensu í Japan í fyrra, eitt tilfelli greindist í manni en hann hefur náð bata.

HÆNSABÝLI SÓTTHREINSAÐ Hér bera verkamenn inn sótthreinsiduft sem er notað til þess að reyna að koma í veg fyrir að fuglaflensusmit berist á milli bæja.

HARALDUR BRIEM Full ástæða til að vera á varðbergi.

Haraldur Briem sóttvarnarlæknir segir að nokkur afbrigði af flensunni séu greinilega á ferðinni en munurinn felist í því að afbrigðin hafi mismunandi mótefnavaka. Hann segir ekki fara neinum sögum af því að menn hafi smitast af því afbrigði sem núna fannst í Japan. „Maður getur ekkert fullyrt um að þetta afbrigði sé alveg skaðlaust enn þá, það fer eftir því hvernig þetta þróast," segir Haraldur. Enn annar stofn greindist í Hollandi í fyrra en þá veiktust 90 manns og einn lést. Haraldur segir að full ástæða sé til þess að vera á varðbergi gagnvart fuglaflensunni og að í hvert skipti sem fréttir berist af smiti séu það slæmar fréttir. Menn horfi til þess núna að reyna að koma í veg fyrir að flensan breiðist út meðal manna, vel sé fylgst með öllum smitum til að reyna að kæfa faraldur í fæðingu.

oddur@frettabladid.is

REYÐARFJÖRÐUR Slagsmál brutust út á dansleik í Félagslundi á Reyðarfirði aðfaranótt gærdagsins. Kalla þurfti á lögregluna á Fáskrúðsfirði til að aðstoða lögregluna á Eskifirði við að skakka leikinn.

Hópslagsmál á Reyðarfirði:

Lögreglan þurfti liðsauka

LÖGREGLUMÁL „Menn voru mikið að tuskast þarna. Það kom stór hópur af Ítölum frá Kárahnjúkum á ballið en venjulega koma þeir ekki hingað heldur fara inn á Egilsstaði, en við þurftum ekkert að skipta okkur af þeim heldur einungis af Íslendingum sem börðust innbyrðis," segir lögregluþjónn á Eskifirði um hópslagsmál sem brutust út á dansleik í Félagslundi á Reyðarfirði aðfaranótt sunnudagsins. Reyðarfjörður er í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði.

Einn maður nefbrotnaði í slagsmálunum og margir fengu blóðnasir og sprungnar varir. Kallað var á lögregluna á Fáskrúðsfirði til aðstoðar lögreglunni á Eskifirði.

„Við erum að fjölga lögreglumönnum hér á Eskifirði úr tveimur í fjóra því mannfjöldinn hér á svæðinu er orðinn svo miklu meiri en áður, vegna byggingar álversins á Reyðarfirði en starfsmannabúðirnar sem standa á bæjarmörkunum eru gerðar fyrir 1800 manns," segir lögreglan á Eskifirði en um 700 manns búa á Reyðarfirði.

-ifv

le coq sportif®

Sumartilboð
30 - 70% afsláttur

Barnagallar frá	Kr. 4.990.-
Boltar frá	Kr. 400.-
Fullorðinsgallar frá	Kr. 6.690.-
Leikfimibuxur frá	Kr. 1.490.-
Bolir frá	Kr. 790.-
Töskur frá	Kr. 2.990.-
Fótboltasokkar frá	Kr. 790.-
Stuttbuxur frá	Kr. 1.490.-
Æfingatreyjur frá	Kr. 2.990.-

Trace Nylon

Kr. 4990

Gervigrasskór barna
Takkaskór barna

Kr. 2990

Escrime

Kr. 5990

Street Run barna

Kr. 1990

Wendon Nylon

Kr. 3490

Win Runner

Kr. 3490

Trace Nylon

Kr. 4990

Escrime canvas

Kr. 2990

Wendon Nylon

Kr. 3490

SNILLD EHF

le coq sportif – LCS Ísland ehf.

Síðumúla 17 • Sími 517 4077 • Opið virka daga kl. 10-18 • Sölustaðir : Nike búðinn • Laugavegi 6

Mazda 3
fullkominn
ferðafélagi

Mazda3, 4 dyra sedan, 1,6 l



Himinn og haf / SIA

Mazda3 T 5 dyra 1,6 l kostar aðeins
1.720.000 kr.
Aukahlutir á mynd: álfelgur

Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanatíðni.

Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð. Gæðin eru augljós.

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Söluumboð:
Bílás sf., Akranesi - BSA, Akureyri
Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ

Verðmætari sjávarafli:

Munar mest um loðnuna

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa fyrstu þrjá mánuði ársins er rúmum 500 milljónum króna meira en á sama tíma í fyrra, um 20,2 milljarðar króna samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Það er verðmætaaukning um þrjú prósent og munar þar mest um loðnuaflann en verðmæti hans jókst um 1,1 milljarð. Verðmæti ýsu og karfa jukust einnig umtalsvert en aflaverðmæti þorsks dróst saman um tæpan milljarð.

Mestur samdráttur á aflaverðmæti var á Vesturlandi, þar sem það dróst saman um heil 37 prósent frá fyrra ári. - aöe

BJÖRG Í ÞJÓÐARBÚ Þrátt fyrir miklar sveiflur milli ára í tegundum er heildaraflaverðmæti sjávaraflans fyrstu þrjá mánuði ársins meira en á síðasta ári.

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Björk hefir ekki sungið á tónleikum í tvö ár.

Live 8 góðgerðartónleikar:

Björk á svið í Japan

Björk Guðmundsdóttir kemur fram á Live 8 tónleikunum í Japan sem sýndir verða á sjónvarpsstöðinni Sirkus 2. júlí. Markmið tónleikanna er að þrýsta á þjóðarleiðtoga heims að fella niður skuldir við fátæk ríki í Afríku og krefjast meira fjár til hjálparstarfs meðal fátæks fólks í heiminum. Leiðtogar ríkustu þjóðanna átta koma saman á G8 fundinum í Skotlandi í júlí og verður fátækt í Afríku eitt helsta umræðuefnið. Live 8 tónleikarnir eru skipulagðir til þess að almenningur geti sýnt stuðning sinn við málefnið í verki og þrýst þannig á góða niðurstöðu á G8 fundinum. Live 8 tónleikar fara fram í átta löndum, í Philadelphiu í Bandaríkjunum, París, Róm, Berlín, London, Barrie í Kanada, Jóhannesarborg í Suður-Afríku, og Tókýó þar sem Björk mun koma fram. Sjónvarpsstöðin Sirkus, sem er á opinni rás, sýnir meðal annars frá tónleikum Bjarkar en stöðin hefur einnig skipulagt dagsskrá í kringum tónleikana þar sem fjöldi íslenskra gesta kemur fram. -rsg

FRÍHAFNARVERLUNIN Í LEIFSSTÖÐ Auglýsir hagstæðara verð en í Reykjavík.

Stærri fríhafnarverslun :

Óþolandi samkeppni

NEYTENDUR Samtök verslunar og þjónustu mótmæla stækkun komuverslunar Fríhafnarinnar í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Við stækkunina hefur vöruúrval þar stóraukist. SVÞ segja augljóst að verslunin starfar á innlendum markaði og sé í beinni samkeppni við verslanir annars staðar á landinu. Verslunin auglýsi sérstaklega að verð þar sé hagstæðara en í Reykjavík. Fríhafnarverslunin er í eigu ríkisins og telja SVÞ að með þessum auglýsingum sé verið að hvetja fólk til þess að greiða ekki skatta og tolla eins og innlend verslun þarf að standa ríkinu skil á. ■

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

Veldu það besta!

SOFÐU VEL Í SUMAR



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING



Svefn & heilsa

Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í sumar

„ORÐRÉTT“

„Ingibjörg Sólrún er fulltrúi og þó Dagur B. Eggertsson sé ekki skráður í Samfylkinguna styður hann Ingibjörgu opinberlega. Það er ekki hægt að vera óháður og fylgja formanni stjórnmálaflokks á sama tíma.“

ANNA KRISTINSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI Í FRÉTTABLAÐINU

„Ég vísa því algerlega út í hafsauga að kjördæmasjónarmið séu eingöngu höfð að leiðarljósi.“

STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA Í MORGUNBLAÐINU.

tilveran

nær og fjær

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Bjarki hvílist og gestrisni sunnlenskra bænda

Þreyttir en ánægðir göngumenn komu til Víkur í Mýrdal í gær og lögðu að baki lengstu dagleiðina í ferðinni til þessa, 29,7 kílómetra. Bjarki kenndi sér meins í fótum á laugardag og hvíldi sig í Vík í gær og tók á móti Guðbrandi og Tómasi föruneytisstjóra. Á laugardag komum við að Skógum og heilsuðum vitaskuld upp á Þórð Tómasson safnstjóra. Honum leist vel á það uppátæki okkar að ganga hringinn í kringum landið og fullyrti að við hefðum nú þegar hjálpað mörgum með því að vekja athygli á málefnum fatlaðra. Þórður er frændi Tómasar föruneytisstjóra og var því nokkuð inni í málum.

Okkur hefur verið einstaklega vel tekið hvar sem við komum og allir vilja eitthvað fyrir okkur gera. Sunnlenskir bændur

hafa verið iðnir við að bjóða okkur heim og bera jafnan fram alls konar kræsingar sem fylla okkur orku. Magnús Sigurjónsson í Hvammi færði okkur flatkökur og skonsur og Kristín Jónsdóttir í Skarðshlíð bar á borð pönnukökur með rjóma, kleinur og flatkökur. Kunnum við þeim og öllum öðrum bestu þakkir fyrir.

Umferðin um helgina var talsvert minni en við bjuggumst við og gerir það gönguna vitaskuld þægilegri. Annars eru allir afar tillitsamir og draga úr hraðanum þegar þeir aka framhjá okkur.

Í dag, mánudag, er langur leggur framundan, við göngum frá Vík að Laufskálavörðu sem er rúmlega 37 kílómetra leið. Bestu kveðjur, göngugarparnir.

ÁSTKÆRA YLHÝRA

Endurtekin klifun, aftur og aftur

Endurtekningar í málinu geta tekið á sig ýmiss konar myndir. Klifun getur verið stílbragð sem neglir hugtak í minni lesanda eða hlustanda, en stundum klifum við á sama hlutnum án þess að taka eftir því sjálf. Í viðskiptalífinu er gjarnan talað um „ársfjórðung ársins“, eins og það kæmi til greina að skipta árinu niður í landsfjórðunga eða flatbökusneiðar. Svipuðu gegnir um „landsliðsþjálfara landsliðsins“, ef maðurinn þjálfar landsliðið liggur ljóst fyrir að maðurinn þjálfar landsliðið. Sem pistlahöfundur þessa pistils vil ég hvetja lesendur til umhugsunar og að pæla í þessu. **magnus@frettabladid.is**

Gunnlaugur Júlíusson hljóp í Bandaríkjunum:

Hljóp 160 kílómetra á 26 klukkustundum

Gunnlaugur A. Júlíusson hagfræðingur lauk Western States 2005, 100 mílna ofurmaraþonhlaupinu, klukkan 14:14 í gær. Hann hafði þá verið á hlaupum í 26 klukkustundir, fjórtán mínútur og fjórtán sekúndur.

Maður að nafni Scott Jurek kom fyrstur í mark í hlaupinu en hljóp kílómetrana 160 á 16 klukkustundum, 43 mínútum og fjórum sekúndum.

Gunnlaugur undirbjó sig vel og vandlega fyrir hlaupið langa og hóf formlegan og reglu-

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

legan undirbúning í janúar.

Western States hlaupið þykir afskaplega erfitt og yfir margar erfiðar hindranir að fara. Hlauparar geta meðal annars átt á hættu að mæta skröltormi og í viðtali í Fréttablaðinu í maí var Gunnlaugur spurður hvað hann myndi gera ef hann mætti slíkri skepnu. „Reyna að hoppa yfir helvítið,“ svaraði hann að bragði.

Ekki fengust upplýsingar um hvort Gunnlaugur þurfti að hoppa yfir skröltorm. **- bþs**

VEITINGASTAÐURINN BREKKA Húsið þótti mikil bygging á sínum tíma og kölluðu Hríseyingar

Greifahöllin í

Í sögufrægu húsi í Hrísey er rekinn fyrsta flokks veitingastaður, sá eini í eyjunni. Árni Tryggvason leikari ólst upp í húsinu en á fjórða áratug síðustu aldar var það notað sem sjúkrahús og á níunda áratugnum var þar verbúð.

Veitingastaðurinn Brekka í Hrísey er ein af mörgum skrautfjöðrum eyjunnar en þar er boðið upp á fjölbreyttan og metnaðarfullan matseðil í sögufrægu húsi. Brekka er í eigu Austfirðingsins og athafnamannsins Elís Árnasonar og félaga hans, Þórhalls Arnórssonar, en þeir reka einnig Sjallann á Akureyri og Café Adesso í Smáralindinni í Kópavogi.

Elís, sem er menntaður matreiðslu- og kjötiðnaðarmaður, er ættaður frá Reyðarfirði en kom fyrst til Hríseyjar fyrir hálfum öðrum áratug til að vinna sem kokkur á Brekku. „Ég vann á Brekku fjögur sumur í röð og mér leið svo vel hér í eyjunni að síðan þá hef ég haft sterkar taugar til hennar. Í fyrra bauðst okkur að eignast veitingastaðinn og nú hef ég, og konan mín, keypt íbúðarhús hér í Hrísey og búum því bæði í eyjunni og í Reykjavík. Reksturinn á Brekku gengur ágætlega en við fórum fyrst og fremst út þetta af hugsjón en ekki til að verða rík af,“ segir Elís.

Í Brekku er boðið upp á kökur og kaffi, pítsur og skyndirétti en einnig eðal steikur og margvíslega fiskrétti. Staðurinn rúmar um 100 manns í mat og tíu til tólf manns í gistingu en Elís segir að gistiaðstaðan verði hugsanlega stækkuð í framtíðinni. Frá 1. júní til 1. september er opið alla daga en aðallega um helgar yfir vetrarmánuðina. „Hingað koma meðal annars hópar frá Akureyri og víðar auk þess sem flestir ferðamenn sem koma til eyjunnar líta við hjá okkur. Um

GREIFINN Í HRÍSEY Veitinga- og athafnamanninum Elís Árnasyni líður vel í Hrísey en hann og fjölskylda hans halda þar sitt annað heimili.

Ísland er framandi pláneta

Tólf manna hópur frá bandarísku kvikmyndafyrirtæki kom hingað til lands í fyrra til að mynda efni fyrir heimildarmynd um líf á öðrum hnöttum.

Furðulegar geimverur í íslenskri náttúru er eitthvað sem líta má í heimildarmynd sem sýnd hefur verið á Discovery Channel að undanförnu.

Í fyrrasumar kom hingað til lands tólf manna hópur frá Evergreen films í Los Angeles. Ætlunin var að taka upp bakgrunn fyrir vísindaskáldsögulega heimildarmynd um geimskip sem sent er í annað stjörnukerfi þar sem fyrir finnst líf.

Í þættinum er farið með áhorfendur í sýndarveruleikaferð um plánetuna Darwin IV, tilbúna plánetu staðsetta 6,5 ljósárum frá jörðinni.

Send eru ómönnuð för til plánetunnar sem eiga að finna og meta lífverurnar. Í þættinum svara nokkrir sérfræðingar og vísindamenn spurningum um hvað gæti gerst ef líf fyndist á öðrum hnöttum og hvort í rauninni sé möguleiki á því. Ekki ómerkari menn en Stephen Hawking eðlisfræðingur, Michio Kaku strengjafræðingur og Jim Garvin aðalvísindamaður NASA koma fram í þættinum.

Árni Páll Hansson hjá True North sá um að þjónusta kvikmyndatökumennina á Íslandi. „Þeir voru hér við tökur í hálfan mánuð á sunnanverðu landinu en aðallega í Landmannalaugum og á Vatnajökli," segir Árni Páll, sem segir að Ísland hafi orðið fyrir valinu þar sem hér eru miklar víðáttur og lítill gróður. Þá líti stór hluti landsins beinlínis út eins og á framandi plánetu.

Árni Páll hefur litið þáttinn augum og segir útkomuna glæsilega. Landið sé þó nánast óþekkjanlegt eftir alla tæknivinnuna en inn á bakgrunninn var tölvuteiknaður framandi gróður og dýralíf. Líklega muni þeir sem þekki svæðið þó kannast við sitt heimatún.

„Tökurnar gengu gríðarlega vel," segir Árni og voru erlendu kvikmyndagerðarmennirnir mjög ánægðir. Árni Páll segir þáttinn tæknilega mjög vel unninn. Ný tækni hafi verið notuð við tökurnar þar sem teknar voru stafrænar ljósmyndir í 360 gráðu hring og búin til nokkurs konar hálfkúla þar sem sýndarmyndavél var komið fyrir. Það skipti því sköpum að hafa mikla víðáttu og hreina náttúru.

solveig@frettabladid.is

VIÐ TÖKUR Ísland varð fyrir valinu þar sem hér eru miklar víðáttur og lítill gróður. Þar með þjónaði það vel sem bakgrunnur fyrir tölvuteiknaðar geimverur og gróður.

að Greifahöllina.

Hrísey

helgar bjóðum við stundum upp á lifandi tónlist og þá er hér kráarstemming," segir Elís.

Einn af þekktustu íbúum hússins er Árni Tryggvason leikari en þar liggja hans æskuspor. Faðir Árna, Tryggvi Jóhannsson, byggði húsið á árunum 1932 til 1934 en veitingastaður opnaði fyrst í húsinu fyrir 21 ári.

Þegar Brekka var í byggingu var möl borin í fötum úr fjörum við Hrísey til að byggja kjallarann en grindin var smíðuð ofan á grunninn árið 1933 og byggingin klædd. Hríseyingum þótti húsið stórt og reisulegt og kölluðu það Greifahöllina.

Tveimur vikum eftir að Tryggvi og fjölskylda fluttu inn í Greifahöllina árið 1934 reið hinn mikli Dalvíkurskjálfti yfir. Brekka stóðst jarðskjálftann með sóma nema hvað að sprungur komu í reykháfinn og var hann rifinn í kjölfarið.

Þegar taugaveikisfaraldur geisaði í Hrísey árið 1936 var Greifahöllin notuð sem sjúkrahús en í húsinu var rúmbesta stofa þorpsins. Fjölskyldan bjó þó áfram í húsinu en var sett í stranga einangrun og fengu íbúarnar einungis að fara út að næturlagi, íklæddir hvítum sloppum svo aðrir Hríseyingar velktust ekki í vafa hverjir væru þar á ferð.

Tryggvi og fjölskylda hans seldu Magnúsi Jóhannssyni Brekku árið 1943. Húsið var áfram notað sem íbúðarhús allt þar til sjávarútvegsfyrirtækið Borg keypti efri hæð hússins árið 1981 undir verbúð.

Árið 1984 var verbúðinni breytt í Veitingahúsið Brekku og ári síðar var byggt við húsið og í þeirri mynd er húsið í dag.

kk@frettabladid.is

www.ibudalan.is

Þetta er
kannski ekki alveg eins og að
afgreiða sjálfan sig með bensín ...
... en næstum því

FABRIKAN

- Þú gengur frá **greiðslumatinu á þínum hraða**
- Þú færð **staðfestingu á lánshæfi á nokkrum sekúndum**
- **Lánið er afgreitt á fjórum dögum**
- **Persónuleg ráðgjöf og þjónusta í síma 800 6969 eða í afgreiðslu Sparisjóðanna og SPRON**
- Opið **allan sólarhringinn**

Íbúðalán.is – einfaldari leið að íbúðakaupum

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Fjármagnaðu íbúðakaupin rafrænt á Íbúðalán.is

Mjög hagstæð lán, allt að 90%, á 4,15% verðtryggðum vöxtum.
Hámarkslán 26 milljónir, afgreiðslutími 4 dagar.

SVONA ERUM VIÐ



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: ATVINNULEYFI FYRIR ÚTLENDINGA

Leyfið í höndum atvinnurekanda

Þegar útlendingur frá landi utan EES kemur til Íslands til að vinna þarf hann að fá atvinnuleyfi. Hins vegar er öllum íbúum á EES-svæðinu frjálst að koma hingað til lands að vinna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi. Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun sjá um framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Vinnumálastofnun gefur leyfið út

Ströng skilyrði eru um það hverjir eigi kost á því að fá atvinnuleyfi. Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til þess að ráða útlending til starfa að uppfylltum þeim skilyrðum og gefur Vinnumálastofnun leyfið út en tilkynnir allar leyfisveitingar til Útlendingastofnunnar. Meðal þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla áður en atvinnuleyfi er gefið út er að fyrst hafi verið leitað að starfsmanni hér á landi í starfið, að fyrir liggi undirritaður ráðningarsamningur sem er samkvæmt íslenskri vinnulöggjöf og kjarasamningum, að starfsmaðurinn sé tryggður af atvinnurekanda og að atvinnurekandi ábyrgist heimflutning starfsmannsins verði hann af einhverjum ástæðum óvinnufær. Atvinnurekandi fer svo með atvinnuleyfið fyrir hönd útlendingsins og fellur leyfið úr gildi ef útlendingurinn missir vinnuna.

Refsiákvæði

„Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna og ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir

að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum," segir í lögum um atvinnuleyfi fyrir útlendinga. Ef lögin eru brotin eru viðurlögin sekt eða fangelsi í allt að sex mánuði hafi atvinnurekandi veitt rangar eða villandi upplýsingar við umsókn atvinnuleyfisins. Hins vegar ef atvinnurekandi er með útlending í vinnu sem ekki hefur atvinnuleyfi varðar það sekt eða allt að tveggja ára fangelsi.

SPURT & SVARAÐ

NÝSKRÁNINGAR Í FRAMHALDSSKÓLA

LÁRUS BJARNASON
Rektor Menntaskólans við Hamrahlíð

Úrlausn mála fyrr á ferðinni

Nýlokið er nýskráningu nemenda í framhaldsskóla landsins, en lögum samkvæmt eiga allir sem útskrifast úr grunnskóla að vori rétt á framhaldsskólavist að hausti. Þannig skýrist nú í byrjun vikunnar hvaða nemendur hafa hvergi fengið skólavist og menntamálaráðuneytið reynir að hlutast til um mál þeirra.

Hvernig gengur nýskráningu nemenda í Menntaskólann við Hamrahlíð?
Búið er að vinna úr umsóknum og fyrir helgi voru póstlögð svör til nemenda um hvort þeir fái skólavist eður ei.

Þurfti að vísa mörgum frá þetta árið?
Hingað bárust mikið fleiri umsóknir en við gátum tekið við í skólann. Við gátum tekið um 240 nemendur inn, en umsóknir voru um 370 til 380 þar sem nemendur voru með skólann sem sitt fyrsta val.

Hefur vinnulag breyst við skráninguna frá því í fyrra?
Núna var efnt til meira samráðs af hálfu menntamálaráðuneytisins og það held ég að hafi skilað sér og í heildina gengið betur að vinna úr umsóknum. Ferlinu er hins vegar ekki lokið fyrr en allir hafa fengið viðunandi úrlausnir og ég á von að það gerist fyrr en í fyrra.

Er íbúalýðræði að vakna til lífs?

Flestir eru sammála um að kosningar um skipulagsmál á Seltjarnarnesi hafi verið farsæl lausn á umdeildu máli. Fréttablaðið ræddi við tvo bæjarstjóra og borgarfulltrúa um íbúalýðræði.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að þrátt fyrir annmarka geti íbúalýðræði verið farsælasta leiðin til þess að komast að endanlegri niðurstöðu um mál sem sterkur ágreiningur er um og segir kosningarnar á Seltjarnarnesi dæmi um slíkt. „Tillögur meirihluta bæjarstjórnar mættu mikilli mótstöðu og þá var málinu komið í annan farveg og skoðað upp á nýtt. Bæjarstjórnin steig í raun og veru frá málinu og leyfði öðrum að koma sínum tillögum að sem að lokum höfðu betur."

ÁRNI SIGFÚSSON Mikilvægt að kjörnir fulltrúar viti hvenær þeir eiga að láta málin í hendur almennings.

Árni segir þó alls ekki gefið hvenær eigi að grípa til beins lýðræðis. „Menn þurfa að gera sér grein fyrir hvert hlutverk kjörinna fulltrúa er og hvenær þeir eiga að stíga frá málum. Fyrir það fyrsta þarf þátttaka að vera yfirgnæfandi og úrslitin skýr. Til dæmis er lítið lýðræði ef það er 50 prósent þátttaka og annar hópurinn vinnur með litlum mun. Þá held ég að það sé betra að kjörnir fulltrúar afgreiði málin með sínum hætti."

Borgarbúar kjósi um samgöngur

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans, segir að kosningarnar á Seltjarnarnesi séu eftirtektarverðar og jafnvel til eftirbreytni. „Íbúalýðræði er alltaf að þróast. Nokkur ár eru síðan kosið var um flugvöllinn og þó sú kosning hafi ekki verið fullkomin var hún vissulega mikilvægur áfangi á leiðinni til beinna lýðræðis. Þó alltaf sé deilt um útfærslur veit ég ekki til þess að nokkur borgarfulltrúi hafi sett sig upp á móti íbúalýðræði sem slíku."

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR Telur borgarbúa eiga að kjósa um áherslur í almenningssamgöngum.

Íbúalýðræði á víða við að mati Bjarkar, sérstaklega í velferðar- og skólakerfinu, fólk virðist þó hafa mestan áhuga á skipulagsmálum. Björk segist vilja að næsta mál sem almenningur í Reykjavík og nágrannasveitafélögum ætti að hafa sitt að segja sé samgöngumál. „Ég vil spyrja borgarbúa um áherslur í samgöngumálum, það er hvort við eigum að tryggja almenningssamgöngum frekari forgang á kostnað einkabílsins og gera þær að raunverulegum valkost eða eigum við að fjölga akreinum við Hringbrautina upp í tíu, eins og útlit er fyrir að verði að gera ef einkabílum fjölgar eins og þeir hafa verið að gera. Í þessu máli vil ég að rödd almennings fái að heyrast."

Ætti að vera oftar beitt

„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að æskilegt sé að grípa oftar til beins lýðræðis, sérstaklega þegar um er að ræða afmörkuð mál," segir Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði.

TRYGGVI HARÐARSON Fólk vill meiri möguleika til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Tryggvi segir það jafnvel sérstaklega æskilegt að yfirvöld heyri afstöðu íbúa. „Sá málaflokkur snýr oft að útfærslum á nánasta umhverfi fólks og grundvallaratriði og í slíkum tilfellum tel ég það ekki verra ráð en hvað annað að láta fólkið sjálft kjósa."

Tryggvi segir það hins vegar deilumál hvenær ástæða sé til þess að grípa til þessa úrræðis, en hafi fólk tiltölulega skýra valkosti ætti framkvæmdin að vera tiltölulega einföld.

Þá bendir Tryggvi á að stór hópur fólks líti svo á að hann hafi litla möguleika til að hafa áhrif á umhverfi sitt og með þessari leið sé reynt að koma til móts við þann hóp. „Hvort sá hópur verði ánægðari með ákvarðanirnar sem eru teknar er allt annar handleggur. En það ber þá að minnsta kosti ábyrgð á þeim." ■

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Tilboðsverð 12.999 kr.
Fljótvirkasti miðaprentarinn
- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar
Umboðsaðili:
Rafport
Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt
brother At your side. QL-550
Augl. Þórhildur 1390.43

-det er sommer, sol og det er

mandag

50% afsláttur

50% afsláttur

Goða pylsur
Myllu pylsubrauð

vá!

50% afsláttur

GOÐI alltaf góður

Nagga Kjötbollur

129 kr.kg.

Kjúklingavængir

Nýjar og ótrúlega góðar ekta ítalskar

299 kr.stk.

Pizza Stone oven, La pizza

frá Myllunni

99 kr.stk.

Nettó brauð, stórt

helmings-lækkun!

50% afsláttur

Borgarnes lambabjúgu
Goða reyktur medister

allt í nestið...

50% afsláttur

Borgarnes hangiálegg

verð-lækkun

2 fyrir 1

Frissi fríski 2l.

129 kr.stk.

Eðal túnfiskssalat
Eðal rækjusalat

Auglýsingastofa Vikurfrétta • www.vf.is

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 27. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

skoðun

MÁL MANNA
SIGURJÓN M. EGILSSON

Forstöðumenn ríkisstofnana segjast lattir til samdráttar sé hann pólitískt erfiður.

Reddingar ráðuneyta

Veikleikar í fjármálastjórninni hafa leitt til þess að útgjaldaþróun fjölmargra fjárlagaliða er með þeim hætti að ekki verður við unað lengur,“ segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga. Það er fleira sem Ríkisendurskoðun hefur áhyggjur af. Hún segir að stundum hafi forstöðumenn ríkisstofnana lagt til sparnaðaraðgerðir en ráðuneytin þá beðið þá um að staldra aðeins við. Þetta eigi sérstaklega við þegar um sé að ræða skerðingu á þjónustu sem geti verið erfitt að réttlæta í pólitískum skilningi. Af þessum sökum telji forstöðumenn sig því vera í góðri trú um að viðkomandi ráðuneyti sjái til þess að viðbótarfjárheimild fáist. Gangi það ekki eftir geti stofnunin á endanum setið uppi með óviðráðanlegan halla.

Þannig fékk forsætisráðuneytið á ákveðnu tímabili fimmtu hverja krónu sem notuð var eftir á, með seinni tíma reddingum.

Varðandi fullyrðingar Ríkisendurskoðunar sagðist sá sem mesta ábyrgð ber, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, ekki taka undir að þetta væri raunin þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans. „En ef svo er þá er það vítavert.“

Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun bendi á fjölmörg atriði sem betur megi fara segir ráðherrann þetta: „En ég hlýt að taka fram að ástandið hefur batnað mjög mikið á undanförnum árum. Færri stofnanir fara fram úr heimildum og upphæðirnar eru lægri en áður var. Það má hins vegar beita þeim úrræðum sem til eru og jafnvel fyrr en gert er.“ Þarna er kosið að nefna það jákvæða sem finnst en látið liggja að því að Ríkisendurskoðun sé ekki endilega á réttri leið og settir fyrirvarar um gagnrýnina.

Ráðherrarnir verða að bera ábyrgðina, alla ábyrgð og líka þá óþægilegu. Auk þess eru fjárlög og fjáraukalög ekki eitt og það sama. Flest ráðuneytin ná nokkurskonar jafnvægi í reksturinn með fjáraukalögum, sem er eftirá redding, redding sem oft kemur til eftir að tökin á fjármálunum hafa farið fjandans til. Þannig fékk forsætisráðuneytið, á ákveðnu tímabili, fimmtu hverja krónu sem notuð var eftirá, með seinnitíma reddingum.

Þessu ómarkvissa stjórnun gerir þeim sem reka stofnanirnar erfitt fyrir. Þegar fjárveitingar eru minni en nauðsynlegt er til að stofnanir geti framfylgt þeim skyldum sem lög kveða á um, eiga forstöðumenn þeirra oft í vanda. Hvaða lög eiga þeir þá að brjóta, fjárlög eða lög sem kveða á um skyldur? Þeir segjast leita til ráðherranna, sem segja að betra sé að brjóta fjárlög en þau sem skerði þjónustu og komi sér illa pólitískt. Þannig er það.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir að fjárlög séu ákveðin lög og þau beri að virða. „Það er náttúrlega orðið dálítið mikið þegar einstök ráðuneyti eru farin að fara um og yfir tíu prósent fram úr fjárlögum.“

Framkvæmdavaldið virðir ekki lögin og þess vegna verður gaman að sjá hvaða tökum þingið tekur lagabrjótana þegar það kemur saman að loknu sumarleyfi í október í vetur. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Randalínur í Valhöll

Afmælishátíð Sambands ungra sjálfstæðismanna var haldin í Valhöll í gær en þá varð sambandið 75 ára. Veglega var veitt af randalínum og sterkum kaffidrykkjum líkt og nútíminn væri 75 ára gamall. Borðin svignuðu undan veitingum og höfðu elstu menn að máli að svo vel hefði ekki áður verið veitt. Afmælishátíðin féll þó í skuggann af þeirri umræðu gesta að senn líður að því að íhaldsamari öfl taki forystuna í sambandinu og byggi upp nýjan veruleika, ef til vill meira í takt við liðna tíma.

Af meintu jafnræði

Framsóknarmenn og Vinstri grænir stagla töluvert á því að jafnræði eigi að vera með framboðsmálum hjá flokkunum sem bjóða fram á Reykjavíkurlistanum. Þessu eru hins vegar ekki allir sammála. Bent er á að Alþýðuflokkurinn hafi árið 1994 aðeins fengið einn mann á R-listann enda var fylgi hans í Reykjavík á þeim tíma svo lítið að flokknum varð frekar umhugað að hafa lítil áhrif í stórum R-lista heldur en engin. Pétur Jónsson fékk þá fjórða sæti listans en næsti maður varð svo í níunda sæti. Þannig var jafnræðið.

Álíka sterkur og bjór

Og viðræðunefnd R-listans fundar í kvöld sem fyrr. Framsóknarmenn virðast gera hvað sem er til að bjóða fram undir merkjum listans enda löngu ljóst að fylgi flokksins í Reykjavík er langt neðan við valdauppbyggingu meirihlutans í borginni. Framsókn fer með formennsku í Orkuveitunni, íþrótta- og tómstundaráði, hefur forseta borgarstjórnar og þar mætti lengi telja. Þá er forsætisráðherrann og félagsmálaráðherra þingmenn Reykjavíkur auk þess sem einn þingmaður til viðbótar er frá flokknum í Reykjavík. Allt þetta fyrir minna en fimm prósent.

bergsteinn@frettabladid.is

Ófróður endurskoðandi

Í DAG
HALLDÓR OG S-HÓPURINN

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Eignatengsl forsætisráðherra við fyrirtæki sem kaupir banka af ríkisstjórninni eru ekki viðkvæm einkamál.

Af endurskoðanda að vera virðist Halldór Ásgrímsson furðu illa að sér um fjármál sín. Hann hélt sérstakan blaðamannafund til þess að kynna plagg sem Ríkisendurskoðun hafði tekið saman um að hann hefði í fyrsta lagi verið hæfur til að stýra sölu bankanna og að hann hefði í öðru lagi ekki komið nálægt þessari sölu. Þótt Halldór hefði að vísu verið í ráðherranefnd sem átti að stýra sölu bankanna þá hafi það verið viðskiptaráðherra sem bæði annaðist þessa sölu og bar ábyrgð á henni. Maður hlýtur þá að spyrja sig til hvers ráðherranefndin hafi verið – og hvers vegna Halldór hélt hinn fræga símafund með S-hópnum og Kaldbak (sem er félag KEA forkólfa) til að sameina þessi gömlu Framsóknarveldi við kaupin á Búnaðarbankanum.

Á blaðamannafundinum gerði Halldór grein fyrir eignarhlut sínum og fjölskyldu sinnar í fyrirtækinu Skinney-Þinganes – sem aftur á eftir krókaleiðum aðild að S-hópnum sem keypti Búnaðarbankann með umdeildum hætti – en ekki leið á löngu áður en upp úr dúrnum kom að hluturinn var meiri en forsætisráðherrann sagði hann vera. Og komst upp vegna þess að Helga Hjörvar hugkvæmdist á fundi fjárlaganefndar að spyrja út í eitthvert dularfullt félag sem enginn vissi hvað var á bak við. Áður höfðu þær upplýsingar að Skinney- Þinganes væri aðili að Hesteyri sem var aðili að S-hópnum fallið niður, að sögn vegna mistaka hjá Deloitte & Touche. Þótt ekki verði fullyrt að þessum upplýsingum hafi verið haldið leyndum þá verður því seint haldið fram að þær hafi legið á lausu.

Nú er Skinney-Þinganes kannski ekkert Fininvest og Halldór til allrar hamingju enginn Berlusconi. Að því er manni skilst er hér um að ræða arf í fjölskyldufyrirtæki og ráðherrann lætur á sér skilja að hann komi ekkert nálægt umsýslu þessa fjár, fylgist ekkert með því; hefur afneitað því – en ekki losað sig við það. Svo lítið vill hann raunar af því vita að hann bregst ókvæða við þegar bent er á að þessi eignarhlutur hans hefur orðið til þess að hann er flæktur í kaup á Búnaðarbankanum sjálfur, að því er virðist gegnum rammflókið net ýmissa fyrirtækja sem mynda hinn dularfulla S-hóp – talar þá um að hann vilji að fjölskylda sín sé látin í friði, eins og hér sé verið að hnýsast í viðkvæm einkamál viðkomandi með óviðurkvæmilegum hætti.

Eignatengsl forsætisráðherra við fyrirtæki sem kaupir banka af ríkisstjórn eru ekki viðkvæm einkamál.

Ekki bætir stöðu ráðherrans það orð sem S-hópurinn hefur á sér. Þetta er í vitund fólks S-ið sem eftir stendur af SÍS þegar hafa fallið brott stafirnir fyrir „íslenskra“ og „samvinnufélaga“. S-ið fyrir „Samband“ stendur eitt eftir – samband gamalla SíS- og Framsóknarforkólfa um að tryggja áfram persónuleg völd sín og áhrif og greiðan aðgang að auðsuppsprettum gegnum pólitísk ítök eftir hrun sjálfs Sambandsins. Þetta er S-hópurinn sem safnar saman molunum sem urðu eftir við hrunið. Og hefur gengið bærilega: Einkum var það mikill happafengur að komast í þá stöðu að verða nokkurs konar leppur fyrir Kaupþing þegar Búnaðarbankinn var seldur. Vera má að Halldór Ásgrímsson hafi í einhverjum ríkisendurskoðunarskilningi verið „hæfur“ til að bera – eða bera ekki – ábyrgð á þessari sölu en hitt er hvað sem því líður staðreynd að hann á hlut í fyrirtæki sem kom að því að kaupa bankann. Hann er báðum megin borðsins – reyndar að eigin sögn jafn mikið úti á þekju báðum megin. Halldór hefur löngum þótt trúverðugur og traustvekjandi maður – að minnsta kosti fram að því að hann tók þátt í að breiða út réttlætingarnar fyrir innrásinni í Írak – en samt sem áður hljótum við að spyrja hvort það nægi að hann segist ekki hafa komið nálægt sölunni og fylgist ekkert með því hvað komi út úr kaupunum fyrir sig og sína. En biður fólk að láta fjölskyldu sína í friði.

Eiginlega er það ráðgáta hvers vegna Halldór Ásgrímsson hefur ekki fyrir löngu síðan losað sig við eign sína í þessum fyrirtækjum, því að þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann gengur í gegnum pólitískar hremmingar vegna hennar. En það voru ekki fjölmiðlar sem flæktu fjölskyldu hans inn í þessi kaup – ekki einu sinni stjórnarandstaðan. Þetta er ekki skáldskapur vondra manna. Þetta snýst um grundvallaratriði í pólitísku og efnahagslegu siðferði. Þetta snýst um hagsmuni – persónulega hagsmuni manns sem á að gæta almannahagsmuna. Nú getur vel verið að ráðherrann líti svo á að þessir hagsmunir fari vel saman – slíkt hendir löngum valdamenn – en það á ekki að vera komið undir ráðherrum sjálfum að meta slíkt heldur eiga að gilda um þetta almennar og altækar reglur. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MARKAÐURINN

Talstöðin
FM 90,9
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

allt-fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

hús o.fl. Skipulag í skógrækt BLS. 2
Stemning á Hagatorgi BLS. 4

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	2.59	13.31	24.02
AKUREYRI	1.42	13.15	24.46

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 27. júní, 178. dagur ársins 2005.

101 Reykjavík	30-31
Árborgir	21
Ás	10-11
Draumahús	23-26
Eignaborg	7
Eignakaup	40
Eignastýring	29
Fasteignamiðlun	9
Fasteignam. Grafarv.	9
Fasteignam. H.fj.	33
Fold	19
Heimili	29
Hof	28
Hóll	7, 39
Hraunhamar	16-17
Húsalind	8
Höfði	6, 7
Lundur	12-13
Lyngvík	20
Neteign	38
Nethús	41
Nýtt heimili	37
Remax	32,34,35
Smárinn	14-15
Viðskiptahúsið	27
Þingholt	37

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 58

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hæðinni fylgir bílskúr og sér bílastæði, en mikið hefur verið gert fyrir húsið bæði innan og utan.

Glæsileg efri sérhæð í góðu hverfi

Fasteignasalan 101 Reykjavík er með góða efri sérhæð á Teigunum til sölu. Mjög mikil lofthæð er í íbúðinni, sem hefur verið mikið endurnýjuð.

Til sölu er 141 fm fimm herbergja sérhæð ásamt 28,9 fm bílskúr við Laugateig. Komið er inn í mjög rúmgott hol með parketti á gólfi, innbyggður fataskápur. Einnig er innbyggður geymsluskápur í holi. Glæsileg stór stofa með stórum bogaglugga til suðurs, parkett á gólfi. Borðstofa með gluggum til suðurs og vesturs, tvöföld innbyggð rennihurð með frönskum gluggum er á milli stofu og borðstofu. Mjög stórt herbergi með fataskápum, parkett á gólfi, herbergið var áður þriðja stofan og eru rennihurðir innbyggðar í vegginn.

Herbergi með innbyggðum skáp, dúkur á gólfi. Inni af eldhúsi er rúmgott búr. Baðherbergi með baðkari með sturtuaðstöðu, fallegri hvítri innréttingu við vask, flísar á gólfi og veggjum, útgangur á vestursvalir. Mjög stórt herbergi með dúk á gólfi.

Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sameiginlegt þurrkherbergi. Bílskúr með hita og rafmagni.

Að sögn eiganda er búið að skipta um ofnalagnir, heitavatnslagnir, glugga og gler. Eldhús, baðherbergi, fataskápar og gólfefni voru endurnýjuð fyrir tíu árum, einnig er búið að skipta um gólf, þak og rafmagn í bílskúr. Eigninni fylgir sér bílastæði við bílskúr. Hellulögð stétt fyrir framan hús. Mjög mikil lofthæð er í íbúðinni. Íbúðin er laus til afhendingar um miðjan ágúst 2005.

Ásett verð 31,9 milljónir

LIGGUR Í LOFTINU
í fasteignum

Hafin er bygging fjölnota íþróttahúss á Akranesi sem gengur undir nafninu Akraneshöllin. Höllin er 8.800 fermetrar að stærð og stefnt er að því að hún verði tilbúið til notkunar í mars á næsta ári. Í framtíðinni er stefnt að byggingu fleiri mannvirkja á Jaðarbakkasvæðinu.

Nikkelsvæðið svokallaða í Reykjanesbæ verður í framtíðinni mikið íþróttasvæði ef áform ganga eftir. Reykjanesbær og Húsagerðin ehf. hafa gengið frá samningum sín á milli um uppbygginguna. Æfingavöllur við Reykjaneshöllina verður fyrsta verkið sem ráðist verður í.

Húsnæði fyrirtækisins Örva ehf. á Skagaströnd hefur verið tekið hressilega í gegn. Steypt nýtt gólf, þak endurnýjað og húsið klætt að utan. Örvi er að hluta til leifar af gamalli mjölskemmu Síldarverksmiðju ríkisins sem byggð var 1946. Þar er nú rekinn fiskmarkaður, slæging og löndunarþjónusta.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS 181 2676 12/2004

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Viðhaldsfrír garður
Ef þú vilt losna við mosann, fíflana og garðsláttinn er tilvalið að helluleggja garðinn. Gerðu ráð fyrir að hafa nokkur tré eða komdu fyrir stórum blómakerum og fallegum húsgögnum og garðurinn verður sannkölluð paradís.

Flestir gömlu mánaðarbollarnir til
-sendi í póstkröfu
AMMA RUTH
Skipasund 82, 104 Reykjavík – S. 552 – 6255
www.ammaruth.is • Opið virka daga 14-18



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Björn Jónsson segist hafa gert öll hugsanleg mistök við skógrækt og þess vegna sé hann vel til þess fallinn að leiðbeina fólki.

Hægt að hleypa upp skógi við fráleitar aðstæður

Björn Jónsson, fyrrverandi skólastjóri Hagaskóla, segir skipulag og framtíðarsýn mikilvæg við skógrækt.

Björn Jónsson hefur stundað skógrækt í ein 30 ár og hefur lengi kennt námskeiðið skógrækt áhugamannsins hjá Skógræktarfélagi Íslands. Hann er ekki faglærður skógræktarmaður en hann hefur fengist við það svo lengi að hann segist hafa gert öll mistökin og viti orðið nákvæmlega hvernig sé best að standa að málum. „Ég spara fólki mistökin og þá kemst það á fleygiferð," segir Björn, sem er kennari og fyrrverandi bóndi og fyrrverandi skólastjóri í Hagaskóla.

„Það er stórt atriði að fólk hugsi áður en það fer að stinga niður trjám," segir Björn og telur það nauðsynlegt að fólk sjái fyrir sér hvernig það vilji að landið líti út eftir nokkur ár. „Fólk þorir oft ekki að hafa væntingar þegar það setur niður plönturnar og er sannfært um að þetta taki allt svo langan tíma," segir Björn. Hins vegar segir hann nauðsynlegt fyrir fólk að setja sér raunhæf markmið og á aðeins fimm árum sé hægt að ná plöntum upp í góða hæð. „Maður verður að hafa eitthvað til að keppa að," segir Björn.

Hann segir engar sérstakar reglur gilda um hvernig eigi að raða upp plötunum, það fari algerlega eftir smekk hvers og eins. Fólk þurfi aftur á móti að hafa í huga að koma fyrir göngu- og aksturslei ðum og jafnvel að útbúa rjóður. „Maður þarf að geta gengið eða ekið um skóginn, það er ekkert gaman að horfa á einhverja þúst utan frá," segir Björn.

„Hægt er að hleypa upp skógi við fráleitar aðstæður," segir Björn en mýri segir hann hins vegar erfiða og best sé bara að útbúa þar tjörn. ■

Ökuleið er sjálfsögð í skógræktarreit áhugamannsins ef um allstórt land er að ræða.

Hér er sitkagreni stungið niður í gróðurlausan sand en hrossatað og blákorn tryggja vöxt fyrstu árin.

MYNDIR BJÖRN JÓNSSON

Skógarstígur er fyrst og fremst leið til að njóta grósku og fuglalífs.

VAL Á PLÖNTUM VIÐ SUMARBÚSTAÐ:

Tegundaval fer eftir jarðvegi, staðháttum og smekk ræktunarfólks. Gott er að hafa blandaðan gróður í útivistarskógi sínum, t.d. laufgróður og barrgróður, en gæta þess að hafa vænt bil á milli plantna til þess að gróðurinn njóti sín síðar þegar hann er orðinn að veglegum trjám.

BJÖRN JÓNSSON, SKÓGRÆKT ÁHUGAMANNSINS.

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Sumarhús
Til sölu 63 m² sumarhús. Húsið selst fullfrágengið að utan, einangrað og með rakvörn að innan.

Trésmiðjan AKUR ehf.
www.akur.is
Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600 • Fax: 430 6601
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is

Golfáhugamenn athugið

Nú er rétti tímin til að setja niður púttholu í garðinn
Upplagt í sumarbústaðinn eða garðinn heima

Tilboð 1

1 stk stöng með áföstu númeri og bolla kr 4.900

Tilboð 2

1 stk stöng með flaggi og bolla kr 7.900

Leigjum út holuskera

LEXA

Sumarið er tími framkvæmda og þá getur verið gott að leigja græjurnar.

Sniðugt að leigja áhöldin

BORÐBÚNAÐUR, TJÖLD OG HOPPUKASTALAR STOPPA STUTT VIÐ EKKI SÍÐUR EN GRÖFUR, SLÁTTUVÉLAR OG BORAR.

Hjá Áhaldaleigunni fengust þær upplýsingar að sláttuvélar, mosatætarar og jarðvegstætarar stoppuðu stutt við og sömuleiðis væru 800 kílóa smágröfurnar vinsælar.
Í Húsasmiðjunni eru jarðvegsþjöppur og sláttuvélar rifnar út og bílflutningakerrur af öllum stærðum ásamt hvers kyns áhöldum í garðinn. Ýmist er hægt að leigja verkfæri fyrir daginn eða til lengri tíma.
Í Byko er hægt að leigja allt frá borðbúnaði upp í stórar gröfur, en mest er spurt um garðáhöld, háþrýstidælur og ýmiss konar bora. Þá er mikið tekið af keðju- og steinsögum, en hjá Byko er líka hægt að leigja borðbúnað í veisluna og tjöld í útileguna. Hvergi þarf að panta áhöld með fyrirvara, nema hoppukastalana og trampólínin hjá Byko, sem þarf að panta með nokkurra daga fyrirvara.

Grindvíkingar framleiða amerískt parkett fyrir íslenskar aðstæður

Geo Plank í Grindavík notar íslenska orku til að þurrka við og hefur aðferðin vakið mikla athygli.

„Parkettið er í raun aukabúgrein hjá okkur," segir Stefán Jónsson, framleiðslustjóri Geo Plank. „Við sérhæfum okkur mestmegnis í svokölluðum iðnaðarspóni sem við flytjum út til Svíþjóðar. Þetta er hágæðavara sem hingað til hefur aðeins fengist í Ameríku. Nú erum við farnir að vinna ameríska viðinn hér og það er hagkvæmara fyrir Svíana að kaupa við frá Íslandi en að láta flytja hann alla leið frá Ameríku.

Geo Plank notar íslenska orku til að þurrka viðinn og hefur aðferðin vakið töluverða athygli. „Við notum heita vatnið til að þurrka harðviðinn og það hefur gefist mjög vel. Parkett sem er framleitt annars staðar hentar kannski ekki alveg fyrir íslenskt rakastig. Hér er loftið kalt og þurrt og við reynum að þurrka viðinn niður í það rakastig sem hentar húsum á Íslandi."

Geo Plank hefur þegar flutt töluvert magn af iðnaðarspóni úr landi og parkettframleiðslan gengur vel. „Nú erum við að vinna parkett fyrir stórt hús í Kópavogi sem verður um 300 fermetrar. Það er fyrsta stóra verkefnið en við höfum selt fjölmörgum einstaklingum parkett til að leggja heima hjá sér," Segir Stefán.

„Sumir eru með sérþarfir og vilja kannski fá kvistlaust parkett eða einhvern sérstakan lit sem ekki er til annars staðar. Þar sem við vinnum viðinn frá grunni getum við orðið við slíkum óskum. Við eigum líka töluvert af parketti á lager sem hægt er að kaupa tilbúið, til dæmis hnotu. Hún hefur reyndar verið svo vinsæl að okkur hefur gengið hálfilla að koma á fót almennilegum lager. Hann tæmist alltaf." ■

Olíuborin eik. Parkettið er unnið úr hágæðaviði frá Ameríku sem er þurrkaður og unninn í Grindavík.

Geo Plank sérhæfir sig í amerískum viðartegundum svo sem hnotu, eik, kirsuberjaviði og hlyni.

Notuð er íslensk orka til að þurrka viðinn og hefur hún vakið töluverða athygli. Viðurinn er þurrkaður niður í það rakastig sem hentar íslenskum húsum.

Hver vill ekki hafa fallega glugga sem aldrei þarfnast viðhalds?

Hjá PGV ehf Hafnarfirði færðu hágæða viðhaldsfría PVC-u glugga á sambærilegum verðum og glugga sem þarfnast stöðugt viðhalds...

Gluggar framleiddir úr PVC GLUGGAPRÓFÍLUM

PGV PLASTGLUGGAVERKSMIÐJAN ...gluggi til framtíðar

Bæjarhraun 6 220 Hafnarfjörður sími:564-6080 fax:564-6081 www.pgv.is

Um 98.9 BYLGJAN

Hún mætir aftur næsta sunnudagsmorgun kl. 9

Margir heyja baráttu við mosann á hverju sumri meðan öðrum þykir mosinn fallegur og njóta þess að leggjast í sólbað í mjúka mosabreiðu.

Kalk er besta ráðið gegn mosanum

Mosi getur verið til vandræða í görðum og margir eyða miklum tíma í að berjast við mosa á hverju sumri. Ráðin eru mörg en kalkáburður virkar einna best.

Eiríkur Ómar, garðyrkufræðingur hjá Garðheimum, segir að ýmislegt sé hægt að gera til að losna við mosa úr görðum. „Yfirleitt er notað kalk til að vinna bug á mosa og það hentar vel. Best er að nota kornað kalk eða skeljakalk en skeljakalkið virkar ekki eins fljótt. Kalkinu er þá stráð yfir garðinn um leið og áburður er borinn á," segir Eiríkur. Mosi þrífst best í súrum jarðvegi og með því að bera kalk á grasflötina breytist sýrustigið og grasið nær yfirhöndinni.

„Það þarf að kalkbera einu sinni á ári og þá er um að gera að bera góðan grasáburð á í leiðinni. Þrífosfat er gott til að styrkja grasið því það styrkir ræturnar og þá á mosinn erfiðara með að brjótast í gegn," segir Eiríkur.

Nái maður ekki að bera kalk á í tæka tíð á vorin má alltaf reyna að tæta mosann upp. Eiríkur segir að það geti gefið góða raun og margir sái grasfræi í sárið til að hindra að mosinn komi strax aftur. „Annars nær maður aldrei að losna við mosa til frambúðar. Það er svo margt sem hefur áhrif. Raki er góður fyrir mosa og hann dafnar vel í skuggsælum görðum með háum trjám. Fannfergi getur líka aukið mosavöxt," segir Eiríkur. ■

Ryðfrítt alvöru gasgrill - engar málamiðlanir!

PERFECTGLO gasgrillið fæst hjá ECC Skúlagötu 63 - Sími 511 1001 - Opið 10-18

ECC

– BREIÐ OG LÖNG BORÐ

Gegnheilt gæða parket í flestum viðartegundum.
Framleitt á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður. Gott verð.

GeoPlank

Seljabót 7 Grindavík • sími 426 7800 • www.geoplank.is

Keramik fyrir alla

Sumarnámskeið

Ennþá laust á vinsælu barnanámskeiðin.

Ein vika, allt innifalið kr. 8900.-
Bókið núna.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

GÍTARINN ehf.

MAPEX Trommusett
hi-hat & crash diskar, stóll, trommukjuðar

Rétt verð: ~~kr. 79.900~~
Tilboðsverð: ~~kr. 59.900~~
Ofurtilboð: kr. 49.900
Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gítar
Poki, Stillitæki, Strengjaset
kr. 10.900

Baðinnrétting
Með handlaug, spegli og ljósum
1001500

Góð innrétting
...frábært verð

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Halldóru Bragadóttur arkitekt þykir arkitektúrinn á Háskólabíói mjög nýstárlegur miðað við byggingartímann.

Stórborgarbragur og gamaldags bióstemning

Halldóra Bragadóttir arkitekt segist eiga sér mörg eftirlætishús en það eitt þeirra standi upp úr.

„Ég verð að nefna Háskólabíó við Hagatorg, en ég geng þar um á hverjum degi," segir Halldóra Bragadóttir arkitekt spurð um eftirlætishúsið sitt. „Annars er þetta mjög erfið spurning og mörg hús koma upp í hugann. Mér detta einnig í hug Kjarvalsstaðir og Norræna húsið og fullt af fínum funkis-húsum. Parhýsið við Hávallagötu, flest íbúðarhús Sigvalda Thordarsonar og þó fussað sé mikið yfir húsinu milli Hótel Borgar og Reykjavíkur Apóteks finnst mér það skemmtilegt í götumyndinni. Að ónefndum eigin arkitektúr," segir Halldóra og hlær.

Háskólabíó er samt sem áður bygging sem hún segir vera í mestu uppháhaldi enda sé arkitektúrinn á húsinu mjög nýstárlegur þrátt fyrir að húsið sé hannað í kringum 1956.

„Mér þykir voða skemmtilegt formið sem minnir mig á gamla myndavél og mér hefur alltaf þótt frísklegur arkitektúr á byggingunni," segir Halldóra. Henni þykir sú seinni tíma viðbygging sem hefur verið bætt við húsið vera fín þó að sumar innanhússbreytingar hafi kannski ekki verið til bóta. Og henni þykir kominn tími á að laga eitt og annað á gömlu byggingunni. „Öll ásýnd hússins einkennist af vissum borgarbrag og það eru smápunktar á bláa fletinum þar sem kemur lýsing og gefur stórborgarbrag í myrkri. Það mætti bara huga betur að því að hafa allar perurnar í gangi," segir Halldóra.

„Torgið í kringum Háskólabíó er skemmtilegt, þetta er skemmtileg hverfismiðja sem maður getur séð fyrir sér í nýjum verkefnum frekar en að setja skólana út í móa. Líflegt og skemmtilegt er þarna á morgnana þegar skólinn stendur yfir og svo við bíóið á kvöldin," segir Halldóra og bætir því við að afar fallegt sé að sjá Háskólabíó blasa við endann á Birkimelnum en verst þykir henni skilti á bensínstöð sem skyggir á útsýnið. „Húsið er mjög glæsilegt og leiðinlegt að skiltið skyggi svona á það," segir Halldóra

„Þetta er ekta bíó sem gaman er að hafa í miðju hverfi og stemning sem maður vildi endurvekja," segir Halldóra.

kristineva@frettabladid.is

Girt upp fyrir sig

Grindverk og veggir veita skjól og næði í íslenskum görðum.

Skjól er fólki mikilvægt í görðum sínum enda spretta girðingar og skjólveggir jafn hratt upp og fíflar um allan bæ. Girðingar veita ekki bara skjól undan veðrum og vindum heldur einnig forvitnum nágrönnum og óboðnum gestum og veita næði.

Tvær leiðir eru mögulegar þegar setja á upp girðingu eða skjólvegg, byggja frá grunni eða kaupa tilbúið efni. Best er að byggja grindverkið frá grunni þar sem hægt er að sérsníða það eftir þörfum og þá er hægt að láta hugmyndaflugið ráða ferðinni. Auðveldast á hinn bóginn er að kaupa tilbúna skjólveggi eða grindverk, þó fólk sé þá bundið stöðluðum stærðum en úrvalið er þó mikið og grindverkin til af öllum stærðum og gerðum.

Yfirleitt er gegnvarin fura notuð í grindverk og er hún grænleit á lit en einfalt er að mála hana í öllum regnbogans litum. Áður en grindverk er málað er gott að ráðfæra sig við sérfræðinga því nauðsynlegt er að meðhöndla viðinn á réttan máta svo hann endist sem lengst.

Verslanirnar Húsasmiðjan og Byko hafa báðar gefið út bæklinga sem leiðbeina fólki um uppsetningu skjólveggja og smíðar grindverka. Bæklingarna er jafnframt hægt að skoða á vefsíðum verslananna og þaðan er hægt að prenta efnið út.

Tilbúnir skjólveggir og grindverk í Byko (hér að ofan og neðan).

Tilbúnir skjólveggir og grindverk í Húsasmiðjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY

Hár skjólveggur lokar garðinn vel af og ekki auðvelt fyrir óboðna gesti að komast þar inn.

hof fasteignasala

Hof fasteignasala
Síðumúla 24
Sími: 564 6464
Fax: 564 6466

Guðmundur Björn Steinþórsson
löggiltur fasteignasali

Jón Guðmundsson
sölustjóri

EIGNIR VIKUNNAR

Bergsmári - Útsýni

Glæsilegt 203 fm einbýlishús með innb. bílskúr. Húsið skiptist m.a. í fjögur stór svefnherbergi, stofu og borðstofu. Ljós viðarinnréttíng í eldhúsi. Innaf hjónaherb. er fata- og baðherb. Vandað parket og flísar á gólfum. Skjólgóðir sólpallar í suður og vestur. Hornlóð með frábæru útsýni. Verð 47 millj.

Jöklafold - Endahús

Vorum að fá í sölu glæsilegt endaraðhús á þrem pöllum. Fjögur góð svefnherbergi með skáp og tvö flísalög baðherbergi. Glæsilegt eldhús með eyju og opið inn í bjarta stofu og borðstofum með suður svölum út af. Allar innréttingar fyrstaflokks. Parket og flísar á gólfum. Verð 39 millj.

Hvassaleiti - Laus

Vorum að fá í sölu mjög góða 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Opin og björt íbúð með 2 til 3 svefnherbergjum. Flísalagt baðherbergi með þvottaraðstöðu og opnu eldhúsi. Björt og góð stofa með vestur svölum út af. Góð sameign. Verð 19,8 millj.

Laugavegur - Glæsileg

Vorum að fá í sölu glæsilega 142 fm íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi ásamt tveim stæðum í bílageymslu. Stórar og bjartar stofur með stórum suðursvölum út af, tvö stór svefnherbergi, glæsilegt eldhús og baðherbergi, flísalagt þvottahús innan íbúðar. Massíft plankaparket úr eik og marmari á gólfum. Extra stórar norðursvalir með stórkostlegu útsýni. Verð 42 millj.

Lundarbrekka - Endaíbúð

Mjög góð 107 fm íbúð á 2. hæð með sérinngangi af svölum. Rúmgóð stofa með nýju eikarparketi, suðursvalir út af stofu. Þrjú svefnherbergi með fataskápum. Flísalagt baðherbergi með baðkari og baðinnréttingu. Rúmgott eldhús með snyrtilegri innréttingu. Þvottaherb. á hæð. Glæsilegt útsýni. Verð 19,3 millj.

Naustabryggja - Lyfta

Vorum að fá í sölu glæsilega 104 fm 3ja herb. nyja íbúð á 2. hæð fjölbýli með lyftu og stæði í bílageymslu. Gott eldhús með fallegri innréttingu og rúmgóð og björt stofa með svölum. Tvö rúmgóð herbergi með skápum og flísalagt baðherb.með baðkari. Þvottaherb. í íbúð. Parket og flísar. Eignin er laus.
Verð 22,9 millj

Sóleyjarimi - Síðustu húsin

Glæsileg 210 fm staðsteypt raðhús á tveimur hæðum á þessum frábæra stað. Á neðri hæð: Bílskúr, forstofa, salerni, eldhús, stofa og borðstofa. Á efri hæð: Hol, baðherbergi, þvottaherbergi og 4 herbergri. Hús skilast fullbúin að utan með steinuðum útveggjum og að innan fullbúin án gólfefna með vönduðum innréttingum. Lóð verður frágengin þ.e. bílastæði hellulagðar með hitalögnum en að öðru leyti tyrfð. Teikningar og allar nánari upplýsingar á skrifstofu. Síðusu fjögur húsin. Verð frá 37 millj.

www.hofid.is

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhraun 22

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteigna- og skipasali.
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali.

SKRIFSTOFUR OKKAR Í REYKJAVÍK OG HAFNARFIRÐI ERU OPNAR ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL 9-17.

Runólfur Gunnlaugsson Viðsk.fræðingur lögg. fast.- og skipasali

Ásmundur Skeggjason sölustjóri

Guðmundur Karlsson sölumaður.

Davið Davíðsson sölumaður

Kristín Pétursdóttir löggiltur fasteignasali

Jón Örn Kristinsson sölumaður

Arnhildur R. Árnadóttir ritari

www.hofdi.is Sími 533 6050 • 565 8000

Krókavað 2-12 Norðlingaholti

Vorum að fá í sölu sérlega glæsilegar 127 fm sérhæðir í tvíbýlishúsum á þessum eftirsótta stað. Rúmgóður 40 fm bílskúr ásamt geymslu fylgir efri hæðunum. Húsin verða steinuð að utan í ljósum lit, gluggar verða álklæddir. Lóð verður hellulögð og tyrfð þar sem við á . Vandaðar innréttingar og tæki eru í íbúðunum. Baðherbergi og andyri verða flísalögð, gólhiti. Upphengt salerni með innbyggðum kassa. Baðkar og sturta í öllum íbúðunum. Sér inngangur, bílastæði og garður fylgir öllum íbúðunum. Gott aðgengi er að öllum íbúðunum. Þetta eru glæsilegar, fullbúnar íbúðir án gólfefna.

Traustur byggingaaðili. Allar upplýsingar veita sölumenn á Höfða.

Verð á neðri hæðum kr. 31,9 millj.
Verð á efri hæðum 34,9 millj.

Möguleiki er að fá íbúðirnar tilbúnar undir tréverk.

Verð á neðri hæðum 24,5 millj.
Verð á efri hæðum 27,5 millj.

Fífuvellir raðhús Hfj.

Glæsileg raðhús á tveimur hæðum alls 197,1 fm, þar af bílskúr 31,6 fm. Eignin skiptist í forstofu, geymslu, baðherbergi, fjögur, svefnherbergi, stofu/borðstofu, eldhús og þvottahús. Að utan sfhendist húsið fullbúið, steinað í ljósum lit og tréverk grunnmálað. Lóð verður gróðfjöfnuð. Óskað er aftir tilboði.

Sogavegur parhús

Í einkasölu er 135,3 fm. parhús á einni hæð, miklir möguleikar. Eignin er í dag tvískipt og eru 56fm. í útleigu en eigendur búa sjálfir í 79,3fm.. Til er teikning af húsinu sem gerir ráð fyrir einni íbúð, skemmtilegur garður með góðu garðhúsi. Eignin er staðsett í botnlanga og stendur ekki við umferðargötuna. Verð. 28,2 millj.

Efstasund 2ja herb.

Snyrtileg 49,3 fm. 2ja herb. íbúð í kjallara við rólega götu í grónu hverfi. Sér inngangur. Opið eldhús við stofu.Viðargólfborð. Sérgeymsla. verð 12,3 mill. (4489)

Hraunbær 2ja herb.

Vorum að fá í sölu sérlega fallega 60 fm 2-ja herbergja á 1.hæð á þessum eftirsótta og fjölskylduvæna stað. Verð 12,5 millj.

Kjarrhólmi 3ja herb. Kóp.

Í einkasölu falleg 75fm. 3ja herb. íbúð á 1.hæð. Björt og falleg eign á barnvænum stað. Eignin er njörð og skemmtileg, sér þvottahús í íbúðinni og sér geymsla í kjallara auk sameignar. V.15,9millj.

Drápuhlíð 3ja herb.

Vorum að fá í sölu fallega 88fm mikið endurn. íbúð á þessum vinsæla stað. Sér inngangur. Útgangur úr stofu í garð. Nýlegt eldhús og gólfefni. Verð 17,2 millj. (4580)

Spóahólar 3ja herb.

Vorum að fá í sölu gullfallega, og vel skipulagða 81 fm endaíbúð á 3.hæð í þessu snyrtilega húsi. Nýleg tæki í eldhúsi. Fallegt parket á holi og stofu. Suður svalir. Glæsilegt útsýni. Verð 15,9 millj.

Vesturberg 3ja herb.

Erum með í sölu þessa fallegu 86 fm. 3ja. herb. íbúð í góðu húsi. Parket á öllum gólfum, flísal. baðherb. Vestur svalir með útsýni yfir Reykjavík. Verð 14,2 millj. (3561)

Strandvegur 3ja herb. Gbæ

Íbúð í sérflokki. Sérlega glæsileg 3- ja herbergja íbúð á 1.hæð með sér suður verönd. Sér stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni ásamt sér geymslu í kjallara. Gott aðgengi er að þessari íbúð. Verð 24 mill.

Hrísrimi 3ja herb.

Vorum að fá í sölu fallega 101 fm íbúð ásamt stæði í bílskýli á þessum flotta stað. Parket og flísar á gólfum. Nýleg innr. í eldhúsi. Góð sameign. Verð: 21,9 millj.

Framnesvegur 3ja herb.

Vel staðsett 79,4fm. þriggja herb. íbúð með sérinnangi, bílastæði og afnotareit framan inngangs.Rúmgott eldhús, ágæt rými. Stutt í skóla og miðbæinn. Góð sameign.V.15,9millj.

Hraunbær 3ja herb.

Glæsileg og mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á 1 hæð, ásamt aukaherbergi í kjallara, sem hefur verið leigt út. Húsið er mikið endurnýjað og Steniklætt. Verð 14,5 mill. (4486)

Gnoðarvogur 3ja herb.

Sérlega falleg og talsvert endurnýjuð 74,4fm. 3ja herb. íbúð í góðu húsi á þessum vinsæla stað. Nýlegt rafmagn, parket og nýtt glæsileg eldhús. Verð 14,9 mill. (4484)

Daggarvellir 3-4ra herb. Hfj.

Vorum að fá í sölu gullfallega 3-4 herbergja íbúð á 3.hæð ásamt sér stæði í bílageymslu. Verð 19,9 millj.

Njálsgata 4ra herb.

Vorum að fá í einkasölu fallega 84,3fm íbúð á þessum vinsæla stað.Fallegt parket og flísar á gólfum. Flísalagt baðherb. Uppg. eldhús. Loftalistar. Verð 17,6 millj. (4614)

Blikaás 4ra Hfj.

Sérlega falleg 112fm. 4ra herb. íbúð í glæsilegu 2ja hæða húsi við Ástjörnina í Hafnarfirði. Sérinngangur af svölum, þrjú góð svefnherbergi. Gólfefni og innréttingar eru 1.flokks. Verð. 24,9millj.

Stóragerði 4ra herb.

Vorum að fá í einkasölu sérlega fallega 101fm íbúð á 2 hæð auk bílskúrs. Þrjú herbergi og góð stofa. Hús nýlega tekið í gegn. Verð 20,2 millj. (4427)

Tungusel 4ra herb.

Falleg og vel skipulögð 4ra herb. 113,4 fm. endaíbúð á 2. hæð í fjölbýli á rólegum stað í Seljahverfi. Stutt í leikskóla og Ölduselsskóla. Verð 17,5 mill. (4554)

Skaftahlíð sérhæð.

Erum með í einkasölu glæsilega 150fm neðri sérhæð með bílskúr á þessum vinsæla stað. Sér inngangur, tvennar svalir, nýlegar lagnir út í götu, nýtt dren. Hérna er á ferðinni frábær eign á góðum stað. Verð 31,9 millj. (4573)

Reyðarkvísl raðhús

Vorum að fá í einkasölu fallegt 231,6fm. raðhús ásamt 38,5fm. tvöföldum bílskúr á frábærum stað. Eignin er því samtals 270,1fm og er á tveimur hæðum auk rislofts. Mikil kyrrð og glæsilegt útsýni af norður svölum yfir Reykjavík.V. 43,9millj

Víðiteigur raðhús Mos.

Vorum að fá í sölu glæsilegt 90 fm endaraðhús á einni hæð auk rislofts. Falleg sólstofa. Timburverönd í garði. Parket og flísar eru á gólfum. Verð 25,9 millj.

Skjólsalir raðhús Kóp.

Vorum að fá í einkasölu glæsilegt raðhús með stórum svölum og miklu útsýni. Fallegar ljósar sérsmíðaðar Eikar innr. 4 svefn.herb. Tvö flísal. baðherb. Góður timburpallur. Verð 40,5 millj. (4607)

SUÐURLANDSBRAUT 20 - SÍMI 533 6050 - FAX 533 6055 - BÆJARHRAUNI 22 - SÍMI 565 8000 - FAX 565 8013

Víðivangur einbýli Hfj.

Vorum að fá í einkasölu gullfallegt 250 fm tveggja íbúða hús á fallegri hraunlóð á þessum eftirsótta stað. Verð 55 millj.

Austurgerði einbýli

Fallegt og sérlega vel skipulagt 245,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr og góðum garði á þessum eftirsótta stað. Húsið er á góðum útsýnisstað í Bústaðahverfi. Verð 59,5 mill.

Eskivellir nýbygging Hfj.

Vorum að fá í sölu gullfallega 3ja 86fm íbúð á jarðhæð í nýju húsi. Sér suður garður. Íbúðin er afhent fullbúin án gólfefna. Verð 17,9 millj.

Eskivellir nýbygging Hfj.

Í einkasölu glæsileg 105,4fm. 4ra herb. íbúð á 4.hæð í nýju fjölbýli með lyftu á Völlunum í Hafnarfirði. Sérinngangur af svölum. Fullbúin án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi sem verða flísalögð. V. 22,5millj.

Fífuvellir nýbygging Hfj.

Glæsilegt 211,2fm. endaraðhús á tveimur hæðum með góðum bílskúr. 4 stór svefnherbergi, tvö baðherbergi og frábær hönnun.Einkar góð staðsetning við Hraunjaðarinn, góðir göngustígar liggja að skólanum og um allt hverfið. V. 25,9millj.

Heimsendi - hesthús

Vorum að fá í sölu glæsilegt 15 hesta enda hús á þessum eftirsótta stað. Gerði er við húsið. Frábært hús. Áhv. kr. 7,5 millj. Verð 12,9 millj. (4319)

EIGNABORG FASTEIGNASALA

☎ 564 1500

27 ára

Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.
Jóhann Hálfdánarson, Vilhjálmur Einarsson, löggiltir fasteigna- og skipasalar.

Laugarvatn
Til sölu Tjaldmiðstöðin á Laugarvatni eignir og rekstur sem eru m.a. söluskáli um 214 fm með sætum fyrir um 100 manns, vínveitingarleyfi og gott eldhús. Nýtt gott íbúðarhús um 100 fm. Stækkunarmöguleikar. Einstakt tækifæri fyrir samhenta fjölskyldu.

Ljósheimar 85 fm á 2. hæð í lyftuh. Íbúðin er mjög björt með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum, stofa með vestursvölum, lagt fyrir þvottavél á baði. Húsið var klætt með álklæningu fyrir nokkrum árum. Laus strax. V 16,3 m.

Kópavogsbraut 125 fm sér hæð, 4 scefnherb. Rúmgóð stofa með suðursvölum, ásamt 25 fm. bílskúr. V 27,5 m.

Kársnesbraut 80 fm 3ja herberja íbúð með sér inngangi á efri hæð í tvíbýli. Góð innréttíng í eldhúsi, tvö svefnherbergi, flísalagt baðherb. Viðarklædd loft, mikið útsýni.

Ásbraut 42 fm á 1. hæð, flísar á stofu, suður svalir, laus fljótlega. V 10,5 m

Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, vatnsklæðning, panill og gluggaefni.Verð frá 270.-kr lengdarmetir. Sími 561 1122 / 660 0230

Steinull
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

Til sölu dokaplötur um 400 fm, lítið notaðar. Einnig 2x4 & 1x6" mótatimbur í ýmsum lengdum. Uppl. í s. 893 1696.

Mótatimbur til sölu 1,5"x 4" og dokaplötur í ýmsum lengdum til sölu. Uppl. í s. 896 1606.

Verslun

100% Verðvernd!!!!
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

ÞJÓNUSTA

Barnagæsla

Óska ábyrgri barnapíu lámarksaldur 14 ára til að passa 2-3 kvöld í mánuði erum í Hlíðunum. Upplýsingar í síma 565 3453. Veiga

Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Garðyrkja

Tökum garðinn í gegn!
Sláum gras, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla, þökuleggjum, og margt margt fleira. Gerum góð tilboð. Síminn alltaf opin.
Sláttumenn -Garðaþjónusta. Þórhallur s. 846 0864 Hjörleifur s. 868 2667

Túnþökur.
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
Túnverk ehf. 892 3666
Gylfi Jónsson

Úði - Garðaúðun
Örugg þjónusta í 30 ár.
ÚÐI, Brandur Gíslason, skrúðgarðameistari. Sími 553 2999.

Vorfáni - Hellulagnir
Varmalagnir og drenlagnir ásamt tengingum. Tiltekt í görðum og önnur verk.
S. 892 9141 eða 861 9142.

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

Túnþökusala
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Garð og meindýraeyðing. Eyði köngulóum á húsum geitungabúum. Úða garða gegn lús og maðki. S. 567-6090 897 5206.

Tökum að okkur hellulagnir og ýmis önnur verk. Steinaflatir Uppl. s. 699 8826.

Bókhald

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

Málarar

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 Yrr 98.9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96.7 visir

Við erum vaknaðir..
Vatnsvirkinn Ármúla 21

Opnum klukkan 8.
Vatnsvirkinn Ármúla 21.

Dráttarbeisli
Víkurvagnar

Legur í bíla
Fálkinn

Bráðvantar dönsku lesbókina Stikker, þú færð 680 krónur fyrir þína.
Griffill -alltaf ódýrari.

Kerrur.
Víkurvagnar

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta.
Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.

Hemlahlutir í bíla
Fálkinn

Hleðslurafhlöður.
Rafhlöðubúðin Rafborg.

Innréttingar, hurðir og gluggar, stigar, yfirfræsaravinnsla, lökkun.
Trésmiðjan, sími: 456-3622.

Hársnyrting og hárvörur,
Hársnyrtistofa Sveinlaugar Neskaupstað.

Rómantík við Ísafjarðardjúp.
Reykjanes við djúp.
Sími: 456-4844.

Takk fyrir.
Hamborgarabúlla_Tómasar.

Ferbox sturtuhurðir.
Vatnsvirkinn Ármúla 21

Slökkvitæki, Reykskynjarar, Eldvarnateppi.
Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg

Stórirskór.is

Humarhátíð á Hornafirði,
frábær fjölskylduskemmtun 1. til 3. júlí

Hamborgaratilboð.
Vitaborgarinn Ármúla, Vitabar.

Erum í hjarta bæjarins.
Nýja bakaríið, Keflavík.

Vinnuvélanámskeið Iðntæknistofnunar.
Vinnuvélanámskeið Iðntæknistofnunar hefst þriðjudaginn 28.júní.
Réttindi á allar vinnuvélar.
Iðntæknistofnun.

Verum bjartsýn
Hamborgarabúlla_Tómasar.

Trampolín.
Trampolínsalan s:565-03-13

Þjónusta á sviði ráðninga.
Ráðningarþjónustan.

Rafhlöður.
Rafhlöðubúðin Rafborg.

Glóðarsteiktur hamborgari
Hamborgarabúlla_Tómasar.

Samtengjanlegir þráðlausir reykskynjarar.
Eldavarnarmiðstöðin, Sundaborg.

Ferðamöguleikar og viðburðir á norðurlandi í sumar á norðurland.is.
Markaðsskrifstofa ferðamála.

Stór Trampolín
Trampolínsalan

IBB baðherbergisvörur
Vatnsvirkinn Ármúla 21

Kvöldkyrrð við Ísafjarðardjúp.
Reykjanes við djúp.
Sími: 456-4844

Ferskt og gott alla daga vikunnar.
Nýja bakaríið, Keflavík.

Baðherbergisvörur í miklu úrvali
Vatnsvirkinn Ármúla 21

Símarafhlöður.
Rafhlöðubúðin Rafborg.

Framlengingarspeglar
Víkurvagnar

Þar sem fagmaðurinn verslar, er þér óhætt.
Vatnsvirkinn Ármúla 21

Þelamörk
heit sundlaug.

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



Meindýraeyðing

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Þarftu að flytja? Nýir flutningabílar Ford Transit til leigu á hagstæðu verði frá 7.900 kr. með 100 km inniföldum. Bílaleiga Flugleiða - Hertz . s. 5050600 www.hertz.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Húsaviðhald

Steiningarefni Ýmsar tegundir
Ma. Kvartz, marmari, gabbró, granít ennfremur steiningarlím. Mikið litaúrval. Þvoum og blöndum efnin eftir óskum viðskiptavina. Flytjum efnin á byggingarstað.
Sjón er sögu ríkari
Fínpússning sf Íshellu 2, Hafnarfirði sími: 553 2500 - 898 3995.

Eignarviðhald SF
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuupsetningar, þakásetningar, þak-og gluggamáling. Trésmíðavinna. Tilboð og tímavinna.
Áratugareynsla og fagmennska.
S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. -húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. -þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Hreinsum gráma af sólpöllum!
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
Anton í síma 866 5262.

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Glerjun og gluggaviðgerðir !
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Flísa -& parketlagnir Standsetjum eldh- & baðh. frá A-Ö o.fl. S. 867 4461.

Tek að mér allt viðhald húseigna. Vönduð vinnubrögð. Áralöng reynsla. S. 869 1578.

Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skriftstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Mod kubbar í Playstation 2 til sölu. Nú getur þú spilað kóperaða leiki í PS 2. Sími 821 1714.

Snyrting

Er húðin þurr?
Djúpnæring með hljóðbylgjum. 1/2 klst kr. 2.900- Greifynjan Hraunbæ 102, sími 587 9310. opið frá kl 9-20.

Gelneglur
Naglafræðingur á Snyrtistofunni Hrund Grænatúni 1 Kópavogi. Tímapantanir í s. 554 4025.

Spádómar

Alspá 908-6440
Finn týnda muni. Spil, bolli, hönd, tarrot, draumar. kl 10-22. Y. Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Hanna 908-6040
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

Rafvirkjun

Viðgerðir



Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

HEILSA

Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

ShapeWorks- Lífstíll til kjörþyngdar. Fanney Úlfljótsd. www.fanney.topdiet.is - S. 698 7204.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. 557 5446 & 891 8902, Ásta.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

Nudd

Heilun
Tek fólk í einkatíma í heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Snyrting

Húsgögn

Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Leðursófasett 3+1+1. Sófasett úr svartri nautshúð til sölu. Fjögurra ára gamalt úr Habitat. Mjög vel með farið. Upplýsingar í síma 868 1223. Verðtilboð.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnavörur

Er með falleg barnaföt á drengi og stúlkur 0-5 ára, til sölu á Háahvammi 1 Hfj. Flott verð, gott úrval. Opið 16-19.

Dýrahald

20% afsl.af kattavörum. Dýrabær Hlíðasmára 9 Kóp. Op. Má-fös. 13-18 lau.11-15 S. 553-3062

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Tveir Chihuahua hvolpar, stelpa og strákur til sölu. Undan verðlaunatík og aldir upp á heimili. Uppl. í síma 894 5005.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Sumarparadís

Fjölskylduparadís
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, hestaleiga, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting, veitingar og aðstaða fyrir hestahópa. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi s. 435 6602.

Fyrir veiðimenn

VEIÐIHJÓL FRÁ 3.900,-

www.sportvorugerdin.is

Laxá á Refasveit. Eigum til lausar stangir . Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.

Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.

Dr Jónas valdi þetta sem alhliða laxaboxið. Fæst á www.frances.is

Veiðiportið

Abu matic 276.
Sérlega vandað hjól með 3 kúlulegum og öflugri bremsu. Við bjóðum 20% afslátt! Almennt verð 5.900 kr. Okkar verð 4.720 kr!
Veiðiportið lækkar verð á veiðivörum!
Veiðiportið Grandagarði 3.
Sími: 552-9940

Laxamaðkar til sölu. Uppl. í s. 691 6073.

Hestamennska

Þokki frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárþ
Faðir Fáfnir frá Fagranesi og móðir Blökk frá Tungu.Tölt. 8,5 Brokk. 8,5 Stökk. 8,5 Vilji og Geðsl. 8,5 Fegurð í reið 9,0 Kostir 8,03 Sköpul.7,91. Verð á folatolli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Jón Gísla s. 892 1270 og 861 4253

Segull frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárþ
Faðir Stormur frá Stór-Hól og móðir Orka frá Tungu. Tölt. 9.0 Brokk 8,5 stökk 9,0 Vilji og geðsl. 8,5 Fegurð í reið 8,5 kostir 8,06 sköpul. 7,93. Verð á folatolli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Jón Gísla s. 892 1270 og 861 4253

Ýmislegt

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Torrevieja-Spánn.
Indælt lítið raðhús fyrir 6 til leigu, á góðum stað í bænum. Gott verð. S. 908 6440. www.cozyhouse-torrevieja.com

Íbúð til leigu, 2ja herb. í Árbæ frá 1. júlí í 3 mánuði 65.000 + hússjóður. S. 822 0022 ingo@eskimos.is

Frí leigumidlun. www.leigunet.is

2 bræður óska eftir húsnæði til leigu 2-3 herbergja íbúð, helst í Hfj. en annað kemur til greina. Reyklausir. Uppl. í s. 868 3047.

2ja-3ja herb. íbúð til leigu í Blikahólum, 70 fm. Leiga 80 þús. á mán. Innifalinn hiti og hússjóður. S. 617 6037.

Snyrtileg 2ja herb. íbúð í Hlíðunum við Kringluna á rólegum stað. Reyklaust og reglusamt. Uppl. í síma 844 4905.

Húsnæði óskast

Vantar litla, góða íbúð 1. júlí. sextugur, traustur heimilshaldari. Fv. stjórnandi í verkefnavinnu. S. 661 7281.

Frí leigumidlun. www.leigunet.is.

Óska eftir 2ja herb. íbúð frá 1. júlí. Reglusemi og skilv. greiðslum heitið. S. 847 3430.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð í póstn. 101/105/107, júní-ágúst fyrir erl. ferðamenn. S. 588 0000.

Óska eftir íbúð á svæði 101-104 fyrir 40-60 þús. Uppl. í s. 868 7856.

Íbúð óskast
Óska eftir að taka leigu 3ja-4ra herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu, skilvísar greiðslur. Er reglusamur og reyklaus. Uppl. í s. 896 6005.

Fasteignir

Stór skemmtistaður á sv. 101 til sölu. Uppl. í s. 845 7924 e. kl. 12 mánudag.

Til sölu 2 fallegar ný standsettar íbúðir með nýjum innréttingum á besta stað á Akranesi. Einnig til sölu verslunarhúsnæði á besta stað. Gott verð ef samið er strax. Maggi s. 660 7750.

Sumarbústaðir

Bjálkahús 23 og 37 m2 + 15m2 svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com

Hreinsum gráma af sólpöllum!
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
Anton í síma 866 5262.

Glæsilegt 5.300 fm sumarbústaðaland í Ásgarðslandi við Sogið, til sölu á svæðinu er heitt og kallt vatn háhraðtenging uppl. í síma 8929804

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Geymsluhúsnæði

ATVINNA

EYKT.
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Kranamenn

Vegna aukinna verkefna í Höfðatúni vantar strax kranamenn til starfa.

Upplýsingar veitir Baldvin í síma **822-4431**

Múrarar/nemar

Getum bætt við okkur mururum til starfa, einnig óskum við eftir nemum á samning.
Upplýsingar veitir Sigurbjörn í síma **822-4438**

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

BM ráðgjöf
Starfsfólk !
Við erum að bæta við duglegu sölufólki núna !
Góð verkefni – góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2485
Reykjanesbæ 862 1180
bm@bm.is

Didrix spa
s. 5618677
Nám
Spennandi vinna!
Góð laun
Fyrir duglegt Fólk
uppl.www.leit.is

Starfsfólk óskast
Óskum eftir að ráða starfskraft með grafík þekkingu í framleiðsludeild okkar. Starfið felst í því að hafa umsjón með forvinnslu fyrir myndsaum en einnig uppsetningu vegna nýrrar gerðar pöntunar og að hluta framkvæmd hennar. Einnig óskum við eftir að ráða saumakonur með góða verkþekkingu.
Upplýsingar í síma 562 6464
einnig á henson@henson.is
Henson hf Brautarholti 24.

Hreint og fínt leitar að fólki í aukavinnu við hreingerningar og þrif. Uppl. í s. 892 5915.

Borgargrill auglýsir eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Dagvinna, kvöld og helgarvinna. Upplýsingar í síma 820 5851 Borgargrill við Miklubraut borgargrill@internet.is

Heildsala á svæði 210 óskar eftir duglegum lagermanni í fullt starf við pökkun, útkeyrslu, áfyllingar og önnur tilfallandi verkefni. Verður að geta hafið störf sem fyrst. Leitum að röskum og samviskusömum einstaklingi með bílpróf. Umsóknir sendist á Fréttablaðið merktar L-21012.

Óska eftir fólki í afgreiðslustörf í bakarí í Hafnarfirði. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 895 8192 milli 10-16.

Helgarvinna
Óskum eftir að ráða hresst og áhugasamt fólk í helgarvinnu í NK kaffi Kringlunni. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

Starfskraftur á bar. Starskraftur óskast á bar á Laugavegi. Hlutastarf. Þarf að vera vön. Símí 691 3360.

Hress afgr.manneskja óskast til starfa á grill/ísstað í vesturbænum. Glóð-inn v/Vesturbæjarlaug, Hofsvallagötu. S. 892 4592 eða á staðnum.

Aukavinna-uppgrip
Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Verkamaður
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkamann í jarðvinnuframkvæmdir. S. 892 0989

Nonnabiti
Starfskraft vantar í fullt starf og hlutastarf, reyklaus. Uppl. í s. 551 2312 (milli 14-18, ekki svarað í hád.), 899 1670 & 898 5956.

Hótel í Rvk. óskar eftir þernu í fullt starf. Sumarvinna. Einnig vantar bókara í hlutastarf. S. 588 0000 milli kl. 10 og 18.

Vantar starfskraft á kúabú á norðausturlandi til inni og útistarfa. Uppl. í síma 894 3367 & 464 3367.

Starfsmann vantar á sérhæfðan skyndibitastað í Reykjavík. Mjög góð laun í boði fyrir réttan starfskraft. Fullt starf og eða hlutastarf. Uppl. gefur Haraldur í s. 692 2220.

Viðskiptatækifæri

Auka Buisness
Lítið veffyrirtæki til sölu, auðveld vinna, góð afkoma. Uppl. í s. 660 7750.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Metabo borvél týndist 24. Júní á leiðinni Víðihvammur, Lindarhvammur, Hlíðavegur að Digranesvegi. Vinsamlegast hringið í s. 554 1261 eða 863 3961.

Einkamál

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

MARKAÐURINN

Talstöðin FM 90,9
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

HJALLAKIRKJA

Hjallakirkja í Kópavogi var vígð á páskadag 11. apríl 1993 af herra Ólafi Skúlasyni biskupi og var fyrsti sóknarprestur hennar séra Kristján Einar Þorvarðarson. Kirkjan er teiknuð af Hróbjarti Hróbjartssyni en hljómburðarfræðingur kirkjunnar er Stefán Einarsson í Gautaborg. Kirkjan rúmar 200 til 300 manns í sæti. Skírnarfonturinn og prédikunarstóll eru eftir Hróbjart en í stað altaristöflu er stór kross. Gólfið er lagt með íslenskum grásteini og stólarnir úr ljósri eik klæddri íslensku ullaráklæði. Safnaðarheimilið er ábyggt, en þar er skrifstofuálma og tveir salir. Organisti er Jón Ólafur Sigurðsson og orgelið er tæplega 30 radda og smíðað af Björgvini Tómassyni. Sóknarprestur er séra Íris Kristjánsdóttir og prestur séra Sigfús Kristjánsson.

DRAUMAHÚSIÐ MITT BIRGITTA HAUKDAL

Langar í stóran garð

„Ég á mér nú ekkert draumahús og hef ekki spáð mikið í hvernig hús mig langar í," segir söngkonan Birgitta Haukdal þegar hún er spurð um draumahúsið sitt. „Ef ég verð einhvern tímann svo heppin að eignast einbýlishús finnst mér skipta mestu máli að það sé nálægt fjölskyldu minni og vinum. Ég vil frekar vera nálægt fjölskyldunni en í flottu húsi." Aðspurð um hvort draumahúsið sé ekki á Húsavík segir Birgitta að svo sé ekki. „Nú er fjölskylda mín flutt í bæinn þannig að ég hugsa að ég vilji frekar búa hér. Þau fluttu einmitt suður til að vera nær fjölskyldunni og sættu sig við að selja stórt einbýlishús fyrir norðan fyrir minna hús hér. Ég hugsa að ég myndi gera það sama." Þótt Birgitta eigi ekkert sérstakt draumahús dreymir hana um að eiga stóran garð. „Það væri algjör draumur. Ég þarf ekki að hafa stórt í kringum mig en mig langar að hafa fallegan garð við húsið mitt, hvort sem það verður í náinni framtíð eða bara í ellinni."

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Birgittu þykir mikilvægara að vera nálægt fjölskyldunni en í fallegu húsi.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ISAK

Höll risin við Brúartorg

Sparisjóður Mýrasýslu vígði nýtt hús í gær. Það stendur við norðurenda Borgarfjarðarbrúar.

Hið nýja hús Sparisjóðs Mýrasýslu er teiknað og hannað af teiknistofu Ingimundar Sveinssonar. Það er 1170 fermetrar að stærð á tveimur og hálfri hæð. Húsið er að hluta til glerhöll en að innan ber mikið á tré í innréttingum. Þarna á að geta farið vel um þá 28 starfsmenn sem vinna hjá fyrirtækinu.

Það hefur dágott útsýni yfir umferðina á Brúartorginu. Fyrsti afgreiðsludagur sparisjóðsins í nýja húsinu var sl. föstudaginn og að sögn Gísla Kjartanssonar, sparisjóðsstjóra var stanslaus straumur í stofnunina. Mikið var líka um dýrðir í gær þegar húsið var vígt og margir komu að skoða.

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Visis

Ætlar þú að smíða pall í sumar?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU:
Hefurðu endurfjármagnað lán vegna íbúðarkaupa á þessu ári?

Já	22,37%
Nei	77,63%

Ný verslun í Grafarholti

Verið velkomin

Opið alla daga til 19

blómaval
heillandi heimur

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Grimmilegt, ómannlegt og smánar okkur öll

UMRÆÐAN
BARÁTTAN GEGN PYNDINGUM

JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR

Í gær var alþjóðlegur dagur Sameinuðu þjóðanna til stuðnings fórnarlömbum pyndinga. Sagan kennir okkur að of margir hafa kosið að þegja andspænis misþyrmingum. Amnesty International hefur unnið mikið starf í baráttunni gegn pyndingum og í áraraðir birt upplýsingar um pyndingar og þrýst á yfirvöld víða um heim að stöðva slíkar misþyrmingar. Fyrsta herferð samtakanna gegn pyndingum beindist að pyndingum á pólitískum föngum. Sú herferð leiddi meðal annars til þess að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu sáttmála gegn pyndingum sem meira en 120 ríki hafa staðfest. Þó hylma margar ríkisstjórnir yfir pyndingar í stað þess að sækja hina ábyrgu til saka. Mikið starf er enn óunnið til verndar fólki sem sætir eða hefur sætt slíkri meðferð.

Víða í heiminum er fólk pyndað á kerfisbundinn hátt. Pyndingar þekkja engin landamæri. Á lista yfir pyndingartæki eru ekki aðeins forn tæki, svo sem svipur, barefli, heldur er nútímatækni líka beitt, rafmagni, sálfræði og lyfjum. Pyndingar eru eitt mesta lýtið á mannskepnunni.

Amnesty International berst fyrir afnámi pyndinga og beitir sér einkum á tvennan hátt; með beinni íhlutun til þess að bjarga fórnarlömbum pyndinga þegar upplýsingar eru fyrir hendi og með því að hvetja yfirvöld, samtök og almenning til að gera sitt til þess að uppræta pyndingar.

Í hinu svokallaða „Stríði gegn hryðjuverkum“ hafa ýmis stjórnvöld, þar á meðal Bandaríkjamenn, reynt að endurskilgreina pyndingahugtakið og grafa þannig undan því algjöra banni sem hefur verið á notkun pyndinga. Í viðtölum við fyrrum fanga sem haldið var í búðum sem reknar eru af bandarískum stjórnvöldum í Írak, Afganistan og Guantánamo hefur komið fram að þeir hafa sætt pyndingum og niðurlægjandi meðferð. Upplýsingar Amnesty sýna að ekki er um afmörkuð tilfelli að ræða. Bandarísk stjórnvöld hafa ekki brugðist efnislega við ásökunum sem fram hafa komið í rannsóknum óháðra mannréttindasamtaka á borð við Amnesty International.

Amnesty-félagar hafa barist gegn pyndingum frá stofnun samtakanna. Sú barátta hefur beinst að fjölmörgum ríkisstjórnum sem hafa gerst sekar um slíka meðferð. Almenningur og ríkisstjórnir um allan heim þurfa að taka höndum saman gegn þeirri miklu vá sem pyndingar eru og fordæma þær.

Höfundur er framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty Intern.



Þjónustuver KB banka er opið frá 8-19 alla virka daga

444 7000

Við aðstoðum þig við alla almenna bankaþjónustu frá morgni til kvölds

- upplýsingar um stöðu reikninga
- millifærslur
- innborgun á kreditkort
- innborgun á skuldabréf
- framlenging á yfirdráttarheimild

KB BANKI

www.kbbanki.is

JACK LEMMON (1925-2001)
- lést þennan dag.

„Mistök ná sjaldnast að stöðva mann. Það sem stöðvar mann er óttinn við að gera mistök.“

- Jack Lemmon var ástsæll bandarískur gamanleikari. Hann er þekktur fyrir myndir eins og Some Like It Hot og Grumpy Old Men.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Júgóslavía ræðst inn í Slóveníu

Þennan dag árið 1991 réðst júgóslavneskt herlið inn í Slóveníu aðeins 48 tímum eftir að landið lýsti yfir sjálfstæði sínu. Reynt var að ná stjórn á landamærastöðvum landsins við Ítalíu, Austurríki og Ungverjaland auk þess sem ráðist var á flugvöllinn við höfuðborgina Ljúblíana. Nokkur viðbúnaður var í nágrannalandinu Króatíu, sem einnig hafði sóst eftir sjálfstæði. Strax á fyrsta degi höfðu nokkrir látist og enn fleiri slasast en yfirvöld Slóveníu neituðu að sættast á þriggja mánaða vopnahléssamkomulag sem forsætisráðherra Júgóslavíu bauð. Kröfðust slóvenar þess að herlið yrði dregið til baka áður en kæmi til samningaviðræðna.

Kommúnistaríkið Júgóslavía var myndað af Marshall Tito árið 1945. Hann skipti ríkinu í sex sambandslýðveldi, Króatíu, Svartfjallaland, Serbíu, Slóveníu, Bosníu-Hersegóvínu og Makedóníu, en aldrei var langt í spennu milli þjóðflokka. Þó að sambandið héldi í tíu ár eftir dauða Tito árið 1980 féll það fljótt saman eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Slóveníu. Króatía og Bosnía fylgdu fljótlega í kjölfarið en við það urðu miklar

27. JÚNÍ 1991

stríðsdeilur við Serba sem vildu byggja upp stærri og betri Serbíu. Bitur átök þróuðust sem einkenndust af miklum fjölda flóttamanna, þjóðernishatri og ódæðisverkum af hendi allra hliða. Óstöðugur friður komst ekki á fyrr en í desember árið 1995.

MERKISATBURÐIR

1855 Gufuskip kemur til Íslands í fyrsta sinn. Þetta var danska skrúfuskipið Thor.

1885 Öxar við ánna, ljóð Steingríms Thorsteinssonar við lag Helga Helgasonar, var flutt í fyrsta skipti við upphaf Þingvallafundar.

1921 Rafstöðin við Elliðaár er vígð að dönsku konungshjónunum viðstöddum.

1940 Þjóðverjar byrja að nota Enigma-dulkóðunarvélina.

1950 Truman Bandaríkjaforseti gefur fyrirskipun að senda eigi hermenn til Kóreu.

1957 Sýnt er fram á bein orsakatengsl milli reykinga og lungnakrabbameins.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðrún Ingibjörg Jónsdóttir

frá Ytri Veðrará,

sem lézt þriðjudaginn 14. júní, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni þann 28. júní kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sunnuhlíðar.

Viðar Sigurjónsson **Ólöf Jónsdóttir**
Gunnhildur Sigurjónsdóttir
Þórður M. Adólfsson
Anna Ásgeirsdóttir
Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi okkar,

Ketill Högnason

tannlæknir, Melgerði 12, Kópavogi,

sem lést á Líknardeild Landspítalans 19. júní síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 27. júní kl. 15. Þeim sem vildu minnast hins látna er vinsamlegast bent á Hjúkrunarþjónustuna Karítas eða aðrar líknarstofnanir.

Hildigunnur Davíðsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Helgi Ketilsson **Guðrún Jóhanna Sveinsdóttir**
Davið Ketilsson **Drífa Lind Gunnarsdóttir**
Guðbjörg Ketilsdóttir **Mikael Svend Sigursteinsson**
Hildur Högnadóttir **Haukur Högnason**
og afabörn.

Fróðleikur af gardur.is

Skáldkona:

Ólína Jónasdóttir

Ólína Jónasdóttir var fædd að Silfrastöðum í Skagafirði 8. apríl 1885, dóttir hjónanna Þóreyjar Magnúsdóttur og Jónasar Hallgrímssonar. Ólst upp hjá afa sínum og skáldmæltri ömmu á Bólu í Blönduhlíð, síðar hjá öðrum á Kúskerpi. Verunni þar lýsti hún í bókinni Ég vitja þín æska (1946). 13-22 ára var hún í foreldrahúsum á Fremri-Kotum, en um tíma hjá foreldrum Jóhanns skálds Sigurjónssonar á Laxamýri. 1907 giftist hún Halli Jónssyni. Bjuggu á Brekkukoti ytra, uns hann drukknaði 1909. Var Ólína eftir það með son þeirra Jón á ýmsum stöðum. Um fertugt veiktist hún af berklum, var eftir það á Sauðárkróki til lækninga. Ung hóf hún að yrkja, en ströng alvaran á Kúskerpi var erfið bókþyrstri barnssál. Vísurnar, sem hún faldi, fóru brátt að lýsa megnri svartsýni. En á Laxamýri sýndi fólk henni skilning, og andleg sýn víkkaði. Hún fann hugarró, sískrifandi og lét stökur fjúka sem fóru víða. Síðust var þessi: Hugans þræði hljóð ég rek, / hér er næði og friður, / meðan úr æðum allt mitt þrek / er að blæða niður. Kvæði Ólínu eru að mestu óútgefin, en handrit varðveitt. Á nokkur ljóð í safnritinu Stúlka, sumt í harmrænum anda, en myndirnar skírar og fagrar. Sumt lýsir æðruleysi: Margt í huga býr og brýzt, / birta mun ég þar af fæst, / af því ég tala allra sízt / um það sem er hjarta næst. Ólína lézt 29. ág. 1956 og var jarðsungin frá Miklabæ.

Meira um hana á gardur.is

Ólína hvílir í Miklabæjarkirkjugarði, sjá nánar á www.gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS: 75 ÁRA

Þúsund ára markmið

Þegar Skógræktarfélag Íslands var stofnað fyrir 75 árum setti það sér þúsund ára markmið. Megintilgangurinn við stofnun félagsins árið 1930 var að endurheimta gróður sem hafði verið í landinu við landnám. Þá var sett það markmið að á tvö þúsund ára Alþingishátíð yrði landið vaxið skógi milli fjalls og fjöru á ný.

Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, segir að fyrir 1930 hafi verið mjög lítið að gerast í skógrækt. Upphafið sé þó rakið til aldamótanna þar síðustu þegar furulundur var gróðursettur á Þingvöllum. Við það hafi um tíma aukist áhugi á skógrækt og fólk gróðursetti í garðinum heima hjá sér. Skógrækt ríkisins var síðan stofnuð árið 1907 en fram undir 1930 var aðaláherslan lögð á að vernda þann skóg sem fyrir var og ekki fyrr en eftir þann tíma að skógrækt færðist í aukana.

„Fólk hafði almennt ekki neina trú á því að skógur gæti vaxið á Íslandi og tók um fimmtíu ár að sannfæra Íslendinga um það,“ segir Magnús og telur það eitt helsta afrek félagsins að sannfæra íslensku þjóðina um að hægt væri að rækta skóg á Íslandi og einnig nýta skóginn. „Mikill skilningur er meðal þjóðarinnar um skógrækt,“ segir Magnús og bendir á sér til stuðnings könnun sem gerð var nýlega þar sem níutíu prósent töldu skógrækt vera góða fyrir land og þjóð.

Í tilefni afmælisins voru átta félög um allt land með sérstaka skógardaga um helgina. Á laugardag var haldinn hátíðarfundur á Þingvöllum þar sem gróðursett voru 75 tré. Var þetta gert í tilefni afmælis félagsins en einnig til heiðurs Frú Vigdísi Finnbogadóttur sem er mikill stuðningsmaður félagsins og varð einnig 75 ára á árinu. „Hún er bara tveimur mánuðum eldri en félagið,“ segir Magnús, sem gerir sér vonir um að markmið upphafsmanna Skógræktarfélagsins náist. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ól.

MAGNÚS JÓHANNESSON Formaður Skógræktarfélags Íslands telur mesta afrek félagsins verið að sannfæra íslensku þjóðina um að skógrækt sé möguleg.

ANDLÁT

Júlíana Bender, lést á elliheimilinu Grund sunnudaginn 12. júní. Útförin fór fram í kyrrþey.

Þórey Kristjánsdóttir, Fljótaseli 13, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans Landakoti aðfaranótt sunnudags 19. júní. Útförin fór fram í kyrrþey.

Þorgeir Haraldsson, Bjarkagrund 39, Akranesi, lést á sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 21. júní.

Jórunn Axelsdóttir, Tunguseli 1, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, þriðjudaginn 21. júní.

Knútur G.F. Kristjánsson, húsasmíðameistari, Arnarhrauni 23, Hafnarfirði, lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, miðvikudaginn 22. júní.

JARÐARFARIR

13.00 **Aðalbjörg Ásgeirsdóttir (Lalla)**, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Margrét Þórdís Egilsdóttir** gerlistakona, Kambaseli 21, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

13.30 **Anton Ófeigur Antonsson**, útskurðarmeistari (Tony trélist), Munkaþverárstræti 11, Akureyri, verður jarðsunginn frá Hvítasunnukirkjunni á Akureyri.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

MEÐ FULLT FANG Ekki væsti um litlu stúlkuna í fanginu á þessari konu á sýningu Smithsonian-safnsins á lifnaðarháttum hirðingja.

TILBOÐ

AivX 3.5" spilari

BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

HÝSING
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

BEINT Í GRÆJUR
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr AivX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

ÖRUGG VINNSLA
Sarotech AivX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar án vandræða með öllum venjulegum 3.5" IDE harðdiskum

EKKERT MÁL
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

FYLGIHLUTIR
Allir kaplar, fyrirferðalítil taska og fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

VERÐ 14.900

GEFORCE NX6600

MSI

ENGIN VIFTA • ENGINN HÁVAÐI

Viftulaust MSI GeForce NX6600 með hraðvirkt 256MB 500MHz DDR vinnsluminni, kemur með TV-inn og TV-út, með stuðning við HDTV og er PCI-Express x16. Fyrsta alvöru viftulausa PCI-Express skjákortið

VERÐ 19.900

WD HARÐIR DISKAR

WD Western Digital®

SPECIAL EDITION
Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer

FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum

WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður

200GB 8.990 | 250GB 11.900

CANON iP4000

Canon

5 hylkja kerfi • mjög hagkvæmur í rekstri Einstök gæði á ljósmyndum • Full blæðing á A4 í 4800x1200 punkta upplausn • Prentar beint á geisladiska • Allt að 25 bls á mín

VERÐ 17.900

17" ACER LCD SKJÁR

acer

Glæsilegur 17" ACER TFT LCD skjár (AL1715S) 12ms Response skilar hröðustu leikjum óaðfinnanlega 500:1 í skerpu • Silfurlitaður • Aðeins 4.2Kg. Hentar í alla almenna vinnslu, leiki og kvikmyndir

VERÐ 24.900

MINNISLYKLAR

SanDisk

Cruzer Micro, USB2 minnislyklar frá Sandisk, Fáanlegar stærðir 128MB, 256MB, 512MB, 1GB og 2GB • Geymir gögnin þín, tónlist, ljósmyndir og fl. • Hraðvirkur og einfaldur gagnaflutningur

256MB 2.990 | 512MB 5.990 | 1 GB 11.900

CHIEFTEC HÝSING

CHIEFTEC

Glæsileg utanáliggjandi ál hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska. Tengist í USB2 sem tryggir hraða og öryggi. Álið skilar svo hámarks kælingu og hún er einstaklega auðveld í notkun.

VERÐ 4.990

Rekstrarvörur, mikið úrval af pappír. Flestar gerðir af bleki og tónerum fyrir Canon, Epson og Hp prentara.

Loksins kominn, einn frábærasti leikur ársins
VERÐ 3.790

Traxdata DVD R 4,7GB 8x hraða, 25stk
VERÐ 3.990

MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2)
VERÐ 2.990

Frábær Logitech V500 ferðatölvu Mús
VERÐ 3.990

2200+K7, MSI móðurb., 3D skjákort, netkort ofl.
VERÐ 12.900

Hágæða minniskort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði

512MB DDR 400MHz minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.990

VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Heimsmet hjá Kristínu

Afrekskonan Kristín Rós Hákonardóttir setti heimsmet í 200 metra baksundi á opna þýska meistaramótinu í gær. Hún synti á 3 mínútum og 8,23 sekúndum. Kristín lét ekki þar við sitja heldur setti hún líka Íslandsmet í 200 metra skriðsundi. Svo sannarlega glæsilegur árangur hjá þessum stórkostlega íþróttamanni.

sport

sport@frettabladid.is

VALUR TEKUR Á MÓTI KR Í KVÖLD: GAMLIR KR-INGAR TAKA Á MÓTI SÍNUM GÖMLU FÉLÖGUM

Áreiðanlega skrítið að spila á móti KR

Leikur Vals og KR í Landsbankadeildinni í kvöld verður ekki aðeins áhugaverður fyrir þær sakir að þar mætast gömlu Reykjavíkurstórveldin í deildarleik í fyrsta sinn í langan tíma, heldur má gera ráð fyrir að með einhverjum verði blendnar tilfinningar í leiknum.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals mun stýra liði sínu í fyrsta skipti gegn sínu gamla félagi sem lét hann fara í fyrra og Guðmundur Benediktsson mun spila sinn fyrsta leik gegn KR en hann lék með félaginu í fjölda ára. Fréttablaðið sló á þráðinn til Guðmundar og spurði hann að því hvernig leikurinn legðist í hann.

„Það verður áreiðanlega mjög skrítin tilfinning að spila á móti KR, enda var ég búinn að vera hjá þeim í tíu ár áður en ég kom til Vals," sagði Guðmundur. „Ég reyni auðvitað bara að standa mig vel eins og í öllum leikjum, það skiptir ekki máli hvort það er gegn KR eða einhverju öðru liði. Því er þó ekki að neita að þetta verður hálf skrítið, en við erum búnir að tapa tveimur leikjum í röð og því er kominn tími á sigur hjá okkur," sagði Guðmundur.

Við spurðum hann að lokum hvort hann héldi að fyrrum félagar hans í KR myndu veigra sér við að sparka hann niður í leiknum í kvöld. „Nei, ég hugsa að þeir geri það nú ekki, ef ég þekki þá rétt," sagði Guðmundur og hló. „Þetta verður áreiðanlega hörkuleikur og þegar á völlinn er komið er enginn annars bróðir, enda er ekki vænlegt til árangurs að vera eitthvað að tipla á tánum í þessari baráttu þó maður sé að spila á móti vinum sínum."

> Við fordæmum ...

.... framkomu ÍA sem stillti upp varaliði gegn finnska liðinu Inter Türku í gær en ljóst var að Skagamenn höfðu lítinn áhuga á að komast áfram í keppninni. Slík framkoma er íslenskri knattspyrnu ekki til framdráttar og ef lið hafa ekki áhuga á keppninni þá eiga þau ekki að taka þátt. Skammist ykkar!

> Við óskum ...

.... FH-ingum til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn 2005 og skömmumst okkar ekkert fyrir að gera það í júní. FH er einfaldlega í sérflokki á Íslandi og ekkert getur komið í veg fyrir að Heimir Guðjónsson lyfti bikarnum á ný.



Fylkismenn flengdir

FH kláraði Fylki á 21 mínútu í Árbænum. Hafnfirðingar voru frábærir í leiknum og formsatriði fyrir þá að verja titilinn.

Fylkir	2-5	FH

Fylkisvöll., áhorf: 1514 — Magnús Þórisson (6)

0–1 Allan Borgvardt (8.)
0–2 Allan Borgvardt (13.)
0–3 Auðun Helgason (21.)
0–4 Heimir Guðjónsson (33.)
1–4 Björgólfur Takefusa, víti (70.)
2–4 Helgi Valur Daníelsson (80.)
2–5 Allan Borgvardt (86.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–15 (4–12)
Varin skot	Bjarni 6 – Daði 2
Horn	2–3
Aukaspyrnur fengnar	9–15
Rangstöður	2–4

ÞRENNA Daninn Allan Borgvardt skoraði þrjú mörk gegn Fylki í gær. Atli Viðar Björnsson fagnar hér einu markana með honum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

FÓTBOLTI Þó svo að júnímánuður sé ekki liðinn lítur út fyrir að ráðið sé hverjir verði Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla í ár. FH-ingar hafa unnið alla átta leiki sína á mótinu til þessa og þann síðasta með því að skora fimm mörk gegn tveimur á heimavelli Fylkis í Árbænum. Fyrirfram var talið að Fylkismenn þyrftu að stöðva FH-inga ef einhver spenna ætti að ríkja við toppinn í sumar og svöruðu Hafnfirðingar því mjög skýrt að þeir ætli hvergi að gefa eftir.

„Ég hef aldrei lent í því að vera 4-0 undir eftir hálftíma," sagði Björgólfur Takefusa, annar markaskorara Fylkis eftir leikinn. „Að vinna sig úr því var of mikið í dag, sérstaklega gegn þessu liði."

Að klára leikinn eftir það var bara formsatriði og þó svo að Fylkismenn hafi klórað í bakkann í lok leiksins var sigur FH aldrei í hættu.

Þess í stað fullkomnaði Allan Borgvardt þrennuna sem var viðeigandi þar sem hann hafði rotað heimamenn með tveimur góðum mörkum í upphafi leiksins.

„Þeir eru búnir að vinna alla sína leiki og það verður erfitt að stoppa þá," sagði Björgólfur. „Ég held að það sé formsatriði fyrir þá að klára mótið eins og málum er háttað núna. Þeir eru með góðan hóp og mjög vel spilandi lið."

Þrjá byrjunarliðsmenn vantaði í lið FH í dag en kom engan veginn að sök. Liðið spilaði glimrandi vel á vellinum.

„Þetta er ekki bara formsatriði fyrir okkur," sagði Tryggvi Guðmundsson FH-ingur eftir leikinn. „Þetta er snilldarbyrjun og við verðum að halda þessu áfram en það er nóg eftir af mótinu."

Um leikinn sagði hann að það hafi verið lagt upp með að klára Fylkismenn snemma. „Við vorum staðráðnir í því að byrja vel. Fylkir er mjög léttleikandi lið ef það nær sér á strik. Við ætluðum ekki að gefa þeim tækifæri til þess og var ágætt að vera komnir 3-0 yfir í upphafi leiksins. Þetta gekk allt upp hjá okkur."

eirikurst@frettabladid.is

FYLKIR 4–4–2		FH 4–3–3	
Bjarni	6	Daði	8
Arnar	3	Freyr	8
(46. Kristján	5)	Auðun ⚽	8
Valur Fannar	4	Ásgeir	8
Ragnar 🟥	4	Guðmundur	8
Gunnar Þór	4	Heimir ⚽	6
Guðni Rúnar	6	Baldur	7
Helgi Valur ⚽	5	(67. Jónas	6)
Eyjólfur	7	Davíð	6
Viktor Bjarki	5	Atli Viðar	7
(63. Albert	5)	(77. Ólafur Páll	–)
Christiansen	4	Tryggvi 🟥	7
(46. Gustafsson	3)	**Borgvardt ⚽⚽⚽**	**9***
Björgólfur ⚽	7		

*MAÐUR LEIKSINS

John Lawless, miðjumaður TNS, er mikill aðdáandi Liverpool:

Ekki misst af leik með Liverpool í fimm ár

FÓTBOLTI John Lawless, miðjumaður Total Network Solutions, sem mætir Liverpool í fyrstu umferð meistaradeildar Evrópu, er mikill aðdáandi Liverpool og hefur ekki misst af leik með liðinu í fimm ár.

Lawless, sem er með Liverpool húðflúr á handleggnum, getur ekki beðið eftir því að mæta þeim.

„Fjölskylda mín mætir á leiki með Liverpool og ég fór með henni til Istanbúl á úrslitaleikinn. Besta stund lífs míns. En ég held að þessi leikur muni toppa úrslitaleikinn. Að spila á móti hetjunum mínum verður ótrúlegt, og ég mun leggja mig allan fram."

Nora, móðir Johns, er afar stolt af syni sínum. „Ég er svo ánægð fyrir hans hönd, en jafnframt vorkennum við honum því leikmenn Liverpool eru hetjurnar hans.

HEIMAVÖLLUR TOTAL NETWORK SOLUTIONS Aðalstúkan á heimavelli Total Network Solutions er ekki jafn glæsileg og Kop-stúkan fræga á Anfield Road í Liverpool.

Síðan hann var krakki hefur hann verið mikill aðdáandi liðsins og fer á alla leiki með þeim. Hann mun án efa njóta hverrar sekúndu af leiknum."

Total Network Solutions reynir nú að fá heimaleikinn sinn færðan yfir á heimavöll Wrexham þar sem þeirra völlur tekur að hámarki tvö þúsund áhorfendur. - mh

Á KAFI Í HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

ÁRBÆJARLAUG BREIÐHOLTSLAUG GRAFARVOGSLAUG KLÉBERGSLAUG LAUGARDALSLAUG SUNDHÖLLIN VESTURBÆJARLAUG

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ÍTR28754/06.05

LAUGARNAR Í REYKJAVÍK

itr.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

FYLKIR-FH	2–5
FRAM–KEFLAVÍK	2–3
GRINDAVÍK–ÞRÓTTUR	1–1

STAÐAN:

FH	8	8	0	0	23–4	24
VALUR	**7**	**5**	**0**	**2**	**15–5**	**15**
KEFLAVÍK	8	4	2	2	15–18	14
FYLKIR	**8**	**3**	**2**	**3**	**14–14**	**11**
KR	7	3	1	3	8–8	10
FRAM	**8**	**2**	**2**	**4**	**9–9**	**8**
GRINDAVÍK	8	2	2	4	9–15	8
ÍA	**7**	**2**	**1**	**4**	**5–11**	**7**
ÍBV	7	2	0	4	6–16	6
ÞRÓTTUR	**8**	**1**	**2**	**5**	**11–15**	**5**

MARKAHÆSTIR:

Tryggvi Guðmundsson, FH	8
Allan Borgvardt, FH	**7**
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	5
Matthías Guðmundsson, Val	**4**
Hrafnkell Helgason, Fylki	4
Andri Fannar Ottósson, Fram	**3**
Baldur Aðalsteinsson, Val	3
Hjörtur Hjartarson, ÍA	**3**
Páll Einarsson, Þrótti	3

Álfukeppnin:

MEXÍKÓ–ARGENTÍNA 1–1
1–0 Carlos Salcido (104.), 1–1 Luciano Figueroa (111.).
Argentína vann leikinn eftir vítaspyrnukeppni og mætir því Brasilíu í úrslitaleiknum.

Norska úrvalsdeildin:

LYN–AALESUND 0–0
Stefán Gíslason lék allan leikinn fyrir Lyn og slíkt hið sama gerði **Haraldur Freyr Guðmundsson** fyrir Aalesund.

ODD GRENLAND–BRANN 0–0
Kristján Örn Sigurðsson og **Ólafur Örn Bjarnason** voru báðir í byrjunarliði Brann og léku allan leikinn.

START–BODÖ/GLIMT 2–0
Jóhannes Harðarsson var í byrjunarliði Start en var skipt af velli á 69. mínútu.

Sænska úrvalsdeildin:

HAMMARBY–GEFLE 0–1
Pétur Marteinsson lék ekki með Hammarby að þessu sinni.

Intertotokeppnin:

ÍA–INTER TURKU 0–4
Þetta var síðari leikur liðanna en fyrri leikur liðanna í Finnlandi endaði með markalausu jafntefli. Skagamenn eru því úr leik í keppninni.

Sætur sigur hjá Keflavík í Dalnum

Keflvíkingar unnu sætan 3-2 sigur á Frömurum á þjóðarleikvangnum í gær. Eftir dapran fyrri hálfleik liðsins var það sterkara eftir leikhléið og setti Framara í erfiða en kunnuglega stöðu.

Fram 2-3 Keflavík

Laugardal., áhorf: 713 Kristinn Jakobsson (6)

1–0 Michael Johansson, sjm (27.)
1–1 Stefán Örn Arnarsson (40.)
1–2 Hólmar Örn Rúnarsson (46.)
1–3 Hörður Sveinsson (89.)
2–3 Ingvar Ólason (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–10 (6–6)
Varin skot	Gunnar 3 – Ómar 4
Horn	3–3
Aukaspyrnur fengnar	20–14
Rangstöður	1–2

FRAM 4–3–3		KEFLAVÍK 4–4–2	
Gunnar	5	Ómar	7
Gunnar Þór	5	Gestur	6
Kristján	5	(63. Abdul Kadir	5)
Andrés	5	Johansson (sjm)	6
McLynn	4	Baldur	7
(61. Kristófer	5)	Guðjón	7
Viðar	5	Gunnar Hilmar	6
Matthiesen	7	(71. Bjarni	–)
Ingvar	6	**Hörður**	**8***
Viðir	6	Jónas Guðni	6
Andri Fannar	5	Hólmar	6
(74. Heiðar Geir	–)	Guðmundur	6
Ríkharður	4	Stefán Örn	7
(67. Ívar	5)	(85. Atli	–)

*MAÐUR LEIKSINS

SJÓÐHEITUR Framherjinn Stefán Örn Arnarsson er sjóðheitur þessa dagana og skoraði enn eina ferðina fyrir Keflavík í Dalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FÓTBOLTI Framarar byrjuðu af meiri krafti í leiknum og náðu verðskuldað forystunni á 27.mínútu þegar Andri Fannar Ottóson sendi á Víði Leifsson sem skallaði að marki en Ómar Jóhannsson varði, það vildi þó ekki betur til en svo að knötturinn skall í varnarmanninn Guðjón Árna Antoníusson og þaðan fór hann inn. Fimm mínútum fyrir leikhlé gerði Kristján Hauksson síðan slæm mistök í vörninni, Stefán Örn Arnarson slapp einn í gegn og kláraði vel.

Staðan því jöfn í leikhléi. Það var ekki nema hálf mínúta liðin af seinni hálfleik þegar gestirnir tóku forystuna en þá fékk Hólmar Örn Rúnarsson boltann og var í upplögðu skotfæri sem hann nýtti vel. Hann átti fast skot sem hafnaði í bláhorninu, óverjandi fyrir Gunnar Sigurðsson.

Á 89.mínútu kom fallegasta mark leiksins en það skoraði Hörður Sveinsson með skalla eftir frábæra fyrirgjöf frá Guðmundi Steinarssyni. Það var ekki fyrr en þá sem Framarar fóru að spila af krafti og í viðbótartíma minnkaði Ingvar Ólason muninn með skalla eftir fyrirgjöf frá Víði en markið kom of seint og Keflvíkingar fögnuðu innilega í leikslok.

„Það var frábært að fá öll stigin í þessum leik, sérstaklega miðað við spilamennskuna hjá okkur í fyrri hálfleik, við vorum ferlega slakir þá og spiluðum hreint út sagt illa. Í hálfleik áréttaði ég nokkra hluti sem við lögðum upp með og löguðum. Ég var sáttur með spilamennskuna þó við hefðum mátt ógna markinu oftar, við gerðum það þó nógu oft til að sigra," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, var ekki alveg jafn hress. „Við fengum aragrúa af færum í fyrri hálfleik sem við nýttum ekki og mættum síðan í seinni hálfleikinn með brækurnar á hælunum og fengum strax á okkur mark. Of margir hlutir klikkuðu. Við erum komnir í erfiða stöðu en alls ekki ómögulega. Við þurfum að spila heilan leik vel næst," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram.

elvar@frettabladid.is

Botnbaráttuslagurinn í Grindavík endaði með jafntefli sem liðin máttu ekki við:

Bæði lið töpuðu dýrmætum stigum

Grindavík 1-1 Þróttur

Grindavík, áhorf: 379 Gylfi Þór Orrason (6)

0–1 Halldór Arnar Hilmisson (16.)
1–1 Magnús Sverrir Þorsteinsson (68.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–14 (2–5)
Varin skot	Savic 5 – Fjalar 1
Horn	4–5
Aukaspyrnur fengnar	11–14
Rangstöður	1–2

GRINDAV. 4–5–1		ÞRÓTTUR 3–5–2	
Savic	5	Fjalar	6
Óðinn	5	Eysteinn	5
Jack	5	Jens	6
Óli Stefán	6	Jaic	4
Eyþór Atli	5	Freyr	5
(40. Óskar Örn	7)	Páll	7
Eysteinn	5	Halldór	6
Niestroj	5	Haukur	5
(90. Guðmundur	–)	(89. Erlingur	–)
McShane	5	Daníel	5
Kekic	5	Maruniak	6
Ahandour	4	Þórarinn	4
(58. Andri	4)	(81. Hallur	–)
Magnús Sverrir	**7***		

*MAÐUR LEIKSINS

FÓTBOLTI Leikur Grindavíkur og Þróttar fór rólega af stað, en bæði lið mættu nokkuð ákveðin til leiks og voru fjórir leikmenn áminntir á fyrstu 13 mínútum leiksins. Þrótturum gekk ágætlega að ná tökum á leiknum með Pál Einarsson í aðalhlutverki inni á miðjunni.

Varnarleikur Grindvíkinga var ekki nægilega góður, en þeir voru fyrir leikinn ekki búnir að fá á sig mark þrjá leiki í röð. Þróttarar komust yfir á 16. mínútu með glæsilegu marki hjá Halldóri Arnari Hilmissyni, sem skoraði með góðu langskoti efst í hægra markhornið. Eftir markið róaðist leikurinn nokkuð og var tíðindalítill fram að hálfleik.

Milan Stefán Jankovic gerði taktíska breytingu á liði sínu í seinni hálfleik, en þá spilaði hann með þrjá menn í vörn, fimm á miðjunni og tvo frammi. Þetta heppnaðist ágætlega og voru Grindvíkingar friskir til þess að byrja með. Á 68. mínútu tókst Magnúsi Þorsteinssyni að jafna leikinn eftir að Óskar Hauksson hafði lyft honum fallega inn fyrir vörnina. Magnús fékk þar boltann og náði að vippa boltanum í markið. Vel að verki staðið.

Bæði lið reyndu að spila boltanum með jörðinni og var ánægjulegt sjá það. Páll Einarsson stóð upp úr í jöfnu liði Þróttar en Magnús Þorsteinsson og Óskar Hauksson voru friskastir heimamanna. Óskar Hauksson gjörbreytti leik Grindvíkinga í seinni hálfleik. „Við vorum heppnir í dag að ná stigi. En við náðum aðeins að laga þetta í seinni hálfleik en hefðum átt að setja meiri pressu á þá síðustu mínútur leiksins."

- mh

adidas Predator Pulse II
Toppskórinn í Predator línunni frá adidas. Fótboltaskór úr kengúruleðri sem er mýksta leður sem til er. Predator tæknin sem gefur 30% meiri skotkraft og snúning en aðrir skór. PowerPulse tækni í millisólanum færir þyngdarpunktinn framar sem stuðlar að meiri krafti í skotum og sendingum. Tvískiptur sóli gerir skóinn stöðugri og þægilegri. Takkarnir henta best fyrir grasvelli.
st. 36 - 38.5
verð. 14.990 kr.

adidas Predator Pulsion
Fótboltaskór úr mjúku leðri sem aðlagast fætinum einstaklega vel. Predator tækni framan á skónum eykur skotkraft og snúning. Teygja sem heldur tungunni fastri yfir reimum.
st. 32 - 38.5
verð. 8.990 kr.

adidas Predator Pulsion
Fótboltaskór úr mjúku leðri sem aðlagast fætinum einstaklega vel. Predator tækni framan á skónum eykur skotkraft og snúning. Teygja sem heldur tungunni fastri yfir reimum. Nýr litur á skónum sem er hannaður af meistara David Beckham.
st. 32 - 38.5
verð. 8.990 kr.

Flottir fótboltaskór fyrir hressa

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

24 25 26 27 28 29 30

Mánudagur

LEIKIR

- 20.00 **Valur** mætir **KR** að Hlíðarenda í Landsbankadeild karla.
- 19.00 **Stjarnan** fær **ÍBV** í heimsókn í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 **ÍA** mætir **Keflavík** á Akranesi í Landsbankadeild kvenna.

SJÓNVARP

- 16.35 **Helgarsportið** á RÚV.
- 16.50 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 16.55 **Álfukeppnin** á Sýn.
- 19.20 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- 19.40 **Landsbankadeildin** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Landsbankadeildin** á Sýn.

Tveir sáu rautt í Árbænum:

Tryggvi reiður

FÓTBOLTI „Það eru eðlileg viðbrögð að reiðast svona þegar maður fær svona skrýtið rautt spjald," sagði Tryggvi Guðmundsson eftir leik Fylkis og FH í gær en honum og Ragnari Sigurðssyni voru sýnt rauða spjaldið að loknum viðskiptum þeirra í síðari hálfleik. Þá fóru þeir upp í skallabolta og rak Tryggvi olnbogann sinn fremur illa í Ragnar. Óviljaverk, segir Tryggvi, en Ragnar reiddist mjög og óð í Tryggva. Báðir fengu rautt sem fyrr segir.

„Hann er stærri maður en ég og vinnur skallaeinvígið. En ég fer illa í hann og hann meiðist. Sjálfsagt á ég að fá gult spjald fyrir brotið og þar á það að liggja. En hann verður svo vondur að dómarinn finnst að hann þurfi að gefa mér rautt líka til að jafna málin. Þetta er auðveld lausn á málinu fyrir dómarann en það er hundleiðinlegt að þurfa að sitja í næsta leik upp í stúku út af einhverju bulli. En maður verður að taka því eins og maður." **- esá**

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3
Verð frá kr. 5.130.000

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

LAND ROVER
GO BEYOND™

adidas Predator Pulsado
Flott Predator útlit gerir þessa skó heppilega fyrir leikmenn sem vilja líkast Gerrard, Eiði Smára og Kaká sem allir leika í Predator frá adidas.
st. 28 - 38.5
verð. **5.990** kr.

adidas Provider
Fótboltaskór úr efni sem er mjúkt og afar þægilegt. þess vegna er Provider frá adidas skór sem fer vel með fæturna auk þess að vera geðveikt flottur!.
st. 28 - 38.5
verð. **3.990** kr.

adidas®

krakka

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Lokað í dag.
Útsalan hefst á morgun
Þriðjudag kl. 10.00 40% afsláttur
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14
Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.

SMS LEIKUR
11. HVER VINNUR
INNRÁSIN HEFST 29.06.05
WAR OF THE WORLDS
SENDU SMS SKEYTIÐ JA WWF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU
GLÆSILEGUR WAR OF THE WORLDS VARNINGUR
DVD MYNDIR · COCA COLA · MARGT FLEIRA
Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin/n í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson
98.9 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

STUÐ MILLI STRÍÐA : Viljið þið að ég taki æði?

ODDUR ÁSTRÁÐSSON SAFNAÐI KÖRFUBOLTAMYNDUM OG POXI.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég fylgdist náið með úrslitakeppni NBA-körfuboltans í Ameríku og hafði gaman að. Ég hafði ekki glápt á boltann af þvílíkum áhuga síðan ég var patti. Við þetta gengdarlausa gláp rifjaðist upp fyrir mér að einhvers staðar í skúffu heima hjá mömmu á ég tugi, ef ekki hundruð körfuboltamynda. Þessu safnaði ég af áfergju þegar ég var í Meló, tók möppurnar með í skólann og bíttaði við bekkjarbræður mína. Allir nammiaurarnir fóru svo í það að kaupa myndir; Upper Deck í gulli og svona. Alltaf jafn spennandi að opna pakkann og vonast eftir einhverri hetju, jafnvel Jordan. Yfirleitt voru pakkarnir fullir af einhverjum aulahlunkum hjá Washington Bullets sem spiluðu þrjár mínútur í leik og voru með einhver 2,3 stig að meðaltali. Maður lét það ekki á sig fá enda stundum hægt að bítta svona fjórum til sex svoleiðis aulakallamyndum fyrir einn góðann hjá þeim sem minna vissu um málið. Ég hugsa að ég fari bráðum í það að leita þessar myndir uppi, svona nostalgíunnar vegna.

Einhverjum árum síðar kom svo poxið, kringlótt pappaspjöld með myndum af hljómsveitum og einhverju. Ég átti aldrei neitt sérlega mikið af poxi, ekki nema svona þrjú hundruð spjöld. Svo voru það poxsleggjurnar sem maður notaði til þess að reyna að snúa við sem flestum myndum úr misháum bunkum. Þessu fylgdu því mikil vísindi, hversu þykka eða þunna sleggju ætti að nota í hvert skipti. Og já, svo átti ég alltaf kókjójó á sínum tíma og eyddi ófáum stundum í að æfa upp trikkin; láta jójóið spinna og gera vagg og veltu eða hvað þetta hét nú allt saman.

Svo hef ég ekki tekið almennilegt æði árum saman, horfi á litlu systkini mín safna pókemon-köllum einhverjum sem ég hef ekki hugmynd um hvernig virka og hamstra kóktappa til þess að eignast jójó, eins og ég lék mér sjálfur með í gamla daga. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

© KFS/Di

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Jacko vildi riddaratign

Michael Jackson, konungur poppsins, biðlaði til Margrétar Englandsdrottningar um að hún veitti honum riddaratign, að sögn Bob Jones, fyrrum umboðsmanns popparans. Jones, sem starfaði í 34 ár fyrir söngvarann, segir að poppkóngurinn hafi verið staðráðinn í því að fá nafnbótina Sir.

„Við eyddum gríðarlegum fjárhæðum til þess að ná sambandi við fólk drottningarinnar svo hún myndi veita honum tignina," sagði Jones og bætti við: „Þau höfðu engan áhuga á því".

Jones, sem bar vitni í réttarhöldunum yfir Jackson, heldur þessu fram í nýrri bók sem hann skrifaði um líf sitt með söngvaranum. ■

MICHAEL JACKSON Vildi fá aðalstign hjá bresku drottningunni.

Skondnar staðhæfingar

Stundum láta stjörnurnar hafa eftir sér afar undarlegar fullyrðingar. Kannski ekki við öðru að búast þegar nánast hvert einasta orð sem þær láta út úr sér er skráð niður.

Það getur hins vegar verið mjög skondið að rifja nokkrar staðhæfingar þeirra upp og hér eru nokkur nýleg dæmi:

LINDSAY LOHAN

„Borið saman við aðrar leikkonur á mínum aldri er ég eiginlega of feit."

-Lindsay Lohan, sem er greinilega ekki alveg í takt við kjörþyngd raunveruleikans.

„Ég hef unnið mikið til að öðlast þennan vöxt, til að gefa eiginmanni mínum góða gjöf. Þetta er gjöf sem heldur áfram að lifa."

-Já, vonandi heldur líkami þinn áfram að lifa, Jessica Simpson.

„Aldrei spyrja konu hvort hún sé ófrísk nema þú getir beinlínis séð barnið koma út úr henni."

-Matt Dillon, um það hvernig hann forðast óþarfa kinnhesta.

„Ég verð að þekkja fólk áður en ég leyfi því að kreista á mér brjóstin."

-Pamela Anderson setur sér há viðmið.

„Enginn hefur nokkurn tímann veitt mér samkeppni."

-Paris Hilton hlýtur að fá verðlaun fyrir besta sjálfsálitið.

„Ég horfi á kvikmyndir með Brad Pitt og hugsa: „Ég er hér, hringdu í mig"."

-Katie Holmes í viðtali nokkrum dögum áður en hún kynntist Tom Cruise. ■

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

RATAÐU Á RÉTTA TÆKIÐ

Garmin StreetPilot c320 leiðsögutæki fyrir bifreiðar



Nýtt GPS kort fyrir Garmin-tæki með götum og heimilisföngum

GPS kort er vektor-kort af Íslandi fyrir Garmin GPS-tæki með leiðsöguhæfum vegagögnum um allt land, ásamt götukorti af höfuðborgarsvæðinu með heimilisföngum, 40.000 örnefnum og áhugaverðum stöðum, vatnafari, þjóðvegum, fjallaslóðum og skálaskrá. Í fyrsta sinn á Íslandi er saman komið vegakort með leiðsöguhæfum gögnum fyrir PC-tölvur, Windows Mobile handtölvur og Garmin GPS-tæki. Láttu ekki afvegaleiða þig – veldu Garmin.

Garmin Quest
Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða mótorhjólið. Fer líka vel í vasa þegar tveir jafnfljótir fara af stað.

Garmin GPSmap 60C
Níðsterkt tæki í alla útivist. Eitt með öllu!

Garmin iQue M5
Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.

www.garmin.is GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS-staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum tæki sem henta fyrir bátinn, bílinn, flugið, útivistina og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.

R.SIGMUNDSSON

Umboðsmenn Akureyri: Haftækni · Egilsstaðir: Bílanaust · Grundarfjörður: Mareind · Ísafjörður: Bensínstöðin Keflavík: Tæknivik · Reyðarfjörður: Veiðiflugan · Selfoss: Hársnyrtistofa Leifs ·Reykjavík: Arctic Trucks, Everest, Hlað, Intersport, RSH, Útilíf, Vesturröst · Fríhöfnin

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is

Thierry Henry er að fara að leika í kvikmynd. Leikstjórinn **Spike Lee** heillaðist svo af *Arsenal*-snillingnum að hann er sagður skrifa hlutverk sérstaklega fyrir kappann í nýjustu mynd sinni, *The Inside Man*. „Spike telur Thierry hafa næga hæfileika og útgeislun til að verða kvikmyndastjarna," sagði **Kaleem Aftab** vinur Lees. Thierry verður ekki í dónalegum félagsskap því aðrir leikarar í myndinni eru **Denzel Washington**, **Jodie Foster** og **Clive Owen**.

Garðyrkjumaðurinn gullfallegi úr *Desperate Housewives*, **Jesse Metcalfe**, er að sögn að gera alla brjálaða á tökustað þáttanna. Frægðin virðist hafa stigið drengnum svolítið til höfuðs og krefst hann nú þeirrar stjörnumeðferðar sem aðalleikkonurnar fá.

Leikkonan hæfileikaríka **Scarlett Johansson** lék í nýjustu mynd **Woody Allen** og leikstjórinn er víst svo heillaður af henni að eiginkonu hans stendur ekki á sama. Flestir þekkja söguna á bak við hjónaband hans, en núverandi eiginkona hans **Soon-Yi Previn** er fyrrverandi stjúpdóttir hans og áttu þau í ástarsambandi á meðan hann var giftur mömmu Soon-Yi, **Miu Farrow**. „Svona er lífið, karmað kemur alltaf og bítur þig í rassinn," sagði starfsmaður á tökustaðnum.

Láttu það eftir þér

Egill Árnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

TOM CRUISE OG KATIE HOLMES
Cruise virðist vera skapstór, því hann er ýmist í ofsagóðu skapi eða hundfúll.

Cruise reiðist í sjónvarpi

Tom Cruise lenti í rifrildi við þáttastjórnanda Today-þáttarins á NBC, Matt Lauer, á föstudag. Lauer minntist á gagnrýni Cruise á leikkonuna Brooke Shields fyrir að taka lyf við fæðingarþunglyndi, en Cruise lýsti því yfir fyrir nokkru að hann væri á móti slíkum lyfjum vegna trúar sinnar. „Þú þekkir ekki sögu geðlækninga. Ég geri það hins vegar," sagði Cruise við Lauer. Viðtalið varð eldfimara þegar þáttastjórnandinn sagði að hann þekkti fólk sem hefði notið góðs af rítalíni. „Matt, Matt, þú veist ekki einu sinni...þú ert slægur," sagði Cruise æstur. „Þú veist ekki einu sinni hvað rítalín er. Ef þú byrjar að tala um efnafræðilegt ójafnvægi þá verður þú að meta og lesa rannsóknargögnin um hvernig þeir fundu upp þessar kenningar, Matt, allt í lagi? Það er það sem ég gerði." ■

GWYNETH PALTROW
Leikkonan ætlar að þjóna tónlistarmönnunum á Live 8 tónleikunum í London.

Paltrow í þjónshlutverk

Leikkonan Gwyneth Paltrow ætlar ekki að láta sitt eftir liggja þegar Live 8 tónleikarnir fara fram á fimmtudaginn kemur. Leikkonan ætlar að bera fram te og smákökur þegar tónleikarnir fara fram í London. Paltrow ákvað þetta þegar hún heyrði að Chris Martin og félagar hans í Coldplay ættu að vera aðalnúmerið á tónleikunum í heimalandi söngvarans. ■

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You'll find the shame is like the pain, you only feel it once."

Svar:
Marquise de Merteuil úr kvikmyndinni Dangerous Liaisons frá árinu 1988.

dagskrá

Við tækið Þórdís Lilja Gunnarsdóttir er óhress með áætlanir Clints Eastwood.

Fósturjörðinni fórnað

Það er ekki alltaf viljandi sem ég horfi minna á sjónvarp yfir sumartímann. Stundum fæ ég engu breytt þegar ægisterk kvöldsólin smellir roðagylltum kossum á glugga stásslegra bygginga Efra-Breiðholtsins, en þykir mér það sjónarspil ólíkt áhugaverðara fyrir augað, því víst er Breiðholtið augnayndi.

Áður en sumarsólin máði endanlega út litríka mynd sjónvarpsskjásins horfði ég stundum á gömlu myndir Clints Eastwood á sunnudagskvöldum Skjás eins. Fannst skondin tilviljun að á sama tíma vildi Clint koma til Íslands til að taka upp hluta af nýjustu stórmynd sinni. Alveg þar til ég heyrði um umhverfisspjöllin sem óhjákvæmilega fylgdu myndsmíðinni. Var ekki skemmt að heyra íslenskar höfðingjasleikjur samþykkja fyrir sitt leyti að Clint níddi íslenska náttúru fyrir hvíta tjaldið í Hollywood.

Minntist þess að Íslendingar hafa eytt ómældum tíma og fjármunum í landgræðslu til að hefta uppblástur og eyðingu gróðurs og hlúa að landinu fyrir komandi kynslóðir til að njóta og virða.

En svo kallar Clint, og þarf að sprengja gíga í Reykjanesfólkvangi, og þá segi ég stopp. Ekki meira hórarí við fræga fólkið. Landið er dýrmætara en svo að við tökum við peningum fyrir frekari náttúruspjöll.

Þess konar linkind verður aldrei aftur tekin, að láta undan spellvirkjum hins yfirborðslega glamúrheims, því þar á bæ mun fólk ganga upp á lagið og finnast sjálfsagt að skilja eftir sviðna jörð. Verum frekar klók og öðlumst virðingu heimsins með því að gæta fósturjarðarinnar, segja nei við fræga og fína fólkið og leyfa engum að skaða hana né níða. Sýnum að við erum sjálfstætt fólk og trútt föðurlandinu.

CLINT EASTWOOD Harðjaxlinn frá Hollywood ætlar að sækja Ísland heim.

22.30 SPENNA

LOST. Í kvöld ákveður Locke að veita Boone ráðningu eftir að hann kemst að því að hann ætli að segja Sharon frá leyndarmálinu.

20.00 RAUNVERULEIKI

EXTREME MAKEOVER – HOME EDITION. Flokkur hönnuða tekur hús í niðurníðslu í gegn frá A til Ö.

21.00 TEIKNIMYND

AMERICAN DAD. Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.

22:45 SPJALL

JAY LENO. Leno fær góða gesti í heimsókn í myndverið og slær á létta strengi.

19.40 ÍÞRÓTTIR

LANDSBANKADEILDIN. Áttundu umferð er að ljúka en einn leikur er í beinni í dag.

SJÓNVARPIÐ

16.35 Helgarsportið **16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Gurra grís (8:26) **18.05** Bubbi byggir (909:913) **18.15** Pósturinn Páll (5:13)

18.30 Vinkonur (23:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
19.55 Átta einfaldar reglur (41:52) (8 Simple Rules)
20.15 Himalajafjöll (3:6) Breskir ferðaþættir þar sem farið er um Himalajafjöll með leikaranum Michael Palin úr Monty Python.
21.15 Lögreglustjórinn (The District III) Sakamálasyrpa um Jack Mannion, hinn skelegga lögreglustjóra í Washington.
22.00 Tíufréttir
▶ **22.25 Lífsháski (13:23)** (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem kemst lífs af úr flugslysi og neyðist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast.

23.05 Út og suður (9:12) **23.30** Kastljósið **23.50** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (82:150) **13.25** Race to Space **15.05** Third Watch (11:22) **16.00** Ævintýri Papírusar **16.25** Jimmy Neutron **16.50** Scooby Doo **17.10** Svampur **17.35** Froskafjör **17.40** Yoko Yakamoto Toto **17.45** Kýrin Kolla **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
19.35 Simpsons
▶ **20.00 Extreme Makeover – Home Edition (2:14)** (Hús í andlitslyftingu) Hópur valinkunnra sérfræðinga bankar upp á og ræðst til atlögu við híbýli þar sem breytinga er sannarlega þörf.
20.45 Oliver's Twist (Jamie Oliver) (Kokkur án klæða)
21.10 The Guardian (16:22) (Vinur litla mannsins 3)
21.55 MacIntyre's Millions (1:3) (Uppljóstranir)
22.40 Dancing in September (Þáttaröðin) Aðalsöguhetjan er kona sem starfar við handritsgerð. Þátturinn hennar slær í gegn og þá verður lífið nú aldeilis ljúft. Bönnuð börnum.

0.20 Shield (9:13) (Stranglega bönnuð börnum) **1.05** Las Vegas 2 (23:24) **1.50** Land og synir **3.25** Fréttir og Ísland í dag **4.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Road to Stardom With Missy Ell (1:10)
20.00 Seinfeld (1:5) .
20.30 Friends (1:24) Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.
▶**21.00 American Dad (1:13)** Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.
21.30 Íslenski listinn Jónsi í Svörtum Fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar
22.00 Kvöldþáttur Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.
22.45 David Letterman
23.30 Newlyweds, The (1:30) **23.55** Newlyweds, The (2:30) **0.20** Friends (1:24) **0.45** Kvöldþáttur **1.30** Seinfeld (1:5)

SKJÁREINN

18.00 Cheers

18.30 Djúpa laugin 2 (e)
19.15 Þak yfir höfuðið (e)
19.30 Less than Perfect (e)
20.00 One Tree Hill
20.50 Þak yfir höfuðið
21.00 The Contender Sextán hnefaleikakappar hafa verið valdir til að taka þátt í samkeppni um hver er efnilegastur. Í hverjum þætti munu tveir þeirra berjast og sá sem tapar verður sendur heim.
22.00 Dead Like Me Við rifjum upp kynnin af George og félögum hennar sálnasöfnurunum sem hafa það að aðalstarfi að aðstoða fólk við vistaskiptin úr heimi hinna lifenda í heim hinna dauðu.
▶**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum.

23.30 Da Vinci's Inquest (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.05** Óstöðvandi tónlist

SÝN

16.55 Álfukeppnin (Undanúrslit (1B-2A))

18.35 David Letterman
19.20 Landsbankamörkin Mörkin og marktækifærin úr áttundu umferð Landsbankadeildarinnar.
▶ **19.40 Landsbankadeildin** (8. umferð) Bein útsending frá áttundu umferð Landsbankadeildarinnar en þá mætast eftirtalin félög: Grindavík – Þróttur, Fylkir – FH, Fram – Keflavík, Valur – KR og ÍA – ÍBV.
22.00 Olíssport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
22.30 David Letterman Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

23.15 Landsbankadeildin (8. umferð)

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Kung Pow: Enter the Fist (B. börnum) **8.00** Brian's Song **10.00** Bounce **12.00** Monty Python's The Meaning Of Life **14.00** Brian's Song **16.00** Bounce **18.00** Monty Python's The Meaning Of Life **20.00** Kung Pow: Enter the Fist (B. börnum) **22.00** Kill Bill (Strangl. b. börnum) **0.00** Enough (Strangl. b. börnum) **2.00** The Deep End (Strangl. b. börnum) **4.00** Kill Bill (Strangl. b. börnum)

OMEGA

8.00 Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce M. **10.30** Dr. David Cho **11.00** Ísrael í dag **12.00** Ewald Frank **12.30** Freddie Filmore **13.00** Joyce M. **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Samverustund (e) **16.00** Joyce M. **16.30** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **18.00** Ron Phillips **18.30** Joyce M. **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni **21.00** Um trúna og tilveruna (e) **21.30** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Næturs jónvarp

E! ENTERTAINMENT

12.00 Fashion Police **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **15.00** Dr. 90210 **16.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** E! News Weekend **18.00** Fashion Police **18.30** Behind the Scenes **19.00** The E! True Hollywood Story **22.00** High Price of Fame **23.00** E! News **23.30** The E! True Hollywood Story **0.30** Fashion Police **1.00** Dr. 90210

AKSJÓN

7.15 Korter **21.00** Níubíó – I Went Down **23.15** Korter

POPP TÍVÍ

19.00 Game TV (e) **21.00** Kenny vs. Spenny **21.30** Íslenski popp listinn (e)

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Himalaya with Michael Palin — **Sjónvarpið 20.15**

Þetta er þriðji þáttur.

Undir háum tindum

Í kvöld er Michael Palin í vesturhluta konungsríkisins Nepal, undir 8.000 metra háum tindum Annapurna og Daulagiri, og fer í liðssöfnunarleiðangur með ofursta í gúrkha-sveit breska hersins.
Í þorpinu Lekhani eru ungir menn að búa sig undir inntökupróf í hina frægu hersveit en aðeins 250 af 25 þúsund umsækjendum eru teknir inn. Piltarnir eygja þar tækifæri til þess að verða auðmenn á mælikvarða heimamanna og stúlkurnar reyna að velja úr góðum mannsefnum.

Michael Palin í Nepal.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Messufall e.

15.03 Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala Helgadóttir og Helgi Seljan. **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Saga ljóðsins: Sigurbjörg Þrastardóttir **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.50 Auðlind **13.00** Sakamálaleikrit **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa Kóransins **14.30** Miðdegistónar **15.03** Lagt upp í ferð **16.13** Hlaupanótan

17.03 Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Laufskálinn **20.35** Kvöldtónar **21.00** Tónlist Toru Takemitsu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Seiður og hélog

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Guðrúnu Gunnarsdóttur **10.03** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

1.10 Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Beach Volley: World Championship Berlin Germany **13.00** Volleyball: World Grand Prix Tokyo Japan **14.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **15.00** Swimming: Mediterranean Games Spain **16.30** All sports: WATTS **17.00** Athletics: IAAF Grand Prix II Prague Czech Republic **19.00** Fight Sport: Fight Club **21.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **21.15** All Sports: Vip Pass **21.30** Sumo: Haru Basho Japan **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Motorsports: Motorsports Weekend **23.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.45 Teletubbies **13.10** Tweenies **13.30** Fimbles **13.50** Balamory **14.10** Yoho Ahoy **14.15** The Story Makers **14.35** Cavegirl **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** No Going Back **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Holby City **19.00** Spooks **19.50** Jonathan Creek **20.40** Table 12 **20.50** Black Cab **21.00** The Blackadder **21.30** 3 Non-Blondes **22.00** Monarch of the Glen **23.00** Killer Lakes **0.00** Accidents in Space **1.00** Rough Science

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** Gladiator Wars **14.00** The Sea Hunters **15.00** In Search of the Jaguar **16.00** Battlefront **17.00** The Real Alexander the Great **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** In Search of the Jaguar **20.00** Battlefront **21.00** The Sea Hunters **22.00** Egypt **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Battlefront

ANIMAL PLANET
12.00 Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Crocodile Hunter **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Crocodile Hunter **20.00** Miami Animal Police **21.00** Natural World **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Mamba

DISCOVERY
12.00 First Alien Encounter **13.00** Spy Master **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Stormproof **17.00** Raw Nature **18.00** Science of Lance Armstrong **19.00** Amazing Medical Stories **20.00** Trauma **21.00** Sex Sense **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Battlefield

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** European Top 20 **18.00** Switched On **18.30** Hip Hop Candy **19.00** Meet the Barkers **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Battle for Ozzfest **22.00** The Rock Chart **23.00** Just See MTV

VH1
16.00 VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Britney's Trashiest TV Moments **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Rise & Rise Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

CLUB
12.10 Design Challenge **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Single Girls **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Sex and the Settee **21.10** Sextacy **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Innertainment **23.40** Backyard Pleasures **0.05** Living Colour **0.30** Design Challenge **0.55** The Stylists **1.20** Crimes of Fashion

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.10 Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** New Spider-man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
12.05 Interiors **13.35** Fatal Memories **15.10** Brannigan **17.00** High Tide **18.40** Semi-Tough **20.25** Welcome to Woop Woop **22.00** Texasville **0.05** The Dark Half **2.05** Inside Out **3.30** A Rage to Live

TCM
19.00 The Time Machine **20.40** The Prize **22.55** The Glass Bottom Boat **0.45** The Angry Hills **2.30** Cairo

HALLMARK
12.45 Johnny's Girl **14.15** Anastasia: The Mystery of Anna **16.00** Touched by an Angel III **16.45** Go Toward the Light **18.30** Love's Enduring Promise **20.00** Just Cause **20.45** Henry VIII **22.30** Sudden Fury **0.00** Just Cause **0.45** Love's Enduring Promise **2.15** Henry VIII

BBC FOOD
12.00 Worrall Thompson **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Forever Summer With Nigella **13.30** Safari Chef **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** A Cook's Tour **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Delia Smith's Summer Collection **16.30** Tamasin's Weekends **17.00** Conrad's Kitchen: Access All Areas **17.30** The Cookworks **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** James Martin Sweet **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** The Tanner Brothers **21.30** Ready Steady Cook

DR1
12.20 Et dyrehospital i Sverige **12.50** Boogie Listen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Trolderi **16.00** Rubbadubbers **16.10** Byggemand Bob **16.20** PS Bamse **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** En dag i haven **18.00** Dyrenes verden **18.30** Sammenskudsgilde på Sçllerçd Kro **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Mistrals datter **21.10** Hunter: Tilbage i tjeneste **22.30** Jagten på de utro mænd

SV1
12.15 Maj på Malö **13.30** Sportspegeln **14.00** Rapport **14.05** Hårt arbete och skitta kalsonger **14.35** Vilda hjärtan **15.00** Stenristarna **16.00** Djurpensionatet **16.30** Nalle har ett stort blått hus **16.55** Våra djur **17.00** Lilla Smågodis **17.15** Om jag kunde flyga **17.30** Rapport **18.00** Sommartorpet **18.30** Packat & klart – sommarspecial **19.00** Mördare okänd **20.45** Rapport **20.55** Kommissarie Winter **21.55** Rally-VM: Grekland **22.40** Sändning från SVT24

HRÓSIÐ

...fær Eggert Pétursson myndlistarmaður fyrir það afrek að hljóta önnur verðlaun norrænu myndlistarverðlaunanna Carnegie Art Award 2006, fyrir sérstæð blómamálverk sem endurspegla flóru Íslands.

SÉRFRÆÐINGURINN

SIGURÐUR HELGASON VERKEFNASTJÓRI UMFERÐARÁRÓÐURS OG FJÖLMIÐLUNAR HEFUR BEYG GAGNVART KOMANDI HELGI

Varasöm ferðahelgi framundan

Komandi helgi er önnur mesta ferðahelgi ársins, þegar ungmenni á sumarvinnumarkaði fá útborguð sín fyrstu laun og skipuleggja ferðir utan við bæinn til þess að safnast saman. Til viðbótar stendur yfir hásumarleyfistími og margir sækja í sumarbústaði og fjölbreytt ferðalög.

Sigurður Helgason verkefnastjóri umferðaráróðurs og fjölmiðlunar á Umferðastofu segir komandi helgi ekki beinlínis kvíðvænlega, en beygur sé í brjóstum þeirra sem starfa við umferðamál.

„Yfir sumarið er umferð á vegum landsins mjög þung, en oft svo þung að menn hafa síður tækifæri til þess að aka hratt, sem er jákvæða hliðin á málinu. Framúr- og hraðakstur er mesta ógnin og valda flestum slysum yfir sumartímann, en aðstæður sem þessar gera skilyrði til slíks hátternis mun verri," segir Sigurður og bætir við að þjóðvegir til og frá borginni teppist gjarnan á helgum sem þessum.

„Tappar myndast á leiðinni að Hvalfjarðargöngum og austur fyrir fjall, og við ráðleggjum fólki að velja fleiri leiðir en þessar hefðbundnu um Vestur- og Suðurlandsveg, til að minnka spennu á gatnamótum þeirra. Við förum alltaf af stað í von um að allir leggist á eitt og átti sig á ábyrgðinni sem fylgir því að stjórna bíl, því sumarið er sá árstími þegar flest alvarleg slys verða."

Sigurður segir hrað- og hættulegan akstur ekki einskorast við ungt fólk, heldur fólk á öllum aldri sem ofmetur eigin ökuhæfni.

„Mín tilfinning er sú að ungir ökumenn sýni mikla skynsemi og aðgát í umferðinni, þótt í þeirra hópi finnist vitaskuld undantekningar eins og hjá öðrum," segir Sigurður, en bendir við hættu samfara auknum fjölda fellihýsa á vegunum, aukinni mótorhjólaeign og aukinna þungaflutninga.

SIGURÐUR HELGASON

„Hjólhýsin auka spennu á vegum þegar fólki finnst það fast fyrir aftan, og fleiri flutningabílum fylgir aukin hætta á slysum. Flestir mótorhjólaeigendur eru á aldrinum fjörtíu til sextíu ára, með gömul ökuréttindi. Mótorhjólaakstur er sérhæfður og krefst mikils undirbúnings. Því má lítið út af bera til að slys verði ekki, og þarf oft ekki nema lítinn stein til að illa fari, en bót er í máli að eldri hópurinn er heldur rólegri á bensíngjöfinni en sá yngri," segir Sigurður, sem hvetur alla ökumenn til að gæta ítrustu gætni á ferðalögum sínum um landið.

SIGTRYGGUR OG FÉLAGAR Sigtryggur sá tækifæri í gömlum tækjum í vararafstöðinni í Elliðaárdal.

SIGTRYGGUR BALDURSSON: VINNUR MEÐ GÖTULEIKHÚSINU

Trommar á úreld loftnet

Sigtryggur Baldursson, öðru nafni Bogomil Font, vinnur að mjög skemmtilegu verkefni þessa dagana. Hann er framkvæmdastjóri trommukvartetts sem spilar á gríðarstórar trommur sem kallast parabólur. Með honum í kvartettinum eru Steingrímur Guðmundsson, Davíð Þór Jónsson og Helgi Svavar Helgason.

Það einkennilegasta við parabólurnar er að þær voru alls ekki hugsaðar sem hljóðfæri. „Þessi kvikindi eru í formlegri eigu Fjarska sem er dótturfyrirtæki Landsvirkjunar," segir Sigtryggur og á við trommurnar.

Sigvaldi Kaldalóns Jónsson, rafeindavirki hjá Fjarska, segir parabólurnar í rauninni vera loftnet sem tekur á móti radíóbylgjum. „Þær eru margar hverjar orðnar úreldar þar sem fjarskiptin eru að breytast. Þau fara sífellt minna fram í loftinu og eru að færast yfir í ljósleiðarana í jörðinni."

Þegar Sigtryggur er spurður hvernig þetta hafi allt byrjað, þá segist hann hafa fyrst séð parabólurnar fyrir rúmu ári síðan. Hann var að spila í Elliðaárdalnum og þegar hann gekk inn í gömlu vararafstöðina þar, „brúna kumbaldann", þá var upplifunin ævintýraleg. „Þetta var svona eins og að vera Lísa í Undralandi fyrir mig sem trommara. Ég sá bara fullt af trommum í þessum gömlu tækjum og uppveðraðist allur," segir hann, en parabólurnar voru þar í geymslu. Fyrir milligöngu góðra manna, þar á meðal Kristins garðyrkjustjóra Orkuveitunnar í Elliðaárdal, fékk hann loftnetin í hendurnar. Sigtryggur segist harla lítið hafa þurft að breyta parabólunum, helst hafi aðeins þurft að strekkja dúkana.

Sigtryggur og félagar eru því búnir að vinna með parabólurnar í nokkurn tíma en þeir héldu skemmtilega sýningu ásamt Götuleikhúsinu og fleirum 17. júní. „Benóný Ægisson hafði samband við mig um samstarf við Götuleikhúsið og það gekk mjög vel," segir Sigtryggur en takturinn glumdi svo undirtók í miðbæ Reykjavíkur þegar þeir slógu trumburnar eins og berserkir við engla- og djöflasýningu Götuleikhússins.

„Tónlistinni myndi ég lýsa sem skipulagðri óreiðu," segir hann. „Hluti af prógramminu er spuni en við styðjumst samt við ákveðin form."

Þessi frumlegi trommukvartett er bara rétt að byrja og taktgeggjararnir fjórir ætla að halda fleiri tónleika í sumar. „Já, við verðum með fleiri tónleika og svo stefnum við til útlanda, hugsanlega í samstarfi við Eimskip," segir Sigtryggur.

soleyk@frettabladid.is

MYND/JORRI

GÖTULEIKHÚSIÐ Trommukvartettinn kom fram með Götuleikhúsinu 17. júní. Hér sést einn púkinn úr þeirri sýningu.

Kaffihúsastelpan í Sjónvarpinu

Sjónvarpsmyndin The Girl in the Café, sem meðal annars var tekin upp að miklum hluta hér á landi síðasta sumar, verður frumsýnd í Sjónvarpinu 9. júlí. Myndin er úr smiðju Richards Curtis sem skrifaði meðal annars handrit að myndunum Love Actually og Four Wedding and a Funeral. Hún fjallar um embættismann í breska fjármálaráðuneytinu og atvinnulausa unga konu sem hann hittir á kaffihúsi. Með þeim tekst ágætur vinskapur og býður hann henni með sér til Íslands þar sem fundur átta helstu iðnríkja heims fer fram.

Myndin verður frumsýnd á bandarísku sjónvarpsstöðinni HBO á morgun.

Handritshöfundurinn Curtis komst í hann krappan þegar hann var að kynna myndina í London fyrir skömmu en þar sakaði íslenskur blaðamaður hann um að hafa ekki kynnt sér staðhætti á Íslandi nógu vel því erlendu þjóðarleiðtogarnir lenda allir í Reykjavík en ekki á alþjóðaflugvellinum í Keflavík. ■

STELPAN Á KAFFIHÚSINU Með helstu hlutverk í myndinni fara Bill Nighy og Kelly MacDonald.



Lárétt: **1** ilma, **5** passlegt, **6** í röð, **7** ónefndur, **8** fótabúnað, **9** karlmannsnafn, **10** klaki, **12** bílaleiga, **13** mér að skapi, **15** tónn, **16** blóðsuga, **18** beljaka.
Lóðrétt: **1** annirnar, **2** tími dags, **3** tveir eins, **4** stoðirnar, **6** áfall, **8** eyða, **11** urmul, **14** eins um l, **17** tvíhljóði.

Lausn.

Lárétt: **1** anga, **5** nóg, **6** st, **7** nn, **8** skó, **9** jóel, **10** ís, **12** alp, **13** kær, **15** la, **16** igla, **18** ruma.
Lóðrétt: **1** annríkið, **2** nón, **3** gg, **4** stólparnir, **6** skell, **8** sóa, **11** sæg, **14** rf, **17** au.

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Páll Skúlason
2. Japanskir
3. 88%

X 97·7
Enginn viðbjóður

DV
Svikna eiginkonan í Garðabæ:
SVARAR BUBBA FULLUM HÁLSI
„Stend við allt sem ég sagði um Brynju"
Þorir þegar aðrir þegja!

EFTIRLÝST



Lýst er eftir Söndru Úlfsdóttur. Sandra er mjög myndarleg með skollitað hár. Hún lofaði að hringja í kærastann sinn fyrir korteri síðan, en það hefur ekkert heyrst í henni. Hann er alveg í rusli yfir þessu og spyr hvort það sé einhver annar í spilinu. Hann saknar hennar samt mjög mikið og hún má alveg hringja í hann, bara hvenær sem er. **Ef þú sérð Söndru, segðu henni að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400

SOS LÁTTU VITA AF ÞÉR

LÁN HRINGDU

SOS LÁN
Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LÁN** í síma **1400**.

SOS HRINGDU
Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.

og vodafone

Heyrumst!

Fíton / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

Síðan 1991
Gerum þök og svalagólf vatnsheld
555 7500
Málarameistari sér um þakið
Nánari upplýsingar á www.pace.is
PACE
ÞAKVIÐGERÐIR

BAKÞANKAR
PRÁINS BERTELSSONAR

Vit eða strit?

Á innan við 100 árum hafa Íslendingar brotist til allsnægta úr sárustu fátækt. Við sem fyrir nokkrum áratugum vorum í hópi snauðustu íbúa jarðarinnar og lifðum við hungur, skort og barnadauða, búum nú við meiri auðsæld en flestar aðrar þjóðir í veröldinni. Þjóðfélagið leggur áherslu á að skapa svigrúm fyrir hina sterku til að nota kraftana, en um leið ríkir hér nægileg samstaða til að halda úti öryggisneti til að forða þeim pastursminni frá því að hrapa stjórnlaust niður í hyldýpið undir þegar atgangur hinna sterku verður hvað harðastur.

SÉÐ út um dyrnar á moldarkofa hlýtur þetta þjóðfélag okkar að teljast eftirsóknarvert. Það er ekki fyrr en fólk hefur náð að seðja hungur sitt að í ljós kemur að það hefur margar og mismunandi skoðanir.

SÉÐ út um stofuglugga úr hýbýlum þess sem býr við allsnægtir má sjá marga agnúa á þjóðfélagsgerðinni og auðvelt að gagnrýna einstaka hluti og spyrja: Af hverju er þetta svona og hitt ekki hinsegin?

GREINILEGA hlýtur að hafa búið mikill kraftur í ömmum okkar og öfum og þeim formæðrum og forfeðrum sem tóku sig til og brutust á innan við 100 árum úr örbirgð til þeirra allsnægta sem við höfum átt svo auðvelt með að venjast og lítum á sem sjálfsagðan hlut. Vonandi er eitthvað eftir af þeim krafti, og vonandi hefur velsældin ekki komið okkur til að gleyma því að því Grettistaki sem þjóðin hefur náð að lyfta var lyft með samtakamætti þjóðarinnar, ekki með ómennsku afli einstakra kraftakarla.

SÖMULEIÐIS er gott að muna að meira vinnur vit en strit. Það er menntun sem auðsæld okkar byggist á.

EF við viljum halda áfram að stefna í framfaraátt ættum við að gefa gaum að orðum Páls Skúlasonar sem nú er að láta af störfum eftir einstaklega farsælan feril sem rektor Háskóla Íslands. Við útskriftarathöfn nú um helgina lét hann þess getið að sér sárnaði að Háskóla Íslands skyldi ekki vera gert það kleift fjárhagslega að standa undir því hlutverki sem lög gera ráð fyrir. Þar vantar milljarð upp á. Er vit í þessu?

ÓKEYPIS ÍSETNING Hljómtækjadeild ORMSSON er flutt í **Síðumúla 9**.

Pioneer DEH-1700R
• 4X45 W magnari • D4Q Digital RDS Móttakari • FM / AM / LW • 18 stöðva minni
• Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð kr. 17.900.-**

Pioneer DEH-3700MP --- **MEÐ MP3 SPILARA**
• 4X45 W magnari • Spilar MP3 /WMA • Útvarp með RDS • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð 23.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN
ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu